


**ERNA B. EINARSDÓTTIR**

*Með ferða- og ævin-týraþrána í blóðinu*

• heilsa

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**

**BENEDIKT S. LAFLEUR**

*Sundkappi gefur út talnaspekibók*

Davíð og Jón Ásgeir með andstæðar tölur

**FÓLK 30**



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR**

*Fær milljón krónur sænskar*

Hlýtur virt hönnunarverðlaun

**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. október 2008 — 288. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### List frá sjónarhóli barna



Fjölskyldumiðuð sýning verður brátt opnuð í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í tilefni af aldarafmæli hans.

**TÍMAMÓT 18**

### Allir verja sig og sína

Rögnu Skinner píanóleikara finnst erfitt að fylgjast með umfjöllun breskra fjölmiðla um Ísland.

**TILVERA 12**

### Flýr illsku og hótanir



Árni Snævarr hvílir sig á bloggskrifum eftir umtalaðan pistil um forsetafrúna.

**FÓLK 30**

### Grindavík vann Suður-nesjaslaginn



Grindvíkingar unnu Njarðvíkinga í Ljónagryfjunni í Iceland Express-deild karla í gærkvöld.

**ÍÞRÓTTIR 26**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI** Í dag verða norðvestan 10-18 m/s við norðaustur- og austurströndina, annars hægari. Úrkomulítið en él norðaustan til fram á kvöld. Frost víða 1-6 stig, hiti 0-4 stig syðra.

**VEÐUR 4**






# Seðlabanki Íslands gæti tapað 350 milljörðum króna

**Seðlabankinn sætir harðri gagnrýni. Stærstur hluti krafna í endurhverfum viðskiptum gæti tapast. Mikið áfall fyrir bankann, sem gæti þurft umtalsvert nýtt fé. Kröfur á Icebank fimmtánfalt eigið fé bankans.**

**EFNAHAGSMÁL** Svo virðist sem langstærstur hluti lánakrafna Seðlabanka Íslands í endurhverfum viðskiptum við banka og fjármálastofnanir hér á landi hafi tapast við hrun bankanna síðustu daga. Við meðferð skilanefnda Landsbankans, Glitnis og Kaupþings yfir í ný félög urðu kröfur Seðlabankans eftir í gömlu félögunum og má væntanlega afskrifa þær að mestu eða öllu leyti. Gríðarlegar kröfur hvíla aukinheldur á öðrum fjármálastofnunum, einkum þó Icebank – nýja Sparisjóðabankanum – vegna sams konar viðskipta og gegn veðum í öðrum bönkum sem eru orðin verðlítil. Heimildir Fréttablaðsins herma að þær nemi vart undir 150 milljörðum króna, eða fimmtánföldu eiginfé Icebank.

Samanlagt tap Seðlabankans og þar með íslenska ríkisins vegna þessara viðskipta gæti því numið um 300 til 350 milljörðum króna, eða sem nemur tæplega öllum gjaldeyrisvaraforða þjóðarinnar. Reka mætti Landspítalann í sjö ár fyrir slíka upphæð.

Seðlabankinn hefur boðið lánastofnunum vikulega að selja sér verðbréf í endurhverfum viðskiptum. Lánastofnanirnar láta þá verðbréf útgefin af öðrum fjármálastofnunum af hendi, fá peninga í staðinn frá Seðlabankanum og kaupa bréfin síðan aftur fjórtán dögum síðar á hærra verði. Gríðarlegt útlánatap Seðlabankans af þessum sökum veikir mjög fjárhagslega stöðu hans, samkvæmt upplýsingum blaðsins, og kann svo að fara að Alþingi þurfi að samþykkja að leggja honum til umtalsvert nýtt fé á næstunni. Eigið fé Seðlabankans var í árslok 2007 um 91 milljarður króna.

Sérfræðingar sem blaðið hefur rætt við segja að Seðlabankinn hafi alls ekki gætt hagsmuna ríkisins nægilega undanfarna daga. Fulltrúar bankans hafi ekki sinnt eftirlitshlutverki hjá skilanefndum við tilfærslu eigna og skulda yfir í ný félög og vanrækt að kalla eftir viðbótartryggingum þegar þess gerðist þörf og tækifæri gafst til. Þetta átti til dæmis við þegar ljóst var að lán Seðlabankans til Kaupþings upp á 56 milljarða króna, með veðum í skuldabréfum útgefnum af Landsbankanum, gætu glatast vegna falls síðarnefnda bankans.

Þá er og gagnrýnt að stórir útgefendur jöklabréfa hafi getað fært fjármuni yfir í svokölluð innistæðubréf Seðlabankans, eða skammtímaskuldabréf, undanfarna mánuði með stórfelldum hætti og eigi nú fyrir vikið kröfur á Seðlabankann og íslenska ríkið sem jafngilda um 150 milljörðum. **- bih**



**FRÁ NAUTHÓLSVÍK** Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, lét kuldann ekki aftra sér frá sundspretti í gær. Sjávarhiti mældist 6,1 gráða og lofthiti 1,6 gráður í Nauthólsvíkinni. Siv segir sjóböð afar hressandi heilsurækt auk þess sem félagsskapurinn sé með besta móti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heilsubót Sivjar Friðleifsdóttur:

## Mikil sæla að synda í sjónum

**FÓLK „Það er mjög mikil sæla sem fylgir þessu," segir Siv Friðleifsdóttir alþingismaður sem tilheyrir sístækkandi hópi landsmanna sem sækir sjósund sér til heilsubótar.**

**„Fólk verður ekki eins kulsælt og þetta hefur einnig góð áhrif á astma," segir Siv sem bætir við að öll skynjun styrkist við að fara í svo kalt bað. Hún segist í nokkur ár hafa farið í sjósund um hver áramót með hópi góðra vina. „Svo hef ég nýtt tækifærið og skellt mér í sjósund hér og þar á ferðum mínum um landið." Undanfarið hefur hún stundað sjósund vikulega í góðum hópi vina. Siv segir aðstöðu í Nauthólsvík með allra besta móti. „Eftir sjósundið hitum við okkur upp í heita pottinum og þá ræðum við pólitík og landsins gagn og nauðsynjar." - ovd**

Skógrækt ríkisins hyggst leyfa tilraunaveiði á rjúpu í þjóðskógum landsins:

# Stefnt að betri veiðimenningu

**VEIÐI** Skógrækt ríkisins hefur ákveðið að fara í tilrauna- og þróunarverkefni um sölu rjúpnaveiðileyfa í þjóðskógum landsins, einn í hverjum fjórðungi. Með verkefninu er vonast til að nýtt fyrirkomulag við veiðar hafi jákvæð áhrif á veiðimenningu hér á landi og stuðli að auknu öryggi veiðimanna.

Jón Loftsson skógræktarstjóri segir að hannað hafi verið bókunarkerfi á netinu sem verður notað í tilraunaverkefni á komandi rjúpnaveiðitímabili sem hefst 1. nóvember. „Með þessu viljum við reyna að bæta veiðimenningu hér á landi; menn virði eignarétt, landamerki og það fólk sem er að veiða á sama svæði. Menn kaupa sér einfaldlega svæði, eins og dag í laxveiðiá, og þar gilda ákveðnar reglur. Þetta er hálfgerð villimennska í dag; menn vaða um án þess að kanna hvort svæðið er almenningur eða eignarjörð."



**Í FÆRI** Skógræktin ætlar að opna fyrir rjúpnaveiði í löndum upp af þjóðskógum. MYND/DANÍEL BERGMANN

Vonast er til að landeigendur sjái sér hag í að vera þátttakendur í verkefninu í framtíðinni og skrái sín lönd á vefinn og þar með stækki svæðið þar sem fyrirkomulagið er aðgengilegt og öruggt. Gistihúsaeigendur eða fólk sem rekur bændagistingu í nágrenni veiðisvæðanna komi einnig til með að bjóða fram þjónustu sína. Jón gerir ráð fyrir að veiðileyfin verði seld á þrjú til fjögur þúsund krónur fyrir hverja byssu. Verkefnið er að erlendri fyrirmynd.

Davíð Ingason, varaformaður Skotveiðifélags Íslands, telur verkefnið vera jákvætt, eðlilegt sé að skotveiðimenn hafi aðgang að ríkisjörðum. „Eina hættan er að einstakir menn kaupi upp veiðirétt til lengri tíma. Aðalatriðið er að vel sé að þessu staðið." **- shá**




## SPURNING DAGSINS



*Halla, áttu hvergi höfði þínu að halla?*

„Jú, jú. Halla fer til margra halla og eldar fyrir alla, til undrunar sinna stalla. Ekki er hún fyrr komin innan um kalla en hafi hún handa hafist við að malla.“

Leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir er nú heimilislaus í London eftir að leigusali hennar, W. Ahmed, trassaði að borga skuldir sínar við hið opinbera.

Tzipi Livni fær lengri frest til stjórnarmyndunar í Ísrael:

# Illa gengur að mynda stjórn

**ÍSRAEL, AP** Tzipi Livni, arftaki Ehuds Olmert, fær tvær vikur í viðbót til að mynda ríkisstjórn.

Í gær rann út fjögurra vikna frestur sem Livni hafði til að tryggja nýrri ríkisstjórn nægan meirihluta á þingi. Nauðsynlegt er að stjórnin hafi öruggan meirihluta, að öðrum kosti væri enginn möguleiki á að hún gæti samið við Palestínumenn, sem yrði þó helsta verkefni stjórnarinnar.

Livni tók í síðasta mánuði við af Olmert sem leiðtogi Kadima-flokksins, en hann sagði af sér vegna spillingarmála sem rekin eru á hendur honum fyrir dómstólum. Olmert er þó áfram forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar sem starfar þar til ný stjórn hefur verið mynduð.



**TZIPI LIVNI OG SHIMON PERES** Peres forseti veitti henni lengri frest. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Takist Livni ekki að mynda stjórn þarf að boða til þingkosninga.

Livni hefur reynt að halda í núverandi stjórnarflokka, og hefur þegar tryggt sér áframhaldandi stjórnarþátttöku Verkamannaflokksins. Einnig er líklegt að hún haldi Lífeyrisþegaflokknum, en óvissan er mest um Shas-flokkinn, sem er flokkur rétttrúaðra gyðinga.

Shas-flokkurinn hefur staðið harður á móti því að veita Palestínumönnum tilkall til hluta Jerúsalemborgar, en án samnings um framtíðarstöðu Jerúsalem er útilokað að gera friðarsamninga við Palestínumenn. **- gb**

Landsbanki Íslands:

# Í sama flokki og al-Kaída

**VIÐSKIPTI** Landsbanki Íslands er á sérstökum lista breska fjármálaráðuneytisins yfir þá sem viðskiptabann nær yfir.

Meðal annarra á lista fjármálaráðuneytisins eru hryðjuverkamenn og fjármagnsaðilar hryðjuverkasamtaka eins og al-Kaída, aðilar frá Íran, Írak og Líberíu.

Rúmlega 7.400 einstaklingar og stofnanir eru á þessum lista. Einu vestrænu aðilarnir á listanum sem ekki eru taldir tengjast hryðjuverkasamtökum, eru Landsbankinn og fjölskylda Slobodans Milosevic, fyrrverandi forseta Serbíu. **- ss**

Utanríkisráðherra:

# Ræðir vanda við vinaþjóðir

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræddi ítarlega við Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, um helgina. Fyrir liggur vilji Norðmanna til að liðsinna Íslandi vegna stöðunnar í efnahagsmálum, en forsenda liðsinnis er samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og á hið sama við um aðrar vinaþjóðir Íslendinga. Jonas Gahr Störe er væntanlegur hingað til lands í opinbera heimsókn í byrjun nóvembermánaðar.

Þá ræddi Ingibjörg Sólrún við Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakka, á laugardag. Fullvissaði Kouchner Ingibjörgu Sólrúnu um vináttu Frakka og samstöðu í þeirri erfiðu stöðu sem Ísland er í núna. Ráðherrarnir tveir ákváðu að hittast eins fljótt og því yrði við komið og dagskrá þeirra leyfði. **- shá**

Lögreglan á Akureyri:

# Fíkniefnasali tekinn höndum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri handtók fyrir helgi tæplega tvítugan mann með tvö grömm af amfetamíni í fórum sínum. Í kjölfarið fundust þrjú grömm af kókaíni og þrjú grömm af kannabisefnum við húsleit á heimili hans. Maðurinn viðurkenndi að hafa selt og dreift fíkniefnum á Akureyri.**

**Nýverið gerði lögreglan einnig húsleit í íbúð á Akureyri. Þar var lagt hald lagt á sex kannabisplöntur í ræktun. Tveir voru handteknir í tengslum við málið sem telst upplýst.**

**Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800 5005 þar sem koma má á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.** **- jss**



**ÁRÁSARSTAÐURINN** Mennirnir réðust á lögreglumennina á þessum stað í Hraunbænum. Þeir eru búsettir Í Hraunbæ og víðar á höfuðborgarsvæðinu.

# Þekkt ofbeldisgengi réðst á lögregluna

**Mennirnir sem réðust á tvo lögreglumenn í Hraunbæ tilheyra ofbeldisgengi sem margoft hefur komið við sögu lögreglunnar á undanförnum árum, meðal annars vegna ítrekaðra hópslagsmála. Sjö manns sitja nú inni vegna málsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Menn úr hópnum sem réðst á tvo lögreglumenn í Hraunbæ aðfaranótt sunnudags hafa margoft komið við sögu lögreglu hér á landi, einkum vegna ofbeldisbrota. Um er að ræða gengi Filippseyinga, sem kom meðal annars við sögu í síendurteknum átökum hópa í Breiðholti fyrir nokkrum árum. Að auki var í hópnum nú einstaklingur frá Nepal. Sumir þessara manna eru íslenskir ríkisborgarar, aðrir ekki. Þeir eru á þrítugs- og fertugsaldri.

Lögreglumennirnir tveir fóru í hús í Hraunbæ, þar sem nágrannar höfðu kvartað undan hávaða. Lögreglumennirnir ræddu við húsráðendur og yfirgáfu húsnæðið að því búnu. Einn þeirra sem voru í húsinu elti þá og réðst á þá. Er þeir ætluðu að handtaka árásarmanninn, réðust sex félagar hans á þá með höggum og spörkum. Annar lögreglumaðurinn, kona, var með kylfu og úða. Hinn lögreglumaðurinn, sem er afleysingamaður, hafði ekki lokið prófi og var því ekki með réttindi til að bera kylfu og piparúða. Hann hlaut skurð á höfuð sem sauma þurfti saman. Báðir lögreglumennirnir voru með skrámur og mar eftir högg og spörk. Þeir voru bornir ofurliði í átökunum en náðu að ýta á neyðarhnapp á talstöð og barst því liðsauki eftir örfáar mínútur. Árásarmennirnir voru þá flúnir, en lögreglan hafði fljótlega upp á sjö þeirra. Sá áttundi gaf sig svo fram nokkru síðar.

Fjórir árásarmannanna voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald þar til á miðvikudag. Hinum fjórum var sleppt. Síðdegis í gær handtók svo lögregla á höfuðborgarsvæðinu þrjá menn til viðbótar, sem eru taldir hafa átt hlut að árásinni.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur þessi hópur komið oft við sögu lögreglu á undanförnum árum. Þar má nefna slagsmálaöldu í Breiðholti árið 2003, þegar tveimur hópum laust saman í Eddufelli, sem endaði með að menn meiddust. Skömmu síðar var ráðist á ungan mann við Select í Breiðholti og hann barinn með hafnaboltakylfu. Hann slasaðist töluvert.

Fáeinum dögum síðar braust hópur manna inn hjá ungum manni. Hann var barinn með golfkylfu og allt brotið og bramlað innandyra, áður en mennirnir létu sig hverfa.

Ofbeldismennirnir hafa síðan haldið hópinn og verið fyrirferðarmiklir.

Norska krónprinsessan:

# Datt og fékk heilahristing

**NOREGUR Mette-Marit, krónprinsessa Noregs, er rúmliggjandi í Kænugarði í Úkraínu og verður að aflýsa opinberri heimsókn þar í landi eftir að hafa dottið þegar hún var á leið í heimsókn hjá samtökum sem vinna að málstað fólks með HIV eða AIDS, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK.**



**METTE-MARIT**

**Mette-Marit var rannsökuð eftir fallið og kom þá í ljós að hún er með vægan heilahristing. Hún verður því að vera rúmliggjandi í tvo daga. Þar sem heimsókninni til Úkraínu lýkur á miðvikudag er útséð með að krónprinsessan geti haldið heimsókninni áfram.** **- ghs**

Lögmaður Tryggingasjóðs:

# Er ekki með endurtryggingu

**EFNAHAGSMÁL** „Sjóðurinn er ekki með endurtryggingu,“ segir Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður Tryggingasjóðs innstæðueigenda.

Fram kom í blaðinu á dögunum að ætla megi að innistæður í stóru bönkunum þremur hafi numið yfir 4.000 milljörðum króna um mitt árið, mest erlendis. Því mætti búast við að yfir 40 milljarðar ættu að vera í tryggingasjóðnum. Þar eru nítján milljarðar króna nú.

„Bankarnir eru ekki í vanskilum við sjóðinn,“ segir Eiríkur Elís, sem bendir á að ekki eigi að gera upp fyrr en 1. mars, fyrir almanaksárið á undan.

Þá hafi verið gert upp við sjóðinn vegna ársins 2007. **- ikh**

**Bókhald I**

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Námið er metið til eininga.

**Helstu kennslugreinar:**
Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Kennsla hefst 23. október og lýkur 5. desember.
**Morgunnámskeið:** Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl 8.30 - 12.
**Kvöld- og helgarnámskeið:** Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 18-21.30 og laugardaga kl 9 - 12.30.

Lengd: 100 kennslustundir. Verð: 94.000,- Allt kennsluefni innifalið.

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík
www.isoft.is • Sími 511-3080

Gjaldeyrisviðskipti enn í lamasessi og uppsagnir yfirvofandi í verslun og þjónustu:

# Ekki hægt að mæla tjónið

**VIÐSKIPTI** Viðskipti milli Íslands og Bretlands voru í sama ólaginu í gær og í síðustu viku, þrátt fyrir sérstakar aðgerðir Seðlabanka Íslands og yfirlýsingu stjórnvalda í Bretlandi sem ætlað var að liðka fyrir eðlilegu fjármagnsstreymi milli ríkjanna. Þá er gjaldeyrir enn skammtaður.

„Þetta hefur ekkert batnað,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. „Fyrirtæki hafa orðið fyrir gríðarlegu tjóni sem ekki er hægt að mæla. Viðskiptasambönd hafa trosnað, greiðslufrestur felldur niður og staðgreiðslu krafist. Ofan á þetta bætist gríðarleg veiking á gengi krónunnar,“ segir Andrés sem sér fram á hrinu uppsagna í verslun og þjónustu fyrir mánaðamót. „Menn reyna að tóra og hagræða eins og þeir lifandi geta en við óttumst uppsagnahrinu. Spurningin er aðeins hversu stórkostleg hún verður.“

Andrés furðar sig á að yfirlýsing breska stjórnvalda hafi ekki liðkað fyrir viðskiptum og segir engu líkara en að þrátt fyrir hana séu Íslendingar enn höndlaðir sem hryðjuverkamenn.

Margvísleg vandamál fylgja lömuðum milliríkjaviðskiptum. Útflutningsfyrirtæki sem ekki hafa fengið greitt fyrir vörur sínar gætu til dæmis lent í erfiðleikum með að greiða út laun um næstu mánaðamót. Innflytjendur í almennri verslun gætu svo staðið frammi fyrir að fá ekki jólavörur til landsins sem er ávísun á gríðarlegt tekjutap. **- bþs**



**ANDRÉS MAGNÚSSON** Stórkostleg vandræði blasa við fyrirtækjum í verslun og þjónustu vegna erfiðleika í viðskiptum milli ríkja.

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

## Allir notaðir bílar í ábyrgð !



**Toyota Aygo**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 34.000 km
Verð: 1.320.000 kr. Skr.nr. KK-945



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 04.06 Ekinn: 45.000 km
Verð: 1.610.000 kr. Skr.nr. TM-713



**Toyota Corolla H/B**
1400 Dísel 5 gíra
Á götuna: 10.06 Ekinn: 27.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. SJ-130



**Toyota RAV 4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 60.000 km
Verð: 3.120.000 kr. Skr.nr. BI-542



**Toyota RAV 4 2WD**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 04.04 Ekinn: 64.000 km
Verð: 1.600.000 kr. Skr.nr. OM-460



**Toyota Yaris**
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. LS-464



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 51.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. TJ-971



**Toyota RAV 4**
2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.05 Ekinn: 30.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. YR-809



**Toyota Previa W/G**
2400 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.04 Ekinn: 80.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. MK-985



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 18.000 km
Verð: 6.350.000 kr. Skr.nr. AL-848



**Toyota Prius**
1500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. OU-719



**Toyota Corolla S/D**
1600 Bensín 5 gíra MM
Á götuna: 06.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.520.000 kr. Skr.nr. ZT-385



**Toyota Avensis S/D**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 46.000 km
Verð: 2.710.000 kr. Skr.nr. RA-263



**Toyota Corolla S/D**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 52.000 km
Verð: 1.980.000 kr. Skr.nr. KI-665



**Toyota Auris**
1600 Bensín 5 gíra MM
Á götuna: 07.07 Ekinn: 12.000 km
Verð: 2.690.000 kr. Skr.nr. IU-875



**Toyota Auris**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 42.000 km
Verð: 1.970.000 kr. Skr.nr. KI-445

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 44010 10.2008

## GENGIÐ 20.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,56 | 112,1 |
| Sterlingspund | 194,52 | 195,46 |
| Evra | 150,08 | 150,92 |
| Dönsk króna | 20,133 | 20,251 |
| Norsk króna | 17,062 | 17,162 |
| Sænsk króna | 15,222 | 15,312 |
| Japanskt jen | 1,0934 | 1,0998 |
| SDR | 169,66 | 170,68 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
200,5673

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óvissa ríkir um eignastöðu og hvaða verðmætum tekst að bjarga úr bönkunum:

# Enn óljóst hvað nýju bankarnir eiga

**ALÞINGI** Ekki er enn frágengið hvaða eignir verða færðar úr gömlu viðskiptabönkunum þremur yfir í nýju bankana sem stofnaðir hafa verið á grunni þeirra. Að sama skapi ríkir mikil óvissa um hvaða verðmætum hægt verður að bjarga.

Þetta kom fram á fundi viðskiptanefndar Alþingis með skilanefndum bankanna, bankastjórum Nýja Glitnis og Nýja Landsbankans og fulltrúum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda í gærmorgun.

„Það ríkir enn mikil óvissa um þetta og efnahagsreikningarnir liggja ekki fyrir," sagði Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, eftir fundinn. „Hins vegar er ljóst að eignir verða ekki seldar á brunaútsölu."



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON** Eignir bankanna verða ekki seldar á brunaútsölu.

Starfsstefna bankanna til framtíðar hefur ekki verið mótuð en Ágúst segir bankastjórana hafa ítrekað á fundinum að tími ofurlauna sé liðinn. Jafnframt að þeir geri ekki ráð fyrir miklum breytingum á starfsmannahaldi á næstunni.

Viðskiptanefnd fundar aftur síðar í vikunni og ætlar meðal annars að fjalla um hugsanlega málssókn á hendur breskum stjórnvöldum vegna yfirtöku á félögum Kaupþings í Bretlandi. „Við erum að reyna að fá botn í það mál og þá hvort skilanefndin, fyrrverandi eigendur eða stjórnvöld munu reka málið." **- bþs**

Útlendingar á leið úr landi:

# Taka kaupleigubíla með sér

**LÖGREGLUMÁL** Erlendir ríkisborgarar sem flytja frá Íslandi hafa í nokkrum tilvikum tekið með sér bíla sem þeir hafa haft á kaupleigusamningi.

Nýverið leitaði fjármögnunarfyrirtæki til alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra eftir að hafa komist að því að nýlegir bílar í eigu fyrirtækisins voru um borð í Norrænu á leið til Noregs og Danmerkur. Alþjóðadeild tókst í samvinnu við norska ríkislögreglustjórann, lögregluna í Bergen og skipstjóra Norrænu að koma í veg fyrir að eigendur töpuðu bílunum. Bílarnir verða fluttir með Norrænu hingað. **- jss**

Beðinn um að hætta ekki:

# Friðrik áfram í Landsvirkjun

**ORKUMÁL** Friðrik Sophusson verður áfram forstjóri Landsvirkjunar í allt að tvö ár þótt hann hafi ætlað að hætta um áramótin. Auglýst var eftir nýjum forstjóra og frestur til að sækja um framlengdur einu sinni áður en stjórn Landsvirkjunar bað Friðrik að halda áfram.



**FRIÐRIK SOPHUSSON**

„Við þessar aðstæður telur stjórn Landsvirkjunar afar brýnt að viðhalda traustum samskiptum við helstu viðskiptavini og lánardrottna fyrirtækisins. Þar skipta persónuleg tengsl og góð viðskiptasambönd meginmáli," segir stjórnin.

Alls sóttu 55 um forstjórastarfið. Nokkrir voru kallaðir í viðtal áður en „aðstæður í þjóðfélaginu breyttust á svipstundu". **- gar**

Mistök í kosningaslag:

# Rússar neituðu McCain um lán

**BANDARÍKIN, AP Rússar hafa neitað bandaríska forsetaframbjóðandanum John McCain um fé til stuðnings kosningabaráttu hans. Og gátu ekki stillt sig um að hlæja svolítið í leiðinni.**

**Sendiráði Rússlands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York barst beiðnin nýverið, en augljóst þótti reyndar að þarna hafi einhver í stuðningsliði McCains sent til Rússanna dreifibréf, sem ekki hafi átt að berast þangað.**

**Rússneska sendiráðið tók samt fram í yfirlýsingu sinni að rússneskir embættismenn fjármögnuðu ekki stjórnmálastarf í öðrum löndum. - gb**

# Búist við að semjist við sjóðinn í dag

**Reiknað er með að samningar náist um efnahagsaðstoð við Íslendinga í dag frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fleirum. Hagfræðiprófessor telur veikt gengi næstu ára gagnast sjávarútvegi sem ætti að taka þátt í að endurgreiða lánið.**

**EFNAHAGSMÁL** Búist er við að samningar náist um lán til Íslendinga frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fleiri aðilum í dag. Seðlabankar Japans og Norðurlandanna eru þar nefndir til sögunnar. Óljóst er á þessari stundu hver lánsupphæðin verður.

Breska blaðið Financial Times sagði frá því í netútgáfu sinni í gær að um sex milljarða dollara lán væri að ræða, þar af kæmi rúmlega milljarður frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að í viðræðum við sjóðinn hafi talan 1,5 milljarðar dollara borið á góma.

Sendinefnd frá sjóðnum hefur verið hér um hríð og hafa fulltrúar hennar verið starfsmönnum Seðlabankans til aðstoðar í þrengingunum.

Vidar Korsbeg Dalsbö, upplýsingafulltrúi norska seðlabankans, vildi, í samtali við Stavanger Aftenblad í gær, hvorki játa því né neita að bankinn kæmi að lánveitingum til Íslendinga.

Í gær komst sá kvittur á kreik að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn krefðist þess að ríkið ábyrgðist ekki hærri innlán en sem nemur þremur milljónum króna. Jón Þór Sturluson, segir ekkert til í þeim orðrómi. „Nei, það er af og frá. Það hefur engin krafa komið frá sjóðnum um neitt hámark þar á."

Jón Þór segir frétt Financial Times ekki nógu nákvæma. „Hún er byggð á leka, en augljóslega ekki nægum upplýsingum," segir Jón. Hann segir lánsupphæðina ekki vera komna á hreint.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við HÍ, segist vona að samningar náist sem fyrst. „Sex milljarðar dollara samsvara hálfri landsframleiðslu og er ágætis byrjun."



**SEÐLABANKINN** Búist er við því að samningar náist við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og nokkra seðlabanka í dag. Rætt er um sex milljarða dollara lán. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**JÓN ÞÓR STURLUSON**



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

Þórólfur segir þó mikilvægast hvaða ráðstafanir verði gerðar hér. „Menn eru að leggja grundvöll að efnahagsstefnu næstu ára og það þarf að skapa viðskiptaafgang sem stendur undir láninu. Við munum búa við veikt gengi sem mun til dæmis gagnast sjávarútveginum. Það væri því kannski eðlileg krafa að hann kæmi að því að greiða lánið niður."

Ráðamenn hafa ítrekað að þau skilyrði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setji ráði miklu um hvort við hann verður samið. Financial Times segir að sjóðurinn muni ekki krefjast þess að Íbúðalánasjóður verði einkavæddur eða dregið verði úr velferðarkerfinu. Jón Þór vildi ekkert segja um möguleg skilyrði sjóðsins.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**FORSETI ÍSLANDS** Sagði Íslendinga geta sótt fram til nýrra og betri tíma.

Forsetinn heimsækir HA:

# Mikilvægi menntunar

**SAMFÉLAGSMÁL Samræður um hvernig Íslendingar geta treyst undirstöður efnahagslífs og samfélags, var meðal þess sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lagði áherslu á í heimsókn sinni til Háskólans á Akureyri í gær.**

**Hann sagði Íslendinga geta sótt fram til nýrra og betri tíma, nýtt margvíslegar auðlindir landsins og fjölþættan mannauð sem þjóðin býr yfir.**

**Þá lagði forsetinn ríka áherslu á mikilvægi menntunar á erfiðum tímum og sagði framtíðina bjarta vegna þeirrar kynslóðar sem nú er að alast upp. - ovd**

## NÁTTÚRA

### Jörð skalf í Öxarfirði

Jarðskjálfti sem mældist 4,2 á Richter varð klukkan 02.35 í gær í Öxarfirði. Skjálftinn varð um sautján kílómetra vestur af Kópaskeri. Jarðskjálftans varð meðal annars vart í Laxárvirkjun. Veðurstofa Íslands segir að yfir 40 eftirskjálftar hafa þegar mælst, þeir stærstu tæplega þrjú stig á Richter.

## VINNUMARKAÐUR

### Forsetakjör á föstudag

Ársfundur ASÍ verður haldinn á fimmtudag og föstudag undir yfirskriftinni Ungt fólk og framtíðin. Á föstudagsmorgun fer fram forsetakjör ASÍ en í framboði eru Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, og Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri.


Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Pevaryl® , Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fáanlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**LÆGÐAGANGUR Í VIKUNNI**
Það verður hið fínasta veður á landinu í dag en best er að njóta þess því að á morgun kemur lægð upp að SV-ströndinni með talsverðri úrkomu um landið sunnan og vestanvert. Á fimmtudag má búast við krappari lægð sem fylgir fremur stífur vindur.



Á MORGUN
3-10 m/s.

FIMMTUDAGUR
Stíf suðlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Billund | 13° |
| Ósló | 11° |
| Stokkhólmur | 13° |
| Gautaborg | 13° |
| London | 13° |
| París | 15° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Berlín | 18° |
| Alicante | 24° |
| Mallorca | 24° |
| Basel | 20° |
| Eindhoven | 15° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Ertu að leita að góðum innlánsvöxtum?

## 7,70% innlánsvextir á verðtryggðum sparnaðarreikningi

- Betri innlánsvextir
- Öruggur sparnaður
- Engin lágmarksupphæð



S24 …og þú hagnast

M.v. vaxtatöflu S24
21. 10. 2008

Sæktu um... www.s24.is

533 2424 – Sætún 1

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú hætt við utanlandsferð vegna kreppunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,3% |
| Nei | 54,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að Bretar sjái um loftrýmiseftirlit við Ísland?*

Segðu þína skoðun á vísir

Segir skilmála gjaldeyrissjóðsins óhagfellda og undrast forgangsröð stjórnvalda:

# Ríkisstjórnin játar sig sigraða

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, furðar sig á að stjórnvöld hafi óskað eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins áður en leitað var til nágrannaríkja. Sú staðreynd sé til vitnis um að ríkisstjórnin hafi játað sig sigraða enda jafnan litið svo á að aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé síðasta úrræðið sem ríkisstjórnir hafi til að koma efnahags- og peningamálum sínum í lag.

Steingrímur segir erfitt fyrir þróuð ríki að undirgangast skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins enda hugsi sjóðurinn ekki um hagsmuni almennings. „Ég hef grun um að hann ætlist til að við greiðum allar óreiðuskuldir bankanna í útlöndum, hann þvingi fram að vextir verði áfram háir og beiti sér fyrir því að lítill sem enginn halli verði á ríkissjóði. Þessi atriði eru óhagfelld almenningi,“ segir Steingrímur.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** telur skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins óhagfellda almenningi.

Í gær birtist grein eftir Steingrím í norska dagblaðinu Aftenposten þar sem hann óskar eftir aðstoð norskra stjórnvalda svo Ísland þurfi ekki á hjálp frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að halda. Aðspurður segir Steingrímur hafa fengið talsverð viðbrögð við greininni, ekki síst frá norskum blaðamönnum. Steingrímur kveðst vita að norsk stjórnvöld myndu taka vel í ósk um að aðstoða Íslendinga en þau aðhafist ekkert nema formleg málaleitan berist. - bþs

Fjármálakreppan:

## Listamaður aflýsir sýningu

**NOREGUR** Björg Þórhallsdóttir, myndlistarmaður í Noregi, hefur aflýst myndlistarsýningu í Reykjavík vegna kreppunnar. „Það er ekkert vit að setja fullt af peningum og orku í ferðalag til Íslands til að halda sýningu þegar fólk óttast að geta ekki keypt bleiur,“ hefur norska ríkisútvarpið eftir henni.

Íslenskir listamenn munu finna fyrir kreppunni á undan öðrum. „Björg Þórhallsdóttir ætlar að bíða með sýninguna í nokkur ár en hún er samt bjartsýn fyrir hönd íslenskra listamanna,“ segir í frétt norska ríkisútvarpsins. - ghs




**FORSETINN Í FARARBRODDI** Evo Morales í mótmælagöngu. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir þúsunda Bólivíubúa:

## Krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu

**BÓLIVÍA, AP** Evo Morales, forseti Bólivíu, fór í fararbroddi mótmælagöngu inn í höfuðborgina La Paz, þar sem tugir þúsunda stuðningsmanna hans kröfðust þess að þjóðþing landsins efndi til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá.

Nýja stjórnarskráin myndi veita frumbyggjum landsins aukin völd. Stjórnarskrárbreytingin fæli einnig í sér að Morales mætti bjóða sig fram til endurkjörs þegar núverandi kjörtímabil rennur út.

Sjálfur er Morales úr röðum frumbyggja sem lengi hafa mátt lúta yfirráðum hins auðuga minnihluta afkomenda aðfluttra Evrópumanna. - gb

Lögregan á Keflavíkurvelli:

## Þrír hælisleitendur í Keflavík

**LÖGREGLUMÁL Lögregla og tollverðir á Keflavíkurflugvelli fengu til meðferðar mál þriggja manna í gær.**

**Einn þeirra kom frá Ósló í Noregi og óskaði hann eftir hæli við komuna til landsins. Annar maðurinn framvísaði skandinavísku vegabréfi og kom hann að sögn lögreglu að öllum líkindum frá Svíþjóð eða Danmörku. Þriðji maðurinn kom frá París en hann, ásamt öðrum manninum, var á leið til Torontó í Kanada. Rannsóknarlögregla fer með mál mannanna.** - ovd

# Barist um leigjendur

**Leiguverð hefur lækkað um fimmtán til tuttugu prósent frá því í ágúst segir eigandi Húsaleigu.is. Leigumiðlanir merkja gríðarlega aukningu á framboði leiguhúsnæðis. Grundvallarbreyting er að verða á leigumarkaði í Reykjavík.**

**BÚSETA** Leiguverð hefur gefið eftir um fimmtán til tuttugu prósent frá því í ágúst að mati Svans Guðmundssonar, löggilts leigumiðlara hjá Húsaleigu.is. „Frá því eftir verslunarmannahelgi hefur orðið geysileg aukning á bæði leigjendum og íbúðum til leigu hjá okkur. Umferð um vefinn hefur tvöfaldast á milli mánaða á þessum tíma,“ segir hann. Hann bætir við að meira komi inn af eignum en leigjendum einmitt núna. Það rekur hann meðal annars til þess að leigjendur bíði átekta þar sem þeir búist við lækkandi verði.

Guðlaugur Örn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri leigumiðlunarinnar Leigulistans, segist merkja gríðarlega aukningu í framboði eigna. Sú þróun hafi átt sér stað frá því um síðustu áramót. Eftirspurnin aukist ekki að sama skapi. „Nú erum við með á skrá margfalt fleiri íbúðir en í fyrra. Þær voru yfirleitt um 250. Núna eru þær yfir sjö hundruð.“ Hann segir þá grundvallarbreytingu hafa orðið á leigumarkaðnum að nú séu margir leigusalar um hvern leigjanda. Það hafi verið öfugt ekki alls fyrir löngu.

Grundvallarbreyting er því að verða á leigumarkaðnum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hafa um 80 til 85 prósent íslenskra fjölskyldna og einstaklinga verið í húsnæði í eigin eigu.

Tíu til fimmtán prósent hafi hins vegar verið í leiguhúsnæði. Viðbúið er að þetta breytist. Gera má ráð fyrir að stærri hópur en nokkru sinni muni leigja í stað þess að kaupa íbúð á næstu misserum.

Gert er ráð fyrir að framboð íbúða verði áfram töluvert meira en eftirspurnin. Þar spilar meðal annars inn í að margir sem hafa keypt nýjar íbúðir hafa ekki náð að selja þær gömlu og neyðist til að leigja þær út. Þá eru verktakar að koma inn á markaðinn með íbúðir sem þeir hafa ekki náð að selja.

Nær ómögulegt er að segja til um hversu margar íbúðir eru til leigu í Reykjavík. Hvergi er slíkt yfirlit að finna. Félagsmálaráðuneytið heldur utan um allar umsóknir um húsaleigubætur. Það gefur hins vegar engan veginn rétta mynd af fjölda leiguíbúða, enda margir sem gefa leiguna ekki upp til skatts og enn fleiri sem sækja ekki um húsaleigubætur. holmfridur@frettabladid.is



**BLOKKIR VIÐ MIKLUBRAUT Í REYKJAVÍK** Bæði eftirspurn og framboð eftir leiguhúsnæði í Reykjavík hefur tekið kipp á undanförnum mánuðum. Framboðið er þó meira en eftirspurnin og því er spáð lækkandi leiguverði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vandamál bankanna tefja:

## Stoðir áfram í greiðslustöðvun

**EFNAHAGSMÁL Stoðir óskuðu í gær eftir framlengdri greiðslustöðvun til 20. janúar næstkomandi en þriggja vikna greiðslustöðvun félagsins rann út í gær.**

**Héraðsdómur hefur vikufrest til að afgreiða málið. Samkvæmt síðasta uppgjöri voru skuldir 265 milljarðar króna. Þrír stærstu lánadrottnar Stoða eru Glitnir, Kaupþing og Landsbankinn en vegna þjóðnýtingar þeirra og erfiðleika hafa lítil færi gefist til að fara yfir vandamál fyrirtækisins. Búist er við að sú vinna fari fram næstu daga.** - ovd



**ÞEISTAREYKIR** Boranir eiga að hefjast næsta sumar.

Skipulagsstofnun:

## Grænt ljós á tilraunaboranir

**UMHVERFISMÁL** Hægt verður ráðast í tilraunaboranir við Kröflu og Þeistareyki næsta sumar, þrátt fyrir úrskurð umhverfisráðherra um heildstætt mat á umhverfisáhrifum vegna álversframkvæmda á Bakka.

Þeistareykir ehf. og Landsvirkjun hafa til þessa talið að úrskurður ráðherra tefði tilraunaboranir um eitt ár. Skipulagsstofnun hefur nú sent Þeistareykjum ehf. og Landsvirkjun bréf, þar sem fram kemur að leggja þurfi fram tillögu að matsáætlun til stofnunarinnar fyrir rannsóknarboranirnar. Stefán Thors skipulagsstjóri segir að þar með verði hægt að bora við Þeistareyki og Kröflu næsta sumar. - shá






# Sæktu þér aukinn styrk

## - fjölbreytt og áhugaverð námskeið í október og nóvember

### STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Sönn leiðtogahæfni: Jákvæður starfsandi
– Að auka jákvæðni og vinnugleði
**haldið 23. október**

Verkefnastjórnun – þitt val: Samningaviðræður
**haldið 27. október**

Fjarvistastjórnun: Greining fjarvista og aðgerðir til úrbóta
**haldið 4. nóvember**

Verkefnastjórnun – þitt val: Verkefni og verkefnastjórnun
**haldið 4. nóvember**

Teymisvinna: Stjórnun og starf í teymum
**hefst 5. nóvember**

Verkefnastjórnun – þitt val: Grunnatriði áætlanagerðar í verkefnum
**haldið 5. nóvember**

Sönn leiðtogahæfni: Jákvæð breytingastjórn
– Að virkja fólk í breytingum
**haldið 6. nóvember**

Virk þátttaka almennings og hagsmunaaðila
í tengslum við ákvarðanatöku
**hefst 6. nóvember**

Streitustjórnun: Orsakir, forvarnir og úrbætur
**haldið 11. nóvember**

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
**hefst 12. nóvember**

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Verðmat fyrirækja
**haldið 24. október**

Reiknuð laun í eigin atvinnurekstri
**haldið 29. október**

Excel – Veltitöflur
**haldið 5. nóvember**

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Börn eru klár
**hefst 29. október**

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Verkefnastjórnun, skipulagning og áætlanagerð
**hefst 4. nóvember**

Ónæmi baktería gegn sýklalyfjum
**haldið 5. nóvember**

Einstaklingsmiðuð öldrunarþjónusta
**haldið 13. nóvember**

Tóbaksvarnir
**hefst 13. nóvember**

### LÖGFRÆÐI

Tvísköttunarsamningar - staða gagnvart landslögum,
virkni og beiting
**haldið 29. október**

### MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

New York í sögu og samtíð
**hefst 22. október**

Silkileiðin
**hefst 28. október**

Vönduð íslenska - framhaldsnámskeið
**hefst 29. október**

Tjáning og tilvist: expressionismi í myndlist
og tilvistarstefnu
**hefst 30. október**

Eðli siðskiptanna
**hefst 3. nóvember**

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
**hefst 4. nóvember**

Lög og réttur fyrir 50+
**hefst 6. nóvember**

Schubert og Schumann – Meistarar ljóðasöngsins
**hefst 12. nóvember**

Bóleró og mambó og allt þar á milli
– kúbönsk tónlist á tuttugustu öld
**hefst 17. nóvember**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444
endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða fyrrverandi ráðherra George Bush hefur lýst yfir stuðningi við Obama?*

2 *Hver hélt útgáfutónleika í Fríkirkjunni nýverið?*

3 *Hver var valin best kvenna í úrvalsdeild í knattspyrnu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Nýju bankastjórarnir gefa engar upplýsingar um ráðningarkjör og eignatilfærslu:

# Svara engu um laun og eignir

**ATVINNULÍF** Bankastjórar Nýja Landsbankans og Nýja Glitnis svara engu um launakjör innan bankanna tveggja.

Elín Sigfúsdóttir, bankastjóri Nýja Landsbankans, vísaði á starfsmannastjórann Atla Atlason sem kveðst engu vilja svara um þau kjör sem starfsmönnum eru boðin. Enn sé verið að ræða við Landsbankafólk um áframhaldandi störf.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Nýja Glitnis, hefur ekki svarað skilaboðum Fréttablaðsins. Í viðtali í sjónvarpsþættinum Markaðnum á laugardaginn sagði Birna aðeins að ekki yrði um ofurlaun að ræða. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þjóðast starfsmönnum nýju bankanna hvorki kaupréttarsamningar né bónus á borð við það sem tíðkast hefur síðustu árin hjá vissum hópi.



ELÍN SIGFÚSDÓTTIR



BIRNA EINARSDÓTTIR

Óljóst er hvort þessir starfsmenn ganga að verulega skertum kjörum eða kjósi að hverfa til annarra starfa. Litlum sögum fer af því að menn fái sambærileg störf í útlöndum enda er bent á að kreppa sé einnig í bankaheiminum erlendis.

Þá hafa heldur engin svör borist frá nýju bönkunum um eignir sem flytjast til þeirra frá forverunum. Fyrirspurn um þetta var send bönkunum á miðvikudag í síðustu viku. **- gar**

12 tónar finna fyrir gengisruglinu:

# Útlendingar kaupa mikið

**TÓNLIST „Sú staða gæti komið upp að við færum að borga með tónlistinni," segir Lárus Jóhannesson, annar eigenda plötubúðarinnar 12 tóna. „Við tökum sveiflur með inn í okkar áætlanagerð og veltum þeim ekki út í verðlagið. Nú er hins vegar mjög erfitt að gera áætlanir, enda vitum við ekki við hvaða gengi á að miða."**

**Ein jákvæð hlið er þó á málinu. Í 12 tóna koma nú útlendingar í stríðum straumum og spara ekki við sig geisladiskana, enda nokkuð ódýrir hér á landi um þessar mundir – fyrir aðra en Íslendinga. - hhs**

Sigurður Kári Kristjánsson:

# Vín í búðir og leyft að auglýsa

**ALÞINGI** Fram eru komin á Alþingi frumvörp um að sala á léttu víni og bjór verði heimil í almennum verslunum og að leyft verði að auglýsa bjór og léttvín.



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er fyrsti flutningsmaður beggja frumvarpa.

Bæði hafa verið lögð fram nokkrum sinnum áður, frumvarpið um söluna fimm sinnum og frumvarpið um auglýsingarnar þrisvar sinnum. Þau hafa ekki hlotið afgreiðslu á fyrri þingum. **- bþs**

Finnskir ferðamenn:

# Herramenn migu á styttu

**FINNLAND Hópur finnskra ferðamanna tók sig til um daginn og meig um hábjartan dag á sjálfstæðisstyttu Eistlendinga til minningar um sjálfstæðisstríðið 1918-1920, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.**

**Sjónarvottar segja að rúta hafi stöðvað við styttuna sem er gegnt lögreglustöðinni á eyjunni Saaremaa, út hafi komið sjö drukknir herramenn og sex þeirra hafi raðað sér hringinn í kringum styttuna og migið á hana.**

**Því miður er engin eftirlitsmyndavél fyrir framan lögreglustöðina og því ekki hægt að sekta mennina. Hámarkssekt er 383 evrur. - ghs**

Tryggingarsjóður innstæðna:

# Steingrímur vill allt upp á borð

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, hefur lagt fram fyrirspurn í tíu liðum til viðskiptaráðherra um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur vill meðal annars vita hvernig greiðslum í sjóðinn hefur verið háttað frá árinu 2000, hlutfall raunverulegra inngreiðslna og ábyrgðaryfirlýsinga og hvort komið hafi til vanskila að inngreiðslum.

Þá spyr hann um fjárfestingarstefnu sjóðsins og hvort hann hafi tapað fé sem ávaxtað var í erlendum hlutabréfum. **- bþs**

# Obama vill Powell sér til ráðgjafar

**Barack Obama slær enn eitt metið í fjáröflun til kosningabaráttu sinnar. Hann fagnar stuðningi Colins Powell og segir koma til greina að bjóða honum stöðu í ríkisstjórn sinni. Obama er enn með gott forskot á McCain.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, forsetaefni bandarískra demókrata, segir hugsanlegt að repúblikaninn Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra í stjórn George W. Bush, fái veigamikið hlutverk í stjórnartíð sinni, fari svo að Obama verði næsti forseti Bandaríkjanna.

Eftir að Powell hafði lýst yfir stuðningi sínum við framboð Obama, sagði Obama að Powell yrði einn af ráðgjöfum sínum, en varðandi það hvort Powell fái formlega stöðu í ríkisstjórninni, þá er það „nokkuð sem við þurfum að ræða".

Obama sagðist einnig fagna því, ef Powell vildi taka þátt í kosningabaráttu sinni: „Það er augljóst, að ef hann vill mæta þá er honum boðið hvenær sem er."

Aðeins hálfur mánuður er til forsetakosninganna. Samkvæmt skoðanakönnunum er Obama enn með gott forskot á mótframbjóðanda sinn, John McCain, sem hefur jafnt og þétt misst fylgi undanfarnar vikur.

Obama hefur auk þess enn einu sinni slegið met í fjáröflun til kosningabaráttu sinnar. Í september öfluðust 150 milljónir dala í sjóði Obama, en hann afþakkaði í sumar opinberan stuðning til kosningabaráttu sinnar.

John McCain átti 47 milljónir dala í kosningasjóðum sínum í byrjun október. Í september varði hann 37 milljónum dala í kosningabaráttu sína. McCain þiggur opinbera styrki til kosningabaráttu sinnar, en verður í staðinn að takmarka eyðslu sína til framboðsins. Síðustu tvo mánuðina fyrir kosningarnar má McCain ekki eyða meira en 84 milljónum dala, en Obama er aftur á móti frjálst að verja eins miklu fé til kosningabaráttunnar og honum sýnist. Obama ætlar að gera víðreist um Flórída þessa viku. Lengi vel var talið að McCain væri nokkuð öruggur með sigur í í því ríki, en undanfarið hefur staða Obama styrkst þar. Flórída er fjölmennt ríki sem hæglega gæti ráðið úrslitum í forsetakosningunum í nóvember.



**Á KOSNINGAFUNDI** Barack Obama ávarpar stuðningsmenn í Norður-Karólínu. Obama hefur gott forskot á mótherja sinn, John McCain, nú þegar tvær vikur eru til kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

McCain er aftur á móti staddur í Missouri, þar sem hann taldi sig sömuleiðis lengi vel eiga vísan sigur, en á þar nú í vök að verjast.

Úrslit kosninganna í Bandaríkjunum ráðast ekki af heildarmagni atkvæða, sem hvor frambjóðandi fær, heldur af heildarfjölda þeirra kjörmanna, sem kosið er um í hverju ríki fyrir sig.

Samkvæmt útreikningum fréttastofunnar AP á Obama nokkuð vísan stuðning samtals 264 kjörmanna, en McCain þykir nokkuð öruggur með stuðning 185 kjörmanna. Í sex ríkjum Bandaríkjanna, sem samanlagt eru með 80 kjörmenn, gætu úrslitin fallið á hvorn veginn sem er. **gudsteinn@frettabladid.is**




**JOHN MCCAIN** Frambjóðandi Repúblikana hefur átt í vök að verjast að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FORSÆTISRÁÐHERRAR** Geir H. Haarde, forsætisráðherra ásamt Yves Leterme, forsætisráðherra Belgíu, á fundi þeirra á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gramir í garð Breta:

# Bretar ekki óvelkomnir

**UTANRÍKISMÁL** „Það er ekkert skrítið að menn séu gramir í garð Breta en við höfum ekki sagt NATO að Bretar séu óvelkomnir hingað," segir Geir H. Haarde forsætisráðherra. Hann segist ekki vilja blanda umræðum um loftrýmisgæslu við Ísland við umræður um efnahagsmál. Geir telur ummæli Össurar Skarphéðinssonar, starfandi utanríkisráðherra, byggð á misskilningi en Össur sagði á föstudaginn að það myndi misbjóða Íslendingum ef Bretar tækju að sér loftrýmisgæsluna eins og til stendur. **- ovd**

**BARNAVERNDARMÁL**

## Fækkar um rúm tíu prósent

Tilkynningum í barnaverndarmálum fækkaði um rúm tíu prósent á fyrri helmingi þessa árs samanborið við fyrstu sex mánuði ársins í fyrra. Á vef Barnaverndarstofu segir að fækkunina megi einkum skýra með fækkun tilkynninga frá lögreglu. Tilkynningum fækkar úr 4.383 í 3.940 en flestar tilkynningar, 51,4 prósent eru vegna áhættuhegðunar barna.

**Neytendur:** Bakarameistarinn segir verðbólgunni stríð á hendur og lækkar vörutegundir:

# *Vilja sjá vísitöluna snarlækka*



**KJARTAN GUÐMUNDSSON** Staðgengill umboðsmanns neytenda

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

„Nú er bara næst á dagskrá að fá olíufélögin og fleiri með okkur í baráttuna og þá sjáum við vísitöluna snarlækka," segir Vigfús Kr. Hjartarson, framkvæmdastjóri Bakarameistarans. Fyrirtækið hefur tilkynnt að það hafi sagt verðbólgunni stríð á hendur með lækkun ýmissa vöruflokka.

Að sögn Vigfúsar gerir Bakarameistarinn sér grein fyrir að ef ekki verði komið böndum á verðbólguna án tafar muni það þýða gríðarlega lífskjaraskerðingu fyrir íslensku þjóðina. Ekki megi á nokkurn hátt líta á lækkanirnar sem verðstríð við önnur bakarí eða verslanir heldur sé ætlunin fyrst og fremst sú að ýta við fólki og fyrirtækjum og sýna gott fordæmi sem gæti orðið öðrum fyrirtækjum hvatning.

Aðgerðirnar sem um ræðir eru eftirfarandi: Í öllum verslunum Bakarameistarans er hafin sala á Íslandsbrauði, sem er stórt og milligróft brauð sem kostar 199 krónur, en sambærileg brauð kostuðu áður um 390 krónur, að sögn Vigfúsar. Þá hefur verðið á hinum séríslensku snúðum verið lækkað úr 190 krónum í 99 krónur, og súpa og brauð með smjöri kostar nú 399 krónur í stað 690 króna áður.

Bakarameistarinn hefur einnig heitið því að draga úr innflutningi eins og frekast er unnt, til að hrófla sem minnst við gjaldeyrisforða Íslendinga.



**BRAUÐMETI** Hafin er sala á Íslandsbrauði í verslunum Bakarameistarans. Stykkið kostar 199 krónur.

# NÍTRÓ ÚTSALAN ER HAFIN

**ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR**



Flottar húfur, hanskar o.fl. o.fl.



Hjálmar, allt að 40% afsláttur

Hjálmar og annar öryggisbúnaður á tilboði



**VENTO TRITON – verð 199.000 kr.** – verð áður 220.000 kr.
50 cc, tvígengis, sjálfskipt, loftkælt, 5 hestöfl, 94 kg.



Láttu drauminn rætast á góðu hjóli



Dekk og aukahlutir á ótrúlegu verði

**ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN**



**TERRAMOTO (motorcross) – verð 159.900 kr.** – verð áður 180.000 kr.
125 cc, fjórgengis, 4 gíra, loftkælt, 9,5 hestöfl, 66 kg.



Kraftmikil fjórhjól á lágmarksverði

**MÓTORSPORT JÓLAGJAFIR**
Leðurjakkar, gallar, peysur, ofl. ofl.



Jakkar, allt að 70% afsláttur

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220. WWW.NITRO.IS
Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Höfn, Reyðarfirði og Ólafsvík.

NITRO

Fiton/SÍA



**FJÖLDASKÍRN Í JÓRDAN** Þessur kristnu pílagrímar frá Brasilíu gerðu sér ferð til Ísraels nú í vikunni til að láta skíra sig í ánni Jórdan. NORDICPHOTOS/AFP

Öldur lægðar við sjávarlóðir hjá Skógtjörn á Álftanesi:

# Hætt við umdeilda fjörustíga

**SKIPULAGSMÁL** „Þessu var mjög vel tekið," segir Sigurður Magnússon, bæjarstjóri á Álftanesi, sem á fimmtudagskvöld kynnti breytingar á umdeildri tillögu um skipulag við Vestur-Skógtjörn.

Íbúar á Skógtjarnarsvæðinu gerðu margir athugasemdir við fyrirhugað deiliskipulag. Fyrst og fremst voru eigendur húsa á sjávarlóðum ósáttir við áform um göngustíga í fjörukambinum. Sigurður bæjarstjóri segir að strandstígar hafi lengi verið á aðalskipulagi en að slíkt sé viðkvæmt þar sem gömul og þétt byggð sé fyrir.

„Eftir að hafa hlustað á íbúana tókum við ákvörðun um að leggja ekki stíga í fjörkantinum heldur gera það sem kallað er stiklur. Þær leiða fólk um ströndina með upplýsingum um náttúrufar og það sem gaman er skoða á svæðinu án þess að raska jarðvegi með því að leggja stíga," útskýrir Sigurður.



**FUNDARMENN Á ÁLFTANESI** Kynningarfundur sem Sigurður Magnússon bæjarstjóri boðaði til um deiliskipulag Vestur-Skógtjarnarsvæðis var mjög vel sóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Uppnám varð á fundinum þegar eigendur sjávarlóðar í Miðskógum 8 gerðu harða hríð að bæjarstjóranum vegna deilu við bæjaryfirvöld sem ekki hafa viljað heimila byggingu húss á lóðinni. Sló í svo heiftarlega brýnu að margir gestir hurfu af fundinum sem leystist upp í kjölfarið.

„Íbúarnir voru ósköp leiðir yfir því hvernig þetta fólk kom fram en það má segja að það hafi verið búið að kynna flest af því sem þurfti," segir bæjarstjórinn. **- gar**

Kröfur ungra jafnaðarmanna:

# Námsmenn treysta á lán

**STJÓRNMÁL Ungir jafnaðarmenn krefjast þess að ríkisstjórnin tryggi að námsmönnum verði gert kleift að kaupa gjaldeyri. Þá vilja þeir að reglum LÍN verði breytt og að námslán verði greidd út mánaðarlega.**

**Þeir gera jafnframt þá kröfu að lánin haldi í við verðbólgu. Ljóst er að lánin munu lækka að raunvirði verði ekkert aðhafst.**

**Í ályktun sem ungir jafnaðarmenn hafa sent frá sér segir að háskólamenntað fólk muni gegna lykilhlutverki í uppbyggingu landsins og því sé mikilvægt að hvetja fólk til náms erlendis. - ks**

Veglegar gjafir á Skagann:

# Flóttafólk fær vetrarfatnað

**SAMFÉLAGSMÁL** 66° Norður hefur gefið flóttafólkinu á Akranesi hlýjan vetrarfatnað.

Að sögn mun fólkið afskaplega fegið aðstoðinni. Það voru þær Shyamali Gitosh verkefnisstjóri og Anna Lára Steindal framkvæmdastjóri sem tóku á móti gjöfunum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fyrirtækið lætur gott af sér leiða með fatagjöfum, meðal annars hafa Mæðrastyrksnefnd á Akureyri og Fjölskylduhjálpin fengið fatnað gefins. **- þg**

**STJÓRNMÁL**

## Kynjajafnræði í bankaráðum

Stjórn kvennahreyfingar Samfylkingarinnar skorar á forystu flokksins og ríkisstjórn að hafa jafnræði kynja að leiðarljósi við skipan í bankaráð hinna nýju banka.

Leiðtogi innflytjendaklíku í Danmörku hefur lausn á deilunni við Hell's Angels:

# Fer fram á framsal og skaðabætur

**DANMÖRK** Átökin milli Hell's Angels og nokkurra innflytjendaklíkna í Danmörku virðast engan enda ætla að taka. Að minnsta kosti þremur byssukúlum var skotið á höfuðstöðvar Hell's Angels á Svanevej í Kaupmannahöfn á mánudagskvöld. Enginn særðist í árásinni.

Deilurnar milli gengjanna hófust formlega í ágúst með morðinu á hinum nítján ára gamla Osman Nuri Dogan, sem var skotinn niður í Tingbjerg-hverfinu. Síðan hafa átökin geisað linnulítið og hafa gengin meðal annars gripið til skotvopna og handsprengna.

Í síðustu viku sagði Danny Abdalla, leiðtogi innflytjendaklíkunnar Den Internationale Klub (DIK), sem afplánar nú átta ára dóm fyrir ofbeldi og fjárkúgun, að átökin gætu aðeins tekið enda ef Hell's Angels framseldu þrjá meðlimi sína sem grunaðir eru um morðið á Dogan. Abdalla vill þó ekki selja Vítisenglana í hendur lögreglunnar, heldur innflytjenda í Tingbjerg-hverfinu þar sem Dogan var skotinn, því þeir eigi rétt á að ákveða hver örlög morðingjanna verði. Abdalla vill auk þess að Hell's Angels greiði fjölskyldu Dogans skaðabætur upp á fjórar milljónir danskra króna, andvirði um 73 milljóna íslenskra króna.

Talsmenn Hell's Angels láta ekkert hafa eftir sér um málið. **- kg**



**UPPHAF ÁTAKANNA** Osman Nuri Dogan var myrtur í Tingbjerg-hverfinu í Kaupmannahöfn. Leiðtogi DIK-klíkunnar vill að þeir sem grunaðir eru um morðið verði framseldir til íbúa hverfisins. MYND/TEITUR JÓNASSON



Anand kominn með tveggja vinninga forskot:

# Kramnik tapaði á ný

**SKÁK** Vladimír Kramnik beið ósigur í fimmtu skák heimsmeistaraeinvígisins við Viswanathan Anand. Heimsmeistarinn Anand er því kominn með tveggja vinninga forskot.

Kramnik á aðeins eftir að vera með hvítt í þremur skákum og hann hefur aldrei unnið Anand með svörtu í kappskák, það er skák með löngum umhugsunartíma. Staða hans er því orðin erfið.



**ANAND** Vann aftur með svörtu í gær.

Kramnik var með hvítt og tefldi sömu byrjun og í þriðju skákinni sem hann tapaði einnig. Anand varð fyrri til að breyta út af þeirri skák og var Kramnik fljótt kominn með verri tíma.

Kramnik sást síðan yfir glæsilega mannsfórn Anands og gafst upp eftir 34 leiki. **- pal**

Dósent við HÍ gerir athugasemd við BHM:

# Ekki boðaðir á málþing

**VINNUMARKAÐUR** Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við HÍ, sendi nýlega aðildarfélögum BHM tölvupóst þar sem hann bendir á að enginn fulltrúi frá Háskóla Íslands, „sem hefur jú í 50 ár verið „útungunarstöð“ fyrir BHM og helsta miðstöð háskólamenntunar á Íslandi“, sé á fyrirhuguðu afmælismálþingi BHM, Farseðill til framtíðar.

„Mér þykir það einkennilegt þegar BHM er að halda upp á 50 ára afmæli með málþingi um menntun að þá skuli enginn vera frá Háskóla Íslands til að tala,“ segir Gylfi.

Í tölvupósti sínum bendir hann á að rektor Háskólans í Reykjavík og formaður Samtaka atvinnulífsins séu með innlegg og varpar því fram hvort þetta sé „fyrirboði um framtíðina – ekki bara farseðill – hver veit…,“ segir í tölvupóstinum.

Gylfi segist hafa fengið mikil viðbrögð, fólki þyki þetta athyglisvert. Hann bendir á að HÍ eigi marga góða menn til að flytja erindi á svona málþingi. Undarlegt þyki til dæmis að formaður SA tali þarna en SA hafi gagnrýnt hið opinbera fyrir að þenjast út og að opinberir starfsmenn séu of margir.


**GYLFI DALMANN AÐALSTEINSSON.**

Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM, segir að óskað hafi verið eftir því við rektor HÍ að hann ávarpaði samkomuna en hann hafi neitað. „Mér þykja þetta undarlegar athugasemdir,“ segir hann. „Ætli þeir sem tala á málþinginu hafi ekki hlotið hluta sinnar menntunar við HÍ.“

Stefán bendir á að BHM sé bandalag háskólamanna, ekki bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins. Horft hafi verið til þess að þeir sem flytji ávörp hafi eitthvað fram að færa. **- ghs**









## „ORÐRÉTT“

*Kaldur vogunarsjóður*

**„Hver vissi að Ísland væri bara vogunarsjóður með jöklum.“**

THOMAS L. FRIEDMAN, DÁLKAHÖFUNDUR NEW YORK TIMES, UM ÁSTAND EFNAHAGSMÁLA.
Fréttablaðið, 20. október

*Til í að tala*

**„Ég hef ekki verið hlynntur Evrópusambandsaðild en ég er áhugamaður um umræðuna.“**

BJARNI HARÐARSON ALÞINGISMAÐUR UM UMRÆÐUR UM EVRÓPUSAMBANDSAÐILD HJÁ FRAMSÓKNARFLOKKNUM.
Fréttablaðið, 20. október

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA DÍS SIGURÐARDÓTTIR MATSFRÆÐINGUR

## Nýtur lífsins í ódýrri líkamsrækt

„Það er allt fínt að frétta af mér. Ég eyði miklum tíma með dætrum mínum þessa dagana en einnig fer nokkur tími og orka í að vinna og svipast um eftir framtíðarstarfi,“ segir Helga Dís Sigurðardóttir, matsfræðingur og skipuleggjandi námshelga fyrir fólk um og yfir miðjum aldri.

„Núna er ég í óða önn að kynna námshelgi í Reykholti 28. til 30. nóvember og blæs á allar hrakspár um dræma þátttöku vegna efnahagsþrenginga. Ég hef sett saman þrjú metnaðarfull námskeið og er meðal annars í samvinnu við Snorrastofu um námskeið um Snorra Sturluson og Reykholt. Einnig er boðið upp á jóganámskeið og svo er ég að leggja lokahönd á heimasíðuna hugleidir.is,“ segir Helga Dís, sem greinilega hefur nóg að gera.



„Annars er allt í góðu gengi. Ég nýt lífsins með fjölskyldunni og stunda ódýra líkamsrækt, meðal annars með því að ganga með eldri dótturina í skólann á hverjum morgni. Svo fer ég í sund með vinkonum mínum endrum og eins.“

Spurð hvort ferðalög séu á döfinni býst Helga Dís ekki við því frekar en margir aðrir þessa dagana. „Ég fór alla leið til Makedóníu í brúðkaup vinkonu minnar í sumar og það var frábær upplifun, en frekari utanlandsferðir eru ekki planaðar á næstunni. Svo fer ég í annað brúðkaup á morgun og hlakka mikið til,“ segir Helga, sem má ekki við meira spjalli því hún þarf að drífa sig að taka þátt í fjöldatrommuslætti á Ingólfstorgi.

## MYNDASAGAN

### ALDAGÖMUL SKEMMTUN



■ Erfitt er að segja hvenær fyrsta teiknimyndasagan var gerð, enda má nefna hellamálverk og egypskt myndletur sem nokkurs konar teiknimyndasögu. Svisslendingurinn Rodolphe Töpfer hefur verið nefndur faðir teiknimyndasögunnar. Hann var uppi á 19. öld og var upphafsmaður andhetjuhefðarinnar.

Árið 1933 komu fyrstu myndasögublöðin út í Bandaríkjunum og Tinni leit dagsins ljós 1934 í Frakklandi. Á seinni hluta aldarinnar blómstruðu franskar/belgískar sögur um Ástrík, Sval og Val og Viggó viðutan, svo einhverjir séu nefndir.

## SJÓNARHÓLL
NÝ SAMFÉLAGSGILDI

### *Samkennd og heilbrigð útrás*

Margir eru sannfærðir um að gjörningaveðrið sem gengur yfir Ísland um þessar mundir eigi eftir að leiða til róttækra breytinga. En í hverju ættu þær verið fólgnar? „Það sem ég held að fari verst með fólk er óvissan,“ segir Hrafnhildur Heba Júlíusdóttir háskólanemi. „Ég held að það hafi aldrei verið brýnna en einmitt núna að standa vörð um velferðarkerfið, og sjá til þess að grunnstoðir íslensks samfélags hvíli áfram á gömlum grunngildum á borð við samtryggingu og samkennd.“



HRAFNHILDUR HEBA JÚLÍUSDÓTTIR

Hrafnhildur Heba segir að á sama tíma sé mikilvægt að reisa íslenskt efnahagslíf til vegs og virðingar á ný. Íslendingar ættu að leggjast í rækilega sjálfsskoðun og kanna hvað þeir hafa í raun og veru fram að færa. „Gleymum ekki að kaupsýslumenn eru ekki þeir einu sem hafa verið í útrás, það hafa íslenskir listamenn verið líka og þótt fjármálageirinn hafi siglt í strand verður það sama ekki sagt um listirnar. Þess vegna ættum við að halda áfram að styðja við bakið á listamönnum, tónlistarmönnum og þar fram eftir götunum. Það er heilbrigð útrás til lengri tíma litið.“

# Allir að verja sig og sína

**Ragna Skinner, píanókennari í Manchester, er meðlimur hljómsveitarinnar Sisters of Transistors sem nýlega hefur hlotið umfjöllun helstu tónlistartímarita Breta. Henni þykir erfitt að fylgjast með neikvæðri umfjöllun breskra fjölmiðla um Ísland en kann vel við sig í Englandi og er ekki á heimleið á næstunni.**

„Það var svolítið erfitt að horfa upp á neikvæða umfjöllun um Ísland í sjónvarpinu á hverjum degi og óþægilegt að hafa áhyggjur af fjölskyldu og vinum heima á Íslandi. Svo fjalla íslenskir fjölmiðlar á neikvæðan hátt um Breta í þessari fjármáladeilu. Það eru allir að verja sig og sína. Fjölmiðlar hafa svo mikil völd,“ segir Ragna Skinner píanókennari og meðlimur hljómsveitarinnar Sisters of Transistors sem fengið hefur jákvæða umfjöllun helstu tónlistartímarita Bretlands upp á síðkastið. Ragna hefur verið búsett í Manchester í Norður-Englandi í nærri tíu ár.

Sisters of Transistors er skipuð fjórum stelpum sem spila á orgel frá sjöunda og áttunda áratugnum, auk trommarans Grahams Massey sem gerði garðinn frægan með Manchester-sveitinni 808 State á tíunda áratugnum. 808 State vann töluvert með Björk á sínum tíma, hélt tónleika á Íslandi og var meðal annars í miklu uppáhaldi hjá öðrum kunnum Manchester-búa, Noel Gallagher, höfuðpaur Oasis.

Ragna segir sveitina, sem leikur framsækna diskóhústónlist með brimbrettaívafi, hafa orðið til vegna sameiginlegs áhuga meðlimanna á hljóðgervlum og gömlum hljómborðum. „Graham hefur komið sér upp safni af slíkum hljóðfærum, sem hann kallar SMMOKT (South Manchester Museum of Keyboard Technology). Það er bannað að leika á hljóðfæri sem eru yngri en þrjátíu ára í hljómsveitinni, en að öðru leyti er þetta mjög afslöppuð sveit. Við hittumst venjulega yfir tebolla á þriðjudagsmorgnum heima hjá Graham og spilum í svona tvo tíma. Við erum öll að dunda okkur við aðra hluti og því er tónleikahald oft óreglulegt,“ segir Ragna.

Fyrsta smáskífa sveitarinnar, This is Music, kom út fyrir stuttu hjá plötufyrirtækinu Floor Bangers í London. Samhliða því var gert myndband við lagið „The Don“, sem er gert í þrívídd og því fylgja þrívíddargleraugu með smáskífunni. Sveitin hefur hlotið töluverða umfjöllun hjá breskum fjölmiðlum og lög hennar meðal annars verið leikin á útvarpsstöðvum BBC auk umfjallana í víðlesnum tónlistartímaritum á borð við Q, Uncut og NME.

Ásamt því að spila með Sisters of Transistors sinnir Ragna píanókennslu í fullu starfi. Hún segist vera píanókennari upp á gamla mátann, hjóli um bæinn og kenni í heimahúsum auk þess að kenna nokkra daga í viku í litlum tónlistarskóla í úthverfi Manchester. Hún á von á sínu fyrsta barni í byrjun desember með kærasta sínum David sem er frá Þýskalandi. Hún hyggur því á gott jólafrí áður en hljómsveitin fer í hljóðver til að taka upp plötu sem kemur líklega út í apríl. Spurð hvort til greina kæmi að flytjast aftur til Íslands býst Ragna varla við því í bráð. „Endrum og eins hellist yfir mig söknuður eftir fjölskyldu og vinum, en ég leysi það með heimsóknum til Íslands þrisvar til fjórum sinnum á ári. Ég kann afskaplega vel við mig í Manchester og samheldnin hér er mikil. Ég er því ekki á heimleið strax að minnsta kosti. En það væri gaman ef einhver tónleikahaldarinn vildi fá okkur til að spila á Íslandi,“ segir Ragna. Því er hér með komið á framfæri.

kjartan@frettabladid.is



**Í MANCHESTER** Ásamt því að spila með Sisters of Transistors kennir Ragna á píanó í þriðju stærstu borg Bretlands.



**FJÓRAR OG EINN** Sisters of Transistors hafa hlotið jákvæða umfjöllun hjá tónlistartímaritum á borð við Q, Uncut og NME upp á síðkastið.





Í Markaðnum á morgun

**HVAÐ VERÐUR UM SPROTANA Í FÁRVIÐRI FJÁRMÁLAHEIMSINS?**
**MARKAÐURINN FUNDAR MEÐ FRUMKVÖÐLUM.**

**ORÐSKÝRING MARKAÐARINS LEYSIR LESENDUR ÚR VIÐJUM FLÓKINNA FJÁRMÁLAHUGTAKA.**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun


Göngustígar við Framnesveg fegraður:

# Meira næði á bekkjum við baklóðir

Miklar endurbætur eru fyrirhugaðar á göngustígnum sem liggur meðfram baklóðum húsa við Framnesveg í vesturbæ Reykjavíkur.

Framkvæmda- og eignaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt ýmsar breytingar á göngustígnum. Meðal annars verður lýsing bætt, lægri og minna truflandi ljósastaurar settir upp, svæði hellulögð, bekkjum komið fyrir og dregið úr truflun af bílaumferð.

Þá verður „hljóðvist, næði og öryggi á svæðinu stórbætt“ eins og segir í tilkynningu. - hhs



**FRAMNESVEGUR** Göngustíginn sem liggur meðfram baklóðum húsa við Framnesveg á að fegra og bæta.




# Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

*Komdu í kaffi og kleinur*

# Nýtum notað

## Endurnýtum gjaldeyri

## Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

**Endurnýttu gjaldeyrinn. Sparaðu, komdu druslunni í verð. Hér eru nokkur dæmi um notaðan gjaldeyrir:**

### Ford Focus Trend



1,6 bensín sjálfskiptur
Fast númer KN456
Skrd. 02/2006. Ek. 17.000 km.
Ásett verð 2.050.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Tilboðsverð 1.690.000 kr.

### Ford Escape XLT



3,0 bensín sjálfskiptur
Fast númer YE821
Skrd. 06/2004. Ek. 79.000 km.
Ásett verð 2.190.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
Tilboðsverð 1.590.000 kr.

### Ford Focus C-Max Trend



1,6 bensín beinskiptur
Fast númer MT913
Skrd. 04/2005. Ek. 42.000 km.
Ásett verð 1.750.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 1.290.000 kr.

### Hyundai Tucson



2,0 dísil sjálfskiptur
Fast númer UX184
Skrd. 01/2005. Ek. 74.000 km.
Ásett verð 2.490.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
Tilboðsverð 1.890.000 kr.

### Ford Galaxy Trend



2,0 bensín beinskiptur
Fast númer TU677
Skrd. 09/2003. Ek. 92.000 km.
Ásett verð 1.590.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 1.290.000 kr.

### Nissan Patrol Elegance



3,0 dísil sjálfskiptur
Fast númer UU869
Skrd. 11/2005. Ek. 71.000 km.
Ásett verð 4.830.000 kr.
Afsláttur 440.000 kr.
Tilboðsverð 4.390.000 kr.

### Citroën C5 SX



2,0 bensín sjálfskiptur station
Fast númer PU579
Skrd. 08/2005. Ek. 49.000 km.
Ásett verð 2.060.000 kr.
Afsláttur 670.000 kr.
Tilboðsverð 1.390.000 kr.

### Hyundai Trajet



2,0 dísil sjálfskiptur
Fast númer YY531
Skrd. 06/2006. Ek. 90.000 km.
Ásett verð 2.060.000 kr.
Afsláttur 270.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.

### Toyota Avensis Sol



1,8 bensín sjálfskiptur station
Fast númer PR571
Skrd. 03/2004. Ek. 71.000 km.
Ásett verð 2.040.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr.
Tilboðsverð 1.690.000 kr.

*Komdu í kaffi og kleinur í Brimborg*

## Endurnýtum gjaldeyrinn okkar

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

**Nýtum notað í dag.**
**Komdu í Brimborg.**

selja gamla
kaupa nýjan notaðan

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
655 **+1,75%**

**Fjöldi viðskipta:** 25
**Velta:** x.xxx milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATORKA | +70,00% | CENT. ALUM. | -17,95% |
| BAKKAVÖR | +26,00% | ALFESCA | -5,00% |
| | | ICELANDAIR GROUP | -1,73% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 201,7 +0,50%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 -5,00% ... Atorka 0,85 +70,00% ... Bakkavör 6,30 +26,00% ... Eimskipafélagið 1,15 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 14,20 -1,73% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 71,00 -0,70% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 83,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Misskilningur?

Í Wall Street Journal fyrir helgi er haft eftir Davíð Oddssyni seðlabankastjóra í símaviðtali við blaðið að rangt sé að álykta sem svo að ummæli hans í viðtali í Kastljósi hafi verið hvatinn að aðgerðum breskra yfirvalda á hendur íslenskum bönkum. Blaðið bendir á að bresk fjármálayfirvöld hafi sagst hafa fengið upplýsingar um að Íslendingar ætluðu ekki að standa við erlendar skuldbindingar sínar sama dag og Davíð var í Kastljósinu.

### Mistök tínd til

Í grein blaðsins er fjallað um að stjórnvöld hér hafi fyrir löngu verið vöruð við hættunni af lausafjárskorti bankanna. Davíð, fyrrverandi forsætisráðherra og borgarstjóri, sé harðlega gagnrýndur. Tínt er til að Seðlabankinn hafi haft ónógan gjaldeyrisvaraforða og þar með takmarkað möguleika sína til aðgerða þegar fjármálakreppan brast á af fullum þunga, að bankinn hafi reynt að binda gengi krónunnar myntkörfu, en gefist upp á því innan dags og að hann hafi sent tilkynningu um fjögurra milljarða evra lán frá Rússum, sem síðan hafi þurft að leiðrétta þar sem Rússarnir höfðu ekki fallist á lánveitinguna.



### Birtu viðtalið

Í umfjöllun bandaríska viðskiptablaðsins var jafnframt birt þýðing á hluta Kastljóssviðtalsins við Davíð og einnig kallað eftir frekari viðbrögðum seðlabankastjórans við einstökum atriðum. Svar Davíðs við því hvort ekki hefði þurft að auka hér gjaldeyrisvaraforða í hlutfalli við vöxt bankanna var að hér væri gjaldeyrisforði meiri en í flestum öðrum löndum miðað við höfðatölu. Við það svar hnýtir blaðið að á Íslandi búi „ekki nema 300.000 manns“.

## Hagstofustjóri stýrir Kaupþingi

Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri hefur verið skipaður formaður stjórnar Nýja Kaupþings.

Nýja Kaupþing, sem tekur yfir innlenda starfsemi Kaupþings, var formlega stofnað í gær.

Skilanefnd Kaupþings hins eldra vinnur að ráðstöfun erlendra eigna bankans.

Ríflega 1.100 manns hafa starfað hjá bankanum hér á landi og eru afgreiðslustaðirnir á fjórða tuginn.

Forstjóri yfir Nýja Kaupþingi hafði ekki verið ráðinn í gær. Kunnugir töldu hugsanlegt að innanbúðarmaður yrði fenginn til verksins.

- ikh

# Kreppir að í Bretlandi

Fjármálakreppan hefur þegar breyst í alvarlega efnahagskreppu í Bretlandi og ekki er útlit fyrir að ástandið batni fyrr en 2011 í fyrsta lagi. Þetta er mat ráðgjafarfyrirtækisins Ernsst & Young Item Club.

Í viðtali við BBC neitaði Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, þó að nota orðið „kreppa“ til að lýsa ástandinu og sagðist ekki vilja vera of stóryrtur í yfirlýsingum. Því er nú spáð að einkaneysla dragist saman um 1,2 prósent á næsta ári og vaxi um tæp 0,2 prósent árið eftir. Þá er spáð 1,9 prósenta vexti árið 2011, en til samanburðar var árleg aukning einkaneyslu 3,5 prósent á þessum áratug. Samkvæmt tölum frá samtökum smásöluverslana hefur sala dregist saman í sex af síðustu sjö mánuðum.

Þá spáir ný skýrsla Citibank því að atvinnulausum eigi eftir að fjölga mikið, sérstaklega meðal yngri aldurshópa, og að atvinnuleysið fari í 2,7 milljónir fyrir árslok 2010.

- msh

# Askar segja upp fólki

„Við sjáum fram á einfaldari fjármálastarfsemi hér á landi á næstunni og minna fjármagn til eignastýringar,“ segir Benedikt Árnason, forstjóri Askar Capital.

Fyrirtækið sagði í síðustu viku upp sextán manns í flestum deildum og nokkrum hjá dótturfélaginu Avant.

Benedikt segir mikla uppstokkun á íslenskum fjármálageira benda til að viðskiptabankastarfsemi í talsvert einfaldari mynd en áður verði ráðandi hér á landi næstu misserin. Við því verði að bregðast. „Við byrjuðum að draga úr rekstrinum í júlí. Þetta er þó heldur meira stökk nú enda hafa miklar hamfarir geisað,“ segir hann og vísar til ríkisvæðingar viðskiptabankanna þriggja.



**BENEDIKT ÁRNASON** Forstjóri Aska segir fyrirtækið þurfa að bregðast við breyttum aðstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Askar Capital varð til úr sameiningu Ráðgjafar og efnahagsspár ehf., Aquila Venture Partners og Avant í ársbyrjun 2007 og starfa nú um 55 manns hjá fyrirtækinu.

- jab

# Óvissa um verðmæti eignanna í Bretlandi

**Óvissa ríkir um virði eigna Landsbankans í Bretlandi. Skilanefnd bankans fær mörg tilboð en reynir að hanga á eignunum sem lengst og fá sem mest fyrir. Stjórnvöld vilja selja eignir fyrir innistæðum Icesave-reikninga.**

„Það er legið í okkur,“ segir Lárus Finnbogason, formaður skilanefndar Landsbankans, um eignir Landsbankans erlendis.

Skilanefndin vinnur meðal annars að því að ráðstafa eignunum. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að vonandi dugi þær til þess að greiða fyrir ábyrgð ríkisins á innistæðum Icesave-reikninga. Ætla má að um mitt árið hafi innistæður á Icesave-reikningum í Bretlandi numið hátt í 1.000 milljörðum króna.

Lárus segir marga sækjast eftir því að kaupa eignir Landsbankans, „en verðið er yfirleitt ekki það sem við sættum okkur við“.

Samkvæmt hálfsársuppgjöri Landbankans námu heildareignir bankans 4.000 milljörðum króna um mitt árið. Ekki fást upplýsingar um hversu mikið af þessu var í Bretlandi. Þá segja kunnugir að ómögulegt sé að segja nokkuð til um virðið núna.




**HOLLENSK MÓTMÆLI** Íslensk stjórnvöld hafa samið við Hollendinga um lyktir Icesave-reikninganna. Enn er rætt við Breta, en ekki fást neinar upplýsingar um stöðu mála. NORDICPHOTOS/AFP

Heimildarmenn Markaðarins innan gamla Landsbankans hafa sagt að eins og stendur séu eignir bankans allt að því verðlausar. Því megi þær ekki selja á brunaútsölu nú.

Útlán í Landsbankans í Bretlandi námu um 514 milljörðum króna um mitt árið.

Bresk stjórnvöld hafa lánað 100 milljónir punda til að halda eignum Landsbankans í Bretlandi í rekstri enn um sinn. Lárus segir að reynt verði að halda rekstrinum gangandi. Hann segir hins vegar að óvíst sé hversu lengi það verði hægt.

Stjórnvöld hafa þegar samið við Hollendinga um ábyrgðirnar.

Fram hefur komið að ábyrgð Íslands vegna innistæðna á Icesave-reikningum í Bretlandi nemi 450 milljörðum króna. Annað falli á Breta sjálfa. Stjórnvöld ræða nú við Breta um lyktir Icesave-málsins. Þau hafa verið hvött til þess að skrifa ekki undir neina samninga fyrr en vitað sé hversu háar upphæðir sé um að tefla.

Eftir því sem næst verður komist á Fjármálaeftirlitið, sem er yfir skilanefndum bankanna, yfirlit um eignir Landsbankans í Bretlandi. Þar á bæ er hins vegar vitnað í þagnarskyldu. Hún er skilin þannig að önnur stjórnvöld fái ekki aðgang að upplýsingum.

Fram kom í breskum fjölmiðlum í gær að líklega fái breskir innistæðueigendur ekki aðgang að fé sínu af Icesave-reikningunum fyrir jólin.

ikh@markadurinn.is

# Rannsaka CDS-markaði

Bandarískir alríkissaksóknarar, í samvinnu við ríkissaksóknara New York, hafa opnað rannsókn á mörkuðum fyrir skuldtryggingar, (CDS), en verð á skuldtryggingum heitir „skuldtryggingarálag“ og hefur mikið verið í fréttum á Íslandi undanfarin ár.

Skuldtryggingarálag hefur verið notað sem vísbending um styrk fyrirtækja, sérstaklega fjármálafyrirtækja: Því hærra sem álagið er, því meiri líkur eru taldar á að fyrirtækið verði gjaldþrota. Stjórnvöld telja að spákaupmenn, og þó sérstaklega skortsalar, kunni að hafa gefið gagnaveitum falskar upplýsingar um viðskipti með skuldtryggingar fjármálafyrirtækja, í þeim tilgangi að sá efasemdum um styrk þeirra og lækka þannig hlutabréfaverð.

Ekkert opinbert eftirlit hefur verið haft með skuldtryggingamarkaðnum, en hann þykir með eindæmum ógegnsær og óskilvirkur.

- msh

# Ríkið stendur ekki við skuldbindingar

Kaupþing greiðir ekki svokölluð „samúræjabréf,“ það eru skuldabréf í íslenskum krónum sem gefin voru út í Japan. Samkvæmt heimildum innan Kaupþings er ekki hægt að greiða af bréfunum, og herma heimildir að Kaupþingsmönnum þyki „mjög leitt“ að vera fyrsti evrópski bankinn sem greiðir ekki af skuldabréfum í Japan.

Þegar Kaupþing stóð ekki við vaxtagreiðslu í gær vöknuðu spurningar í erlendum fjölmiðlum um hvort bankarnir myndu standa við aðrar skuldbindingar.

Bloomberg-fréttaveitan vitnaði í Simon Adamson hjá greiningarfyrirtækinu CreditSights í London, en hann sagði að þrot Kaupþings væri ólíkt öðrum gjaldþrotum. „Verið er að selja erlendar eignir á brunaútsölu, frekar en að reyna að hámarka söluverð og gæta hagsmuna skuldunauta bankans. Þetta er óútreiknanlegt ferli og mjög pólítískt,“ sagði Adamson. Bill Blain, á greiningardeild KNG Securities sagði sölu eigna Kaupþings nú framkvæmda af „dæmalausri vanhæfni“.

Yasuhiro Matsumoto, sérfræðingur á greiningardeild Shinsei Securities í Tókýó sagði alþjóðasamfélagið ætlast til þess að ríkið standi við skuldbindingar bankans, nú þegar það hefur tekið hann yfir, og greiði skuldir hans. „Ef þeir geta ekki staðið við þessa litlu vaxtagreiðslu er ljóst að þeir geta ekki greitt afganginn af skuldinni,“ segir Matsumoto, og bætir við að með því væru „send skýr skilaboð um að Ísland væri komið í greiðsluþrot“.

- msh



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

# Óðaverðbólga sögð ósennileg

**IFS Greining spáir verðbólgu í 14,8 prósent. Hækkun í október verði 1,2 prósent.**

Verðbólga eykst um 1,2 prósent frá september til október gangi eftir spá IFS Greiningar sem birt var í gær. Tólf mánaða verðbólga fer þá úr rúmum 14 prósentum í 14,8 prósent.

„Gríðarleg óvissa er í öllum spám um þessar mundir. Birst hafa verðbólguspár sem gera ráð fyrir allt að 100 prósenta verðbólgu næstu mánuði. IFS telur ólíklegt að til óðaverðbólgu komi og telur að verðbólguhorfur næstu mánuði séu ekki sem verstar að því gefnu að gengi krónunnar veikist ekki frekar en komið er,“ segir í spá greiningardeildarinnar. Aukið atvinnuleysi, ládeyða á fasteignamarkaði og lítil eftirspurn í hagkerfinu er sögð takmarka svigrúm til verðhækkana.



**INNKAUP Í BÓNUS** Í verðbólguspá IFS Greiningar er gert ráð fyrir 1,3 prósenta verðhækkun matvöru milli mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

IFS Greining segir spána markast af óvissuástandi og sviptingum í efnahags- og gengismálum. „Gjaldeyrismarkaður hefur nær lokast og er gjaldeyrisskömmtun við lýði sem hefur áhrif á allt innflutningsverðlag.“

Veiking krónunnar frá miðjum september vegur þó þungt í spánni, en hún komi að öllu jöfnu fyrst fram í verði eldsneytis, sem hækki um 0,2 prósent og matvæla, sem hækki um 1,3 prósent. „Gert er ráð fyrir að aðrar innfluttar vörur hækki töluvert. Dæmi eru um 25 til 30 prósenta hækkun á nýjum vörum samkvæmt lauslegri könnun,“ segir IFS Greining, en félagið er hluti IFS Ráðgjafar, sem er ráðgjafarfyrirtæki á sviði fjármála og greininga, auk þess gefa út tímaritið Fjárstýringu.

- óká

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám haustið 2008
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner • PEARSON VUE • PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

*Morgunnám hefst 27. október - má/mi/fö*

### Windows 2003 netumsjón



Þetta er síðasta tækifærið til þess að læra fyrir Windows Server 2003 próf (70-290) eða læra það sem þarf til að taka að sér umsjón á Server 2003 netkerfum.

Þú lærir allt það mikilvægasta s. s. netfræði, uppsetningu á Windows netþjóni, uppsetningu Internettengingar, stofnun notenda, aðgangsréttinda og annarra atriða sem varða þá. Þú lærir samkeyrslu margra netþjóna á sama neti, tengingu útstöðva, prentara, afritun, diskaumsjón, aðgangsstýringar, fjartengingar og m.fl.

Nánari lýsingu er að finna á vefsíðu okkar.

**Lengd**: 60 stundir/39 klst. **Verð**: 99.900

*Mán./miðv., kl. 16:15-19:15 hefst. 10. nóv.*

Microsoft CERTIFIED Partner

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

*Gerðu ljósmyndirnar þínar ennþá betri!*

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Síðdegis- og kvöldnámskeið í boði*

### Vefsmíði og grafík

Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop og Flash og búðu til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

**Flash margmiðlun**

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 24.900

*Hefst 1. desember (13:00-16:00)*

**Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík**

Skemmtilegt nám um vinsælasta mynd-vinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Nám hefst 10. nóvember (13:00-16:00)*

**DreamWeaver vefsíðugerð**

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Nám hefst 24. nóvember (13:00-16:00)*

**DreamWeaver og Photoshop**

Sparaðu með því að sameina það besta.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 55.900

*Nám hefst 10. nóvember (13:00-16:00)*

**DreamWeaver, Photoshop og Flash**

Sparaðu enn meira og taktu allan pakkann.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 69.900

*Nám hefst 10. nóvember (13:00-16:00)*

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

*Morgunnámskeið hefst 13. nóvember*

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

*Kennslugreinar:*

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 64.900

*Námskeið kl. 13:00-16:00 hefst 10. nóvember*

### Stutt námskeið

**Byrjendanámskeið**

Tölvufærni I - Byrjendur • *22 st./26.900*
Windows, Word og Internetið • *22 st./26.900*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*

**Stafræn ljósmyndun og myndbönd**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/17.900*
Stafræn myndbandagerð • *13 stundir/17.900*

**Access**

Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**Word**

Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./29.900*
Word Ia: Grunnur ritvinnslu • *9 st./11.900*
Word Ib: Betri ritvinnsla • *13 st./17.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 st./9.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./20.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./9.900*

**Excel**

Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
Excel IIb: Fjárm.,bókh. og endsk. • *18 st./39.900*
Excel III: Fjölvar og forritun • *32 st./49.900*

**PowerPoint**

PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./17.900*
PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
PowerPoint I + II • *22 st./26.900*

**Outlook**

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./17.900*
Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**Publisher og Visio**

Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./17.900*
Visio - viðskiptamyndgerð • *13 st./19.900*

**Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 st./55.900*
DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*
Flash II: Forritun • *18 st/39.900*
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 st./32.900*

**Verkefna- og tímastjórnun**

PRINCE2 verkefnastjórnun • *18 st./54.900*
MS Project verkefnastjórnun • *22 st./44.900*
Betri tímastjórnun • *9 st./16.900*
Hugarkort og skipulagning • *4 st./9.900*

**Office 2007**

Office 2007: Nýtt og breytt • *3 stundir/5.900*

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Uppgjör við Sjálfstæðisflokkinn framundan.

# Viðspyrnan

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ekkert virðist nú geta komið í veg fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komi til hjálpar við að leysa þjóðina úr þeirri fullkomnu sjálfheldu sem stjórnendur landsins hafa komið henni í. Rúin trausti og virðingu umheimsins, niðurlægð og ófær um að bjarga sér sjálf.

Koma gjaldeyrissjóðsins gefur von um að nauðsynlegri viðspyrnu verði loks náð. Að frjálsu falli undanfarinna vikna ljúki og að uppbyggingarstarfið geti hafist. Um það starf á öll þjóðin að geta sameinast.

En viðspyrnan með komu gjaldeyrissjóðsins gefur líka kost á að fara í það geysilega mikilvæga uppgjör sem verður að fara fram.

Mótun nýs samfélags, með breyttri forgangsröðun og nýju vinnulagi, má ekki vera í höndum þeirra sem hafa stýrt þjóðinni undanfarin ár.

Óhjákvæmilegt er annað en að Sjálfstæðisflokknum, fremur en öðrum, verði hegnt fyrir þetta hrun. Og það verðskuldað eftir samfellda sautján ára valdasetu.

Hversu grimmileg refsing Sjálfstæðisflokksins verður er hins vegar að töluverðu leyti í hans eigin höndum. Það mun velta á uppgjörinu sem hlýtur að fara fram innan raða hans.

Samfylkingin er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem hefur haft sæmilega mótaða sýn og stefnu um aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru. Byggir sú stefna bæði á efnahagslegum forsendum og hugsjónum um hvar Ísland á að velja sér stað í samfélagi þjóðanna.

Það þótti mörgum heldur klént þegar Samfylkingin lét Sjálfstæðisflokkinn komast upp með að festa í stjórnarsáttmálann innihaldsrýran kafla um afstöðu til Evrópusambandsaðildar. Samfylkingin hefur að auki látið yfir sig ganga ítrekaðar yfirlýsingar forystumanna Sjálfstæðisflokksins um að ekki sé tímabært að velta fyrir sér aðild. Í þeirri stöðu sem nú er uppi er rétt að skoða þann stóra hóp sjálfstæðismanna sem hefur aðra skoðun en opinberu flokkslínuna.

Mikill og vaxandi Evrópuáhugi hefur verið innan samtaka sem hafa sögulega verið í lykilhlutverki í baklandi Sjálfstæðisflokksins. Þetta á við um Félag íslenskra stórkaupmanna, Samtök iðnaðarins og síðast en ekki síst Samtök atvinnulífsins, sem hafa að auki verið einhver harðskeyttasti gagnrýnandi Seðlabankans undanfarin misseri.

Innan þessara samtaka eru áhrifamiklir sjálfstæðismenn sem voru fyrir löngu búnir að gera sér grein fyrir því að íslenskt efnahagslíf var vaxið upp úr allt of litlum fötum krónunnar. Þessir menn sitja nú uppi með að hafa leyft þeim að ráða ferðinni sem lofsungu sveigjanleika sjálfstæðrar peningamálastefnu og mikilvægi krónunnar. Sú ferð hefur endað með stórkostlegum hörmungum fyrir íslenska þjóð.

Bróðurpartur þingmanna Sjálfstæðisflokksins hefur stutt þessa stefnu og er fyrir vikið að vakna upp við hugmyndafræðilegt gjaldþrot. Tími þeirra sem hafa haldið fram öðrum sjónarmiðum innan flokksins hlýtur að vera runninn upp. Ef þeir láta ekki sverfa til stáls verður litlu að fagna á áttatíu ára afmæli Sjálfstæðisflokksins á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðdeild

Eins og kunnugt er situr Gísli Marteinn nú á skólabekk í Edinborg en er engu að síður starfandi borgarfulltrúi, ásamt því að hann er 2. varaforseti borgarstjórnar. Samtals tryggir það honum um 325 þúsund krónur í mánaðarlaun. Í haust sagðist Gísli Marteinn vel geta sinnt starfi sínu sem borgarfulltrúi meðfram meistaranámi í útlöndum og hann myndi mæta á alla þá fundi sem honum væri frekast unnt. Gísli Marteinn hefur líka bent á að hann sé í nokkrum ólaunuðum vinnuhópum. Það er auðvitað til fyrirmyndar, nú þegar borgaryfirvöld boða aðhald og niðurskurð í sínum ranni.

### Kjör og kvaðir

Fundir borgarstjórnar eru haldnir á tveggja vikna fresti. Fram að þessu hefur Gísli Marteinn mætt á tvo af þeim fjórum sem haldnir hafa verið frá því í ágúst. Gísli Marteinn er vissulega ekki á neinum ofurlaunum, en nýtur óneitanlega betri kjara en til dæmis íslenskir stúdentar erlendis sem eru upp á náð LÍN komnir. En þeir þurfa auðvitað ekki að mæta á fundi á Íslandi einu sinni í mánuði.





### Spámannlega vaxinn

Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, ritaði grein í 24 stundir 24. september síðastliðinn, þar sem hann gerði gys að Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir fyrir að vilja senda „stóran hluta íslenskra athafnamanna í fjármálalega afvötnun og girða fyrir það að þeir taki áhættu". Aðra eins fjarstæðu hafði Jón aldrei heyrt og fannst „frekar ólíklegt að stjórnmálamaður sem vill láta taka sig alvarlega og er tekinn alvarlega hafi viðhaft jafn furðulegt orðfæri í markaðssamfélagi fyrr en utanríkisráðherra nú". Úbbs.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Auðmagnið



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Fjármálakreppan

Engum dylst lengur að heimskerfi hins hnattvædda kapítalisma er í kreppu og að meginorsökin er hrun fjármálastofnana í Bandaríkjunum. Nú beinist athyglin að undirstöðum þessa kerfis. Undanfarin ár og áratugi hefur ríkt þensla í vestrænum samfélögum jafnhliða því að hnattvæðing fjármagnsins hefur aukist. Á þenslutímanum varð söguleg nauðhyggja ríkjandi hugmyndafræði; þeir sem efnuðust fóru að líta á þensluna sem náttúrulegt fyrirbæri, líkt og fjárhættuspilari sem heldur að örlögin séu að verki þegar heppnin er með honum. Þegar kerfið brotlendir reynast endalok sögunnar hins vegar sjónhverfing. Undirstöðurnar eru skyndilega ljósar öllum þorra fólks og eru ekki sérlega traustar.

Í kapítalísku samfélagi eru kreppur ekki frávik heldur eðlilegur hluti af gangvirkinu, náttúruval hins frjálsa markaðar. Þær tryggja að einungis hinir hæfustu lifi en hinum sé tortímt. Samkvæmt kennisetningum þeirra sem trúa á hinn frjálsa markað eru öll ríkisafskipti óeðlileg og ekki síst þau sem koma hinum snauðu til góða. Það er vegna þess að þau trufla gangvirkið að þessu leyti; koma í veg fyrir að lággróðurinn sé grisjaður. Þess vegna gengu vestræn iðnaðarsamfélög reglulega í gegnum kreppur á 19. öld, gullöld afskiptaleysisstefnunnar, og þótti ekki tiltökumál.

### Blandað hagkerfi

Uppgangur lýðræðis og hreyfingar jafnaðarmanna breytti þessu á 20. öld og heimskreppan á 4. áratugnum leiddi til nýsköpunar. Þar var merkast uppbygging velferðarsamfélaga og aukinn skilningur á því að hinn frjálsi markaður myndi aldrei tryggja velferð allra. Þess vegna voru settar hömlur á markaðshagkerfið, sjónarmið félagshyggju fengu aukna áheyrn og til varð hið blandaða hagkerfi. Það var við lýði á tímum lengsta vaxtarskeiðs nútímans án alvarlegrar kreppu; uppbyggingarskeiðsins sem varði 1945-1973. Þessi hugmyndafræði hafði hins vegar sín takmörk eins og aðrar. Þau alvarlegustu voru ónógur skilningur á því að náttúruauðlindir eru endanlegar. Félagshyggjumenn 20. aldar lögðu ekki næga áherslu á sjálfsbært atvinnulíf og sú vanræksla varð afdrifarík í olíukreppunni á 8. áratugnum.

Olíukreppan veitti óvinum velferðarkerfisins gullið tækifæri til að endurreisa hugsunarhátt 19. aldar. Værukærir vinstrimenn í hinum auðugu vestrænu samfélögum virtust ekki hafa neinar nýjar hugmyndir á meðan málflutningur frjálshyggjumanna boðaði valkost sem þá virtist ferskur, afturhvarf til tímans fyrir daga heimskreppunnar. Í góðæri getur nefnilega samábyrgð og velferð virst heftandi; slagorð um frelsi höfða til ímyndunaraflsins þegar lífsbaráttan er ekki lengur jafn hörð.

### Loftbólurnar springa

Það er hins vegar í eðli kapítalismans að þegar hömlurnar hverfa þá fara loftbólur að myndast og þær springa að lokum. Það er því kostulegt að sjá postula hins frjálsa markaðar á hliðarlínunni að predika ábyrga hegðun og fordæma græðgi auðmanna. Hún er óaðskiljanlegur hluti kerfisins sem þeir boða og trúa á. Frá sjónarhóli útrásarvíkinganna og ofurlaunamannanna í bönkunum var útrásin eðlileg og rökrétt hegðun. Gríðarlegur skyndigróði féll þeim í skaut en skuldadagarnir voru langt undan. Það er ekkert við afskiptaleysisstefnuna sem virkar letjandi á slík viðskipti enda vitað mál að þegar veislan er búin þarf einhver annar að borga reikninginn. Og það erum við – almenningur. Í ljós hefur komið að við bárum allan tímann sameiginlega ábyrgð á bönkunum þótt við ættum ekki öll sama hlut í gróðanum. Milljónaskuldirnar falla á okkur. Við munum greiða vextina af stóru lánunum sem eiga nú að knýja hjól atvinnulífsins.

Engum dylst lengur að heimskerfi hins hnattvædda kapítalisma er í kreppu en sú kreppa er líka pólitísk. Þeir stjórnmálamenn sem hafa ráðið ferðinni um allan heim, líka hér á Íslandi, voru haldnir sömu nauðhyggju og trúboðar hins frjálsa markaðar. Þeir trúðu á endalok sögunnar og jafnframt á endalok allra valkosta – að árið 1994 væri í raun árið 0 og á undan því væri einungis svarthol sem ekkert mætti læra af. Sorglegasta birtingarmynd þess eru jafnaðarmennirnir sem hafa reynt að yfirgnæfa íhaldið í fordæmingu á hinu blandaða hagkerfi – og voru dyggustu talsmenn íslensku útrásarinnar. Nú þegar stund sannleikans er runnin upp þá kann þessi elíta ekkert annað en frjálshyggjusöng gærdagsins. Í stað þess að stokka spilin upp á nýtt benda samábyrgir stjórnmálamenn hver á annan og ríkisstjórn útrásarinnar ákveður fyrir hönd þjóðarinnar að skuldsetja hana langt fram í tímann og framselja ákvarðanatöku um efnahagsmál til frjálshyggjukreddumannanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Við erum föst á árinu 0.

# Steingrímur og Davíð

**UMRÆÐAN**

Gunnar Tómasson skrifar um seðlabankastjóra



GUNNAR TÓMASSON

Fyrrverandi forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson og höfundur snæddu saman hádegisverð á Hótel Holti daginn eftir að fréttir bárust að Steingrímur væri á leið út úr pólitík inn í Seðlabankann. Hvorugur minntist á það mál yfir hádegisverðinum.

Á leiðinni yfir á bílastæði hinum megin við götuna frá Hótel Holti nefndi Steingrímur að Davíð Oddsson hefði nefnt við hann að gerast seðlabankastjóri. Hver var skoðun höfundar á þeim ráðahag? Höfundur svaraði: „Það skiptir engu máli hver er seðlabankastjóri því Seðlabankinn er valdalaus." Og átti þá við að í gegnum árin hefur Seðlabanki Íslands aldrei staðið undir nafni. Steingrímur svaraði um hæl: „Ef það væri aðeins einn seðlabankastjóri þá væri ég ekki rétti maðurinn í það starf."

Þetta var 1994. Ellefu árum síðar var Davíð Oddsson skipaður einn af þremur seðlabankastjórum og formaður bankastjórnar SÍ. Og sem slíkur ber Davíð ábyrgð á ákvörðunum SÍ sem reynast þjóðinni dýrkeyptar. Þar er fyrst að nefna afskiptaleysi SÍ gagnvart erlendri skammtíma skuldsetningu bankanna. Höfundur fullyrðir að enginn hagfræðingur með alþjóðastarfsreynslu hefði gert sig sekan um slíkt glappaskot þar sem skyndilokun erlendra lánalína skuldsettra banka er vel þekkt fyrirbæri í gegnum tíðina, sbr. umsagnir Þorvaldar Gylfasonar og fleiri í gegnum árin um nákvæmlega þetta atriði. Eins væri með ólíkindum ef hagfræðingar Seðlabanka Íslands hefðu ekki skilgreint og varað bankastjórn SÍ við sívaxandi nettó vaxtakostnaði þjóðarbúsins sem þaut úr 13% af vöruútflutningi 2004 í 47% árið 2007.

Steingrímur og Davíð hafa margt til brunns að bera. Og annar þeirra þekkir sín takmörk á vettvangi peningastjórnar.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**NÁMSKEIÐ** um vandamál er kunna að tengjast inniveru í raka- og mygluskemmdu húsnæði verður haldið á vegum Umhverfisstofnunar á Grand hóteli 24. október frá klukkan 8.30 til 12.00. Fyrirlesari er Kjell Anderson, yfirlæknir á vinnu- og umhverfissjúkdómadeild við Háskólasjúkrahúsið í Örebro í Svíþjóð. Fyrirlesturinn verður fluttur á sænsku.



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447


Atson
Atvinnulífsörvunarafsláttardagar!
Rýmum fyrir handunnum íslenskum vörum fyrir jól...
50% afsláttur af innfluttum vörum þessa viku
Atson Brautarholti 4 - sími 561 0060 - www.atson.is





Erna í Krossá rétt áður en straumurinn hrifsaði undan henni fæturna í ánni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í kröppum dansi í Krossá

**Erna B. Einarsdóttir er nýliði í hjálparsveit. Hún er útivistarfrík, stundar herþjálfun af kappi meðfram því sem hún æfir með hjálparsveitinni og segist hafa ferða- og ævintýraþrána í blóðinu.**

Erna B. Einarsdóttir vinnur sem ferðafulltrúi hjá Ferðafélagi Íslands. Hún er nýliði í hjálparsveit og viðurkennir að hún sé útivistarfrík. Meðfram hjálparsveitinni stundar Erna líka herþjálfun.

„Ég byrjaði að æfa bootcamp í haust. Það er rosalega gaman og heldur mér við efnið betur en að eiga líkamsræktarkort einhvers staðar. Þá gefst maður bara upp en þetta eru bara fastir tímar og maður mætir.“

Erna hafði lengi ætlað sér að byrja að æfa með hjálpasveitunum og dreif sig í fyrrahaust. „Fjölskyldan er öll í þessu, pabbi og frændi minn og svo fór systir mín í þetta líka. Þetta er rosalega gaman og ég ætlaði að vera byrjuð fyrir mörgum árum.“

Á meðfylgjandi mynd sést Erna í kröppum dansi úti í Krossá í Þórsmörk. Þar lærði hún að vaða ár og koma línu í bíla sem eru fastir úti í ám. „Þetta var mjög erfitt, ég stóð meðan myndin var tekin en örfáum sekúndum seinna datt ég. Það var eins og fæturnir væru hrifsaðir undan mér í straumnum, en þá hékk ég í öðru bandi og flaut bara með straumnum eftir línunni yfir á hinn bakkann.“

Spurð hvort nauðsynlegt sé að vera í formi til að komast í hjálparsveitirnar segir hún að það sé ekki verra en þolið sé fljótt að koma á æfingum. „Ég gekk Laugaveginn í sumar með hjálparsveitinni og líka Fimmvörðuhálsinn. Í fyrra fórum við á Tindfjöll og gengum fjóra tíma í skafrenningi og sváfum í tjöldum tvær nætur svo það er ágætt að vera í formi þegar maður byrjar. Ég hef alltaf verið eitthvað í íþróttum og æfði til dæmis handbolta í tíu ár. En svo þjálfast maður bara upp.“

Erna hefur gaman af að ferðast um hálendið og ferðast mikið á jeppa með kærastanum. „Mamma og pabbi hafa líka ferðast með okkur systurnar síðan við vorum litlar svo þetta er í blóðinu.Ég mun halda áfram í hjálparsveitunum fyrst ég er loksins byrjuð.“

*heida@frettabladid.is*



**LÍKAMSSTAÐA** skrifstofuumhverfið og æfingar er heiti námskeiðs sem haldið verður hjá Manni lifandi þriðjudaginn 4. nóvember frá klukkan 17.30 til 19.00. Námskeiðsgjald er 1.500 krónur og skráning er á madurlifandi@madurlifandi.is.




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**21. okt. Fitur í mataræði**
*Haraldur Magnússon osteópati*

**28. okt. Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli**
*Edda Björgvins leikari*

**29. okt. Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari*

**30.okt. Hollusta og hagkvæmni - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*

**04. nóv. Líkamsstaða, skrifstofuumhverfið og æfingar**
*Haraldur Magnússon osteópati*

**11. nóv. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*


# Hjóla í stað bíl að spóla

**Þótt Vetur konungur hafi formlega boðað komu sína næstkomandi laugardag er engin ástæða til að leggja niður hjólreiðar í höfuðstað lýðveldisins yfir vetrartímann, svo framarlega sem hjólið er vel búið.**

„Við hvetjum fólk til að hjóla áfram þótt dimmasti tími ársins sé framundan og allra veðra von. Reiðhjólum þarf ekki að ýta í gegnum skafla og þau festa sig ekki, en létt er að hlaupa með þau yfir. Það er því betra að hjóla en í bíl að spóla,“ segir Magnús Bergsson, rafvirki og fjallahjólagarpur, sem stofnaði Íslenska fjallahjólaklúbbinn fyrir tveimur áratugum og var formaður hans fyrstu tíu árin. Magnús er með leiðsögn í standsetningu reiðhjóla fyrir veturinn á fimmtudagskvöld klukkan 20 í húsi Íslenska fjallahjólaklúbbsins að Brekkustíg 2 í Reykjavík.

„Þar fer ég yfir öruggan vetrarbúnað reiðhjóla sem og fatnað hjólreiðafólks, sem yfirleitt klæðir sig of vel. Fatnaður, drif og hjól fara illa á saltpækli gatnanna og ég upplýsi hvernig best er að verja það allt ásamt því að kynna mismunandi tegundir nagladekkja og ljósabúnaðar svo eitthvað sé nefnt,“ segir Magnús sem brýnir fyrir hjólreiðamönnum að taka með í reikning hvar þeir búa og við hvaða aðstæður þeir ferðast.

„Það er mikilvægt að velja vetrardekk undir hjól eftir búsetu. Dekk með miklum nöglum eru óhentug fyrir þá sem fara ferða sinna í miðbænum, en þeir sem þurfa um lengri veg að fara, í snjó og hálku, þurfa á öðruvísi dekkjum að halda. Þá þarf að velja ljósabúnað af gaumgæfni. Lítið úrval fæst hérlendis af góðum slíkum, en auðvelt er að panta að utan ljósabúnað sem veitir fullkomið öryggi,“ segir Magnús og staðfestir að hjólreiðamönnum hafi fjölgað mikið á síðustu árum; mestmegnis vegna betra veðurfars suðvestanlands.



Magnús Bergsson er þaulreyndur fjallahjólagarpur og sést hér á sérstæðu hjóli sínu, tilbúinn í veturinn. Magnús segir fólki til um vetrarútbúnað reiðhjóla á vegum Íslenska fjallahjólaklúbbsins á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Hjól hafa breyst til mikils batnaðar á undanförnum árum, og útkoman orðið auðveldari og þægilegri fararmáti. Slys eru fátíðari, og bremsur farnar að virka þannig að nú geta menn stoppað á punktinum þótt sumir fari þá fram fyrir sig. Þetta verður alltaf spurning um hæfni, varkárni og að kunna á hlutina. Reiðhjól í dag eru ekki lengur barnaleikföng heldur alvörufarartæki sem krefjast kunnáttu þeirra sem á þeim ferðast. Dýrari hjól eru hönnuð til betri afkasta og betri nýtingu orku og fara yfirleitt um fimmtán kílómetrum hraðar en áður, sem þýðir um þrjátíu kílómetra á klukkustund á jafnsléttu,“ segir Magnús sem vill sjá betri aðbúnað hjólreiðafólks á höfuðborgarsvæðinu.

„Því miður hefur samgöngustefna Reykjavíkur gengið út á að auka flæði bílaumferðar. Fyrir hjólreiðafólk er umferðarmenning mjög vanþróuð, sem er synd því það ætti að vera hagur stjórnvalda að sem flestir hjóli en aki ekki. Það sparar ekki aðeins einstaklingnum sem hjólar stórfé heldur bætir heilsu hans og dregur úr umhverfismengun, og þetta er geysilegur heilsufarslegur ávinningur fyrir samfélagið í heild.“

Um námskeiðin má lesa á vefsíðunni www.fjallahjolaklubburinn.is. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. *thordis@frettabladid.is*











KULDASKÓRNIR ERU AÐ KLÁRAST!
TAKMARKAÐ MAGN





# Súkkulaði lengir lífið

**Mataræðið skiptir öllu máli fyrir heilsuna enda erum við það sem við borðum.**

Á vef Berlingske Tidende er nú greint frá því að prófessor nokkur í næringarfræði við Leeds-háskóla, Gary Williamson, hafi sent frá sér lista yfir æskilegar matartegundir.

Listinn inniheldur til dæmis súkkulaði og kaffi, sem er gleðiefni fyrir þá sem vilja gera vel við sig. Á honum má líka finna svart og grænt te, epli, bláber, spergilkál, appelsínur og rauðlauk svo eitthvað sé nefnt.

Tekið er fram að þeir sem borða ekki mat með nógu af andoxunarefnum eigi fremur á hættu að fá króníska hjarta- og æðasjúkdóma.

Sjá www.berlingsketidende.dk.

*- rat*



Kaffi og súkkulaði er á lista prófessors í næringarfræði.


# Slys á börnum – námskeið

**Kópavogsdeild Rauða krossins** heldur námskeiðið slys á börnum 27. og 30. október í Hamraborg 11, 2 hæð.

Á námskeiðinu er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl.

Námskeiðið getur gagnast öllum þeim sem umgangast börn hvort sem er í starfi eða daglegu lífi.

- Námskeiðsgjald: 6.500 kr. á mann en 5.000 krónur ef maki eða eldra systkini tekur líka þátt.
- Innifalin eru námskeiðsgögn og þátttökuskírteini.
- Leiðbeinandi er Sigríður K. Sverrisdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Frekari upplýsingar fást í síma **554 6626** eða með tölvupósti á **kopavogur@redcross.is**.

Skráning er til 24. október.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16



Engin bein tengsl eru milli þess að verða kalt og að fá kvef. Aftur á móti er talið að kvefveiran geti smitast á milli manna í köldum löndum. Ástæðan er mögulega sú að við eyðum meiri tíma innandyra og í meiri nálægð við hvort annað til að halda á okkur hita.




**www.lyfja.is, svar við spurningunni hvert er samhengið milli þess að verða kalt og fá kvef.**

## ÞINN RÉTTUR
**Almannatryggingalög kynnt fyrir þér**



# Barnalífeyrir vegna skólanáms og framlag vegna skólanáms

### Hvenær myndast réttur á barnalífeyri vegna skólanáms eða framlag vegna skólanáms?

Við 18 ára aldur barns lýkur greiðslum meðlags og/eða barnalífeyris til foreldris. Ungmenni sem er í lögbundnu námi getur átt rétt á áframhaldandi greiðslum sem er barnalífeyrir vegna skólanáms eða framlag vegna skólanáms frá meðlagsskyldu foreldri.

### Hvað er framlag vegna skólanáms ungmenna og hver eru skilyrði?

Samkvæmt barnalögum er hægt að úrskurða meðlagsskylt foreldri til að inna af hendi framlag vegna menntunar til ungmenna á aldrinum 18 til 20 ára. Sýslumenn um land allt staðfesta samning eða úrskurða um slíkt framlag. Eftir að úrskurður/samningur hefur verið gefinn út getur ungmennið sótt um að Tryggingastofnun hafi milligöngu um þessar greiðslur. Frumrit samnings þarf að fylgja með umsókn.

### Hvað er barnalífeyrir vegna skólanáms og hver eru skilyrðin?

Enn fremur er heimilt að greiða ungmenni á þessum aldri barnalífeyri vegna skólanáms ef foreldri þess er látið eða lífeyrisþegi. Sama á við ef ekki tekst að hafa uppi á foreldri eða ef sýslumaður hafnar beiðni um framlag vegna menntunar á grundvelli efnaleysis foreldris. Ungmenni sækja sjálf um barnalífeyri vegna skólanáms til Tryggingastofnunar. Með umsókn þarf að fylgja ítarlegt skólavottorð sem sýnir einingafjölda náms og staðfest afrit af skattframtali.

*Ítarlegar upplýsingar um skilyrði greiðslna, fjárhæðir og fleira ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á vefsíðu okkar, www.tr.is.*

Þinn réttur getur verið margs konar í almannatryggingakerfinu. Með mánaðarlegum dálki vill Tryggingastofnun vera þér, lesandi góður, innan handar með því að kynna fyrir þér ýmis ákvæði almannatryggingalaganna og þannig benda á mögulegan rétt til greiðslna sem er þér ef til vill ekki kunnugur.

TRYGGINGASTOFNUN *Sjá vefinn www.tr.is*





ALLT HEIMILI

Mánudaga og fimmtudaga




Nýlega hóf störf hjá Táp ehf. sjúkraþjálfun, Linda Laufdal Traustadóttir löggiltur sjúkraþjálfari.

Við bjóðum hana velkomna.

TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN

Hlíðasmára 14, sími 5645442, www.tap.is

Auglýsingasími 512 5050 – Mest lesið




Margt bendir til þess að brjóstagjöf dragi úr áhættu á brjóstakrabbameini. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Brjóstagjöf dregur úr áhættu á krabba

**Ný rannsókn staðfestir að ef konur gefa brjóst í ár af sínu æviskeiði þá minnkar áhættan á brjóstakrabbameini um 4,8%.**

Líkurnar á að konur fái brjóstakrabbamein einhvern tíma á ævinni eru einn á móti níu. Rannsakendur segja að því sé mikilvægt að konur geri sér grein fyrir jákvæðum áhrifum brjóstagjafar.

Auk þess að draga úr áhættu á krabbameini hefur brjóstagjöf aðrar jákvæðar afleiðingar í för með sér. Tengsl hafa fundist á milli offitu barna og brjóstagjafar þannig að þau sem fá brjóstamjólk eiga síður við offituvandamál að stríða og brjóstagjöf styrkir ónæmiskerfi nýbura.

Doktor Rachel Thompson, ein af forvígismönnum nýju rannsóknarinnar, segir að mikilvægt sé að koma þeim boðskap á framfæri að brjóstagjöf geti varið konur fyrir brjóstakrabbameini og því sé mjög gott að gefa eingöngu brjóst fyrstu sex mánuðina af ævi barnsins.

Heimild: http://news.bbc.co.uk

## Íhugun og slökun

KYRRÐARSTUND Í ROPE YOGA-SETRINU



„Ég vil bara sýna samhygð á þessum breytingatímum og ákvað að veita fólki aðstöðu til að koma saman á kyrrðarstund," segir Guðni Gunnarsson sem leiðir samkomu í Rope Yoga-setrinu á Engjateigi 17-19 á laugardögum frá 13.30 til 14.30. Samkomuna nefnir hann Íhugun, athygli og slökun. Þangað er Rope Yoga-iðkendum, aðstandendum og vinum sérstaklega boðið að koma endurgjaldslaust.

„Allt sem við veitum athygli vex og dafnar," segir Guðni. „En ef hugurinn er fastur í þráhyggju þá er maður að skaða sjálfan sig og sitt umhverfi. Svona samkoma getur rifið okkur upp og orðið til góðs." - gun


Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

TT námskeið

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**Allt að fyllast í TT, síðustu innritunardagar!**

*Erum að selja ósóttar pantanir* **Sími 581 3730**

**Höfum bætt við tíma fyrir hádegi í TT aðhaldsnámskeiðunum**

**Nýr tími þrisvar í viku: kl. 10:15 mánudaga, miðvikudaga og föstudaga - Barnapössun**

Ekkert lát hefur verið á aðsókn í TT aðhaldsnámskeiðin og er okkur því ánægja að bjóða þessa tíma sem henta sérlega vel heimavinnandi mæðrum.

**Aðrir TT tímar í boði:**

6:15 – mán, mið, fös
7:20 – mán, mið, fös
(9:30) – *byrjar seinna*
10:15 – mán, mið, fös - Barnapössun
12:05 – mán, mið, fös - Barnapössun
14:20 – mán, mið, fös - Barnapössun
16:40 – mán, mið, fös - Barnapössun
17:40 – mán, þri, fös - Barnapössun
18:40 – TT3 mán, þri, fim - Barnapössun
19:25 – mán, mið, fim (19:45)

**Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 26. október kl. 15:00 og 16:00 - TT1 og kl. 17:00 - TT3.**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

## Garðyrkja







Skyggðu trén á þig í sumar? Nú er rétti tíminn að fella tré og snyrta runna fyrir veturinn. Við tökum einnig að okkur alla almenna garðvinnu, s.s. sólpalla og grindverkasmíði, hellulagnir, þökulagnir, garðslátt (já ennþá), jarðvegsskipti og svo sjáum við líka um að setja upp jólaljósin fyrir þá sem vilja aðstoð við það. Kíkið á heimasíðuna gardarbest.is og sendið póst á bjarni@gardarbest.is eða hringið í s. 698 9334 / 660 9347.

DAX VERK
Hellulagnir, Jarðvinna, Smágröfuþjónusta.
S: 698-0098 • dax@dax.is

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

**Málarar Málarar**
Alhliða málningarþjónusta, hagstæð verð. Fagmennska. S. 615 2016.

**Málningarvinna**
Getum bætt við okkur inniverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896-5758

## Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

**Búslóðaflutningar !**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Sama verð alla daga !! Uppl. í síma 555 6363.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

M1

**Múrverk og málun**
**Getum bætt við okkur verkefnum í Húsaviðgerðum, Öllu almennu múrverki, Flísalögnum, Múrklæðningum, Sandspörslun og málun. Erum einnig farin að bóka verkefni fyrir næsta ár.**
**Upplýsingar gefa Kolbeinn múrarameistari í s: 8966614 og Helena framkvæmdastjóri í s: 843 3230 / 562 1300**
**m1@m1.is**
**m1.is**

ALMENN SMÍÐAVINNA
FYRIRMYNDAR FAGMENNSKA
GUÐJÓN RÚNARSSON HÚSASMÍÐAMEISTARI
☎ 898 5559




**Trésmíði**
Tek að mér allt almennt viðhald húsa, trésmíði og m.fl. S. 662 6092.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Múrverktakar**
Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - sólpallar. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Húsaviðgerðir og málun**
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

## Stífluþjónusta

- SKOLPLAGNIR -
Röramyndun, fóðrun, endurnýjun skolplagna.
PROPIPE.IS
S. 846 1919

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Spádómar

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla**

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Símaspá 894 5100**
Bein miðlun, fyrirbænir og draumaráðningar. Opið frá kl. 21.00 - 00.30 eftir miðnætti. visa/euro. Laufey spámiðill.

Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

**Ólöf spámiðill**
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot ofl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

**Fatabreytingar, Stytting á buxum kr. 1000.**
**Skraddarinn á Horninu, Lindargötu 38.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Dömur**
Pelsarnir bíða hjá Jakob. Minkapelsar hjá Jakob. Sími 421 1661.

Nú á allt að seljast!!
Grindur fyrir upphengd salerni verð 20 þús, barskápar, sturtuklefar með gufu, fluorlampar 2x58w IP65 - verð 4000 þús, og mfl.
Baðinnréttingar frá 68 þús.
Sími 849 7813
ISmart



**Eldsneytis Sparari!**
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SNJOKEDJUR.IS

Rafstöð til sölu, bensín. Ca. 15 tíma notkun. 2,2 k.w. 5,5 hp. 94 db. S. 984 2905.

Gjaldeyrir á hagstæðu gengi í seðlum. USD EUR DKK GBP o.fl. gjaldeyrir@yahoo.com

Nýlegur 1 árs þurrkari til sölu vegna flutninga. Barkalaus. 5 kg. V. 40 þ. S. 897 7309.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Óskast keypt!!**
**Óska eftir að kaupa notaða brettarekka. Vantar einnig frístandandi rekka fyrir 4-6 metra rör.**
**Upplýsingar í síma 891-6410.**

## Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

## Til bygginga

Óskum eftir að kaupa stoðir, vinnupalla (70cm breiða) og mót frá Doka, Peri, Rasto og Hunnebeck. Iron ehf. S. 899 5901 & 898 2601.

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Whole body massage Telepone 841 8529.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hágæðafóður AÐEINS 390 kr kg**
**Proformance hágæða hundafóður 23 kg sekkur á kr. 8900.- (selt líka eftir vikt á staðnum á 550 kr pr. Kg) 4.tegundir - Takmarkað magn.**
**Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattvörur Háholti 13, Mosfellsbær (sama húsi og krónan) www.hundaheimur.is**

## Ýmislegt

Slökkvitæki ehf

Sala - Hleðsla - viðhald og þjónusta í eldvarnarbúnaði. Við leggjum áherslu á góða og persónulega þjónustu á góðu verði. Sími 565 4080.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## Fyrir veiðimenn



Frábær jólagjöf Mitchell veiðistangir og hjól 10.000 kr settið reynisvatn.is s:699-3890

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leigu nýstandsett 70 fm íbúð á 2. hæð við Miklubraut. Leiga 140 þús,pr mán, allt innifalið. Uppl. kort@internet.is og í s. 892 2506

3-4 herb íbúð. 108 fm. Á 3ju hæð í fjölbýli með lyftu. V 140 þús + hússj. Laus strax. Uppl í s 866 6129.

## Þjónusta

SÁ Verklausnir ehf
Alhliða garðaþjónusta og lóða frágangur.
Gerum föst verðtilboð.
Þökulagning -Hellulagning - Jarðvegsskipti
Hreinsun - sláttur - klipping
Frekari uppl. hjá Sigurði í s. 897 3057
eða á heimsíðu:




## Þjónusta

Stendur þú í framkvæmdum?
Múrverk • flísalögn • trésmíði • pípulögn • raflögn • málun o.fl.
Alhliða byggingaþjónusta á einum stað
Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi
Strúctor byggingaþjónusta
S: 824 0150 / 824 0160

## Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



FLESHLIGHT.IS

### Hveragerði
Til leigu einbýlish. 4 svefnh. + bílskúr. Verð 120þús + hiti og rafm. S. 770 5574 Júlíus

2ja herb. falleg og snyrtileg íbúð í R-109. Eingöngu reyklausir og reglusamir. Verð 79.000 kr á mán. Netfang: fossar@visir.is

Til leigu á besta stað í Keflavík. Laus strax. 4ra herb. íbúð í tvíbýli. Stutt í flest. 115 þús. á mán. 1 mán fyrirfram og 1 í tryggingu. Húsaleigubætur. S. 868 3571.

Falleg 3-4 herb. íbúð til leigu í V.bænum. Kr. 135 þ. Uppl. í s. 693 1836.

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 58 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 568 3600 & 898 7868 milli kl. 13-16.

Til leigu ný, glæsileg 107 fm, 2ja herb íbúð í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304

85 fm íbúð til leigu í Kóp. Leiguverð 85 þ. + rafmagn, Hiti innifalinn. S. 892 1663.

Bjart 20fm herb í 101 til leigu. Þvottav,hiti,raf, ADSL innif. 60þús. s.8562663

Fallegt einbýlishús til leigu í Garðabæ 1 nóv -1 mars. Húsgögn fylgja. Nánari upplýsingar veitir Soffía í s. 862 3015.

Til leigu góð, 3ja herb., 86 fm íbúð í austurbæ Kópavogs. 120 þús. á mán. með orkukostnaði og hússjóði. Með eða án húsgagna. Laus 1.11. nk. S. 895 5869.

Herbergi til leigu með sameiginlegu eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 770 6090.

### Hfj - Liverpool
Nýjar og glæsilegar 2 og 3 herbergja íbúðir til leigu í Hfj. Einnig er 3ja herb. íbúð til leigu í Liverpool. Uppl. á www.heimahagar.is

Long term rent Guesthouse Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. Tel 824 4530.

## Sumarbústaðir

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði.Heitur pottur. Sími 8410265

## Atvinnuhúsnæði

130 fm iðnaðarhúsnæði til leigu í Vesturbæ Kópavogs. Leiguverð 100 þ. + vsk. S. 892 1663.

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

Til leigu iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði, stærðir frá 95 fm til 1000 fm. S. 822 4200 & 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

### geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

### Nú fer hver að verða síðastur !
Upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.




## Gisting

### Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir vönum gröfumanni við grjótröðun, bílstjóra með meirapróf og verkamönnum og manni með sprengiréttindi. Uppl. í s.842 6575 & 842 6570

Hópferðabílstjórar óskast! Óskum eftir góðum þjónustuliprum bílstjórum í kvöld og helgarakstur Uppl. gefur Einar 482 1210. einar@gtbus.is Guðmundur Tyrfingsson ehf

Café Central Pósthússtræti 13 óskar eftir að ráða hugmyndaríkan,skipulagðan og hressan matreiðslumann eða vanan starfskraft í eldhús í nýtt kaffi-og veitingahús sem er að opna. Íslenskukunnátta skilyrði. Upp.gefur Jón í s. 690-1074.

### Sölustörf, frjáls vinnutími !
Árangurstengdar tekjur. Hentar fólki um allt land sem auka eða aðalstarf. S. 565 1045, 865 4052 & 898 7725.

### HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

CENTER HOTELS

### Tölvumaður
**Miðbæjarhótel óska eftir að ráða lipran tölvumann í fullt starf. Verkefnið snýr að daglegum rekstri tölvu-, sjónvarps-, og símkerfis. Sjálfstæð vinnubrögð og mikill vilji til að læra mikilvægur. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að ganga í öll verk sem tengjast starfinu. Unnið er í bæði Windows og Linux umhverfi og er góð þekking á öðruhvoru skilyrði. Unnið verður undir stjórn kerfisstjóra. Á vegum Miðbæjarhótela eru rekin 5 hótel í miðborg Reykjavíkur. Nánari upplýsingar um hótelin er að finna á heimasíðu okkar www.centerhotels.is Umsóknir óskast sendar á maron@centerhotels.is Viðkomandi aðili þarf að geta hafið störf sem fyrst**

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

### Sjávarkjallarinn
**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Framúrskarandi íslenskukunnátta áskilin. Bjóðum einnig verðandi matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík? Uppl. veitir Hrefna (694 3854) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

## Atvinna óskast

### Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413 Marteinn. Rvk og kefl.

Karlmaður óskar eftir vinnu. Allt kemur til greina. S. 616 6289.

Lögg. rafverktaki getur bætt við sig verkefnum - Föst vinna - Umsjón eða húsvarsla - Möguleiki á að leigja góða íbúð eða kaupa. S. 693 7141.

32 ára sjómaður óskar eftir plássi á sjó. Er með vs3 vélstjóra réttindi. S. 898 4838.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

### HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

### SÍMAÞJÓNUSTUR
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### Samkynhn. karlmenn ath
Nú er mikið af nýjum auglýsingum samkynhn. karla á Rauða Torginu Stefnumót. Hlustið á auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort). Auglýsið frítt í s. 535-9923. www.raudatorgid.is.

### Hávaxin og myndarleg
32 ára kona, mjúk á réttum stöðum, vill kynnast karlmanni á aldrinum 32-45 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8544.

## Tilboð

### Glæsilegt tilboð á Dong Fang Salon:
### Allar vaxmeðferðir með 20% afslætti! Gildir í október.

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR

# HVAR ER ÞÍN AUGLÝSING ?

### Eftirfarandi sérblöð fylgja Fréttablaðinu á næstunni

**MIÐVIKUDAGUR 22. okt.**



### Markaðurinn:
Vikulegt sérrit um allt er snýr að viðskiptum og efnhagsmálum – alla miðvikudaga.

Nánari upplýsingar veitir Laila Awad í síma 512-5451 eða laila@frettabladid.is

**FIMMTUDAGUR 23. okt.**



### Veljum íslenskt
Sérrit um hvað íslenskur iðnaður hefur upp á að bjóða - bæði í vörum og þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Benedikt F. Jónsson í síma 512-5411 eða benediktj@365.is

**FÖSTUDAGUR 24. okt.**



### Föstudagur:
Vikulegt sérrit á léttu nótunum. Viðtöl við þjóðþekkta einstaklinga, allt það nýjasta í tísku, heilsu og hönnun svo dæmi sé tekið.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir í síma 512-5462 eða sigridurdagny@365.is

**LAUGARDAGUR 25. okt.**



### Heimili & hönnun:
Vikulegt sérrit um heimili & hönnun, hugmyndir fyrir öll rými heimilisins sem og áhugaverðar fréttir úr heimi hönnunar jafnt innanlands sem utan.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Þ. Steingrímsson í síma 5125439 eða hlynurs@365.is

**SUNNUDAGUR 26. okt.**



### Matur:
Mánaðarlegt sérrit um mat, veisluhald, matreiðslumenn og matgæðinga.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Þór Sigurðsson í síma 512-5471 eða bjarnithor@365.is

**SUNNUDAGUR 26. okt.**



### Atvinnublaðið:
Mest lesna atvinnublað landsins – alla sunnudaga

Nánari upplýsingar veitir Viðar Ingi Pétursson í síma 512-5426 eða vip@365.is

**MÁNUDAGUR 27. okt.**



### Fasteignir:
Fasteignablað Fréttablaðsins - alla mánudaga.

Auglýsendur athugið að panta þarf auglýsingar fyrir klukkan 12 föstudaginn 19. september.

Nánari upplýsingar veitir Ruth Bergsdóttir í símum 512-5469 / 694-4103 eða ruth@365.is



Allt sem þú þarft... ... alla daga

## Atvinna

LAZY TOWN

# TALENT REQUIRED!

***Senior Designer***

Required by large entrepreneurial company. Responsible for helping to lead a solid design team in creating fresh ideas and implementing these successfully across the board, designing style guides, brand guides and producing top quality visuals for all areas of the business. You will be fluent in all the latest design software (Adobe CS3, Powerpoint, Keynote advantageous) be full of initiative and be able to present your ideas effectively to the rest of the business.

**To apply for either position please send CV in ENGLISH to: job@lazytown.com before the 31st of October.**

**www.lazytown.com**


ALLT FERÐIR

Miðvikudaga og laugardaga


## Fundir / Mannfagnaður

### Ofbeldi gegn konum og börnum. Þjóðfélagsmein! Hvað er til ráða?

Fundur um þetta brýna málefni verður haldinn á vegum Handarinnar í safnaðarheimili Fríkirkjunnar í Reykjavík fimmtudaginn 23. október klukkan 20.00.

Frummælendur:

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, fjallar um heimilisofbeldi.

Sigríður Björnsdóttir, annar stofnenda samtakanna Blátt áfram, talar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, kynnir samtökin og úrræði sem eru í boði.

Fundarstjóri: Ólafía Ragnarsdóttir.

Umræður að loknum framsöguerindum.

Allir velkomnir.


Fasteignablaðið

Sími:

512 5469

694 4103

Ruth Bergs

ruth@365.is



„...fyrst á visir.is"

VISIR.IS

...ég sá það á visir.is


## Til sölu



# ATVINNUHÚSNÆÐI

Til leigu nýlegt ca 1.500 m2 verslunar- og skrifstofuhúsnæði að Krókhálsi 16, Reykjavík.

Einstök staðsetning við eina af stærstu umferðaræðum landsins. Stórar innkeyrsludyr og bjart sýningarrými.

Húsnæðið er með góðri lofthæð og skrifstofurými að hluta til á 2 hæðum. Fjöldi bílastæða og fagurt umhverfi. Húsnæðið hentar vel undir fjölbreytta atvinnustarfsemi

Upplýsingar veitir Magnús í síma: **895 5608**


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



# Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

**UMRÆÐAN**
Magnús Jóhannesson skrifar um umhverfismál


MAGNÚS JÓHANNESSON

Í umróti þeirra hremminga sem orðið hafa á íslenskum fjármálamarkaði undanfarna daga hafa komið fram raddir hjá ýmsum um að nú væri þjóðráð að slaka á umhverfiskröfum svo sem vegna atvinnurekstrar. Hefur í því sambandi sérstaklega verið nefnt að draga verulega úr eða jafnvel fella alveg niður kröfur um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þegar ábyrgir aðilar þ.á m. forystumaður öflugra hagsmunasamtaka í landinu og yfirmaður norrænnar stofnunar sem Ísland á aðild að og fjallar mikið um umhverfismál í sínum störfum nefna þetta opinberlega, er rétt að staldra aðeins við og rifja upp tilgang og stöðu mats á umhverfisáhrifum á Íslandi.

Krafan um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda kemur fyrst fram í samþykktum ríkja heims á heimsráðstefnu SÞ í Rio de Janeiro sumarið 1992. Öll vestræn ríki hafa síðan tekið þessa kröfu upp í löggjöf hjá sér og ekki er vitað til þess að nokkurt ríki hafi hugleitt að leggja til hliðar mat á umhverfisáhrifum stærri framkvæmda. Alþingi Íslendinga samþykkti fyrst lög um mat á umhverfisáhrifum 21. maí 1993. Síðan hefur Alþingi í tvígang gert breytingar á lögunum með það fyrir augum að gera matið skilvirkara og þannig að það þjónaði sem best markmiðum.

Megintilgangur mats á umhverfisáhrifum er að draga fram og lýsa á hlutlægan hátt öllum umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar, þannig að viðkomandi leyfisveitendum, sem hér á landi eru oftast sveitarfélögin, geri sér fulla grein fyrir því hver umhverfisáhrifin verða. Enn fremur að leyfisveitendur geti eftir atvikum sett skilyrði sem lágmarka umhverfisáhrif þegar leyfi er veitt fyrir framkvæmdinni.

Frá því að mat á umhverfisáhrifum kom fyrst fram hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum fyrirtækja, ekki síst stórra fyrirtækja, til umhverfismála. Öll stærri fyrirtæki heims hafa mótað sér stefnu í umhverfismálum og leggja aukna áherslu á að bæta ímynd sína á því sviði. Að mati

*Frá því að mat á umhverfisáhrifum kom fyrst fram hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum fyrirtækja, ekki síst stórra fyrirtækja, til umhverfismála.*

þessara fyrirtækja er umhverfismat á nýjum verkefnum hluti af þeirri ímynd sem þeir vilja skapa fyrirtækjunum. Allar helstu fjármálastofnanir heimsins líta núorðið á mat á umhverfisáhrifum sem hluta af áhættumati vegna fyrirgreiðslu við stærri verkefni. Má nefna í þessu sambandi Alþjóðabankann og norrænu stofnanirnar Norræna fjárfestingabankann (NIB) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Þau fyrirtæki í stóriðju sem starfa á Íslandi hafa öll sett sér metnaðarfulla stefnu í umhverfismálum og líta á mat á umhverfisáhrifum sem eðlilegan hlut og þátt í því að styrkja umhverfisstefnu sína. Því mætti ætla að ef ekki væri gerð hér krafa um mat á umhverfisáhrifum stærri framkvæmda, þá gæti það minnkað áhuga hinna metnaðarfyllri fyrirtækja í umhverfismálum að koma hér fyrir starfsemi sinni.

Að síðustu má nefna að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur að mati margra framkvæmdaaðila stórra framkvæmda haft margvísleg jákvæð áhrif önnur en að minnka umhverfisáhrif framkvæmda. Hið sérfræðilega matsferli sem íslensk lög mæla fyrir um hefur oft og tíðum leitt til betri faglegra lausna og í einstaka tilvikum leitt í ljós ódýrari lausnir. Ég tel því að öll umræða um að leggja niður eða draga úr kröfum um umhverfismat vegna tímabundinna erfiðleika í efnahagslífi þjóðarinnar sé á miklum misskilningi byggð og hef ég þá ekki fjallað um það hvort það væri yfirhöfuð mögulegt vegna alþjóðlegra skuldbindinga okkar. Umhverfisráðherra hefur reyndar svarað þeirri spurningu afdráttarlaust á Alþingi.

Hins vegar er eðlilegt að velta því reglulega fyrir sér hvort hægt sé að ná sama árangri á þessu sviði sem öðrum með breyttum vinnuaðferðum. Það hafa umhverfisyfirvöld og Alþingi gert í tímans rás og munu halda áfram að skoða það í ljósi reynslunnar.

*Höfundur er ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins.*

# Andri Snær og útflutningurinn

**UMRÆÐAN**
Jóhannes Geir Sigurgeirsson skrifar um áliðnað og útflutning


JÓHANNES GEIR SIGURGEIRSSON

Andri Snær rithöfundur skrifar gein í Fréttablaðið á laugardaginn var og fjallar um þjóðhagsleg áhrif áliðnaðarins á Íslandi. Andri segir að allir sem kunna heimilisbókahald geti sannreynt útreikninga sína. Við skulum skoða nokkrar af fullyrðingum Andra.

1. Andri hefur grein sína á fullyrðingunni um að orkuverð til almennings hafi verið hækkað. Ef litið er á almennan taxta frá RARIK þá borgaði fjölskylda sem keypti 4400 GWst af raforku (meðalheimili) tæp 59 þúsund fyrir orkuna árið 1998 en þessi tala var komin niður í um 45 þúsund 2006. Báðar tölurnar eru á verðlagi 2006. Enda liggur fyrir að um árabil hefur heildsöluverð á raforku til innlendra dreifiveita hækkað minna en almennt verðlag.

2. Andri fullyrðir að Alcoa greiði 6 - 8 milljarða fyrir orkuna á ári. Ef tekið er mið af álverði og gengi ársins í ár; en í öðrum hlutum greinarinnar kemur fram að hann leggi gengisforsendur ársins til grundvallar útreikningum sínum; þá sýnist þeim sem þetta skrifar að Alcoa sé að greiða um 12-14 milljarða fyrir orkuna miðað við 340 þúsund tonna framleiðslu.

3. Andri segir að öll sú upphæð fari beint úr landi til að greiða skuldir Landsvirkjunar. Því er til að svara að miðað við meðalvexti af erlendum skuldum Landsvirkjunar síðustu ár þá eru erlendar vaxtagreiðslur vegna Kárahnjúkavirkjunar milli 4 og 5 milljarðar en sú tala fer lækkandi eftir því sem skuldirnar eru greiddar niður. Annað fer í laun og þjónustu sem fyrirtækið kaupir en stærstur hlutinn þó í að byggja upp verðmæta framtíðareign í orkuverum fyrirtækisins; en sú eign kemur á móti erlendum afborgunum og verður því eftir í landinu. Alveg á sama hátt og við eigum meira í húseignunum okkar eftir því sem við borgum lánin okkar niður.

4. Andri segir að nánast allar tekjur sjávarútvegs og ferðaiðnaðar verði eftir í landinu og virðist ekki reikna með að þessar greinar skuldi neitt erlendis. Lítum nánar á þetta. Þessar greinar flytja inn veiðarfæri og hráefni til vinnslu ásamt mörgu öðru í sjávarútveginum; kaffi og áfengi ásamt líni og húsbúnaði svo eitthvað sé nefnt í ferðaiðnaðinum. Að baki greinanna eru líka fjárfestingar; í skipum, vinnslustöðvum og hótelum þannig að fyrirtækin í þessum greinum skulda einnig peninga og þurfa að borga erlenda vexti.

**Útflutningsgreinar eru allar í innflutningi**

Staðreynd málsins er sú að meðaltal þess sem verður eftir í landinu af heildarútflutningi er um 50%. Þ.e. helmingurinn verður eftir í landinu; afgangurinn eru erlend aðföng í einhverju formi. Áður hefur verið nefnt að allar greinar greiða til viðbóta vexti af erlendum lánum sínum. Hvað hver einstök útflutningsgrein skilar til samfélagsins ræðst ekki af nettó hlutfallinu; þ.e. því sem verður hlutfallslega eftir í landinu. Það ræðst af flóknu samspili þátta eins og umfangi og vaxtamöguleikum; erlendum viðskiptasamböndum og hlutfallslegum yfirburðum. Þessir þættir endurspeglast í getu viðkomandi greina til að borga laun og fyrir önnur aðföng sem eru notuð. Þar hafa álfyrirtækin staðið fyrir sínu og vel það. Það sést m.a. á því að þegar verið er að skrifa þessar línur var að koma tilkynning frá Norðuráli um að fyrirtækið hyggist borga öllu starfsfólki sínu viðbótar mánaðarlaun vegna góðrar afkomu. Ef horft er til orkuverðsins síðustu ár þá er orkuverðið til álvera á Íslandi í góðu lagi í alþjóðlegum samanburði sem endurspeglast í því að allt bendir til þess að orkusalan til álframleiðslunnar borgi virkjanirnar niður hraðar en reiknað var með í upphafi.

**Samræmi í málflutningi**

Við skulum að lokum líta aðeins betur á útreikningana hans Andra. Ef notaður er sambærilegur mælikvarði á t.d. álframleiðsluna og sjávarútveginn þá gæti nettó verðmæti útfluttra sjávarafurða verið um 80% af útflutningsverðmætinu en á bilinu 35-40% í áliðnaðinum. Sundurliðun á reikningum Alcan í Straumsvík frá 2006 sýna t.d. að rúmlega 40% af tekjum fyrirtækisins fer í að borga innlendum aðilum. Það er því algjörlega fráleitt að einungis um 6-7% af útflutningstekjum Alcoa verði eftir í landinu en nánast allt í sjávarútvegi og ferðaiðnaði eins og Andri Snær heldur fram. Slíka niðurstöðu er ekki hægt að fá nema gera eins og Andri; segja að allt nema laun séu erlendur kostnaður í áliðnaðinum en að allar tekjur af erlendum ferðamönnum séu nettó í þjóðarbúið og einungis olían komi til frádráttar í sjávarútveginum. Engir af þessum greinum er greiði gerður með því að halda svona rökleysu fram.

*Höfundur er fyrrverandi stjórnarformaður Landsvirkjunar.*

# IMF og stórslysakapítalisminn

**UMRÆÐAN**
Árni Daníel Júlíusson skrifar um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn


ÁRNI DANÍEL JÚLÍUSSON

Kanadíska blaðakonan Naomi Klein hefur skrifað bók sem heitir The Shock Doctrine: The Rise of Disaster Capitalism. Bókin fjallar um það hvernig nýfrjálshyggjumenn og stofnanir þeirra eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nýta sér stórslys og stóráföll af ýmsu tagi til að koma stefnu sinni í framkvæmd. Meðal dæma sem hún nefnir eru einkavæðing skólakerfisins í New Orleans eftir að fellibylurinn Katrina hafði lagt borgina í eyði, einkavæðing og einkavinavæðing Bandaríkjanna á efnahagskerfinu í Írak eftir innrásina 2003, frjálshyggjutilraunin í Chile eftir morðið á Salvador Alliende 11. september 1973 o.fl. o.fl.

Sameiginlegt þessum dæmum er að þeir sem ástunda nýfrjálshyggju af þessu tagi leita uppi svæði, aðstæður og lönd þar sem efnahagskerfið hefur orðið fyrir svo miklu áfalli að auðvelt er að koma stefnuskrá nýfrjálshyggjunnar í framkvæmd.

Eitt af bestu dæmum um framkvæmd slíkrar stefnuskrár er líklega Rússland eftir fall Sovétríkjanna. Nýfrjálshyggjumenn fengu þar frítt spil og komu stefnuskrá sinni í framkvæmd. Velferðarkerfi sósíalismans var tekið niður og eignir ríkisins afhentar örfáum ólígörkum á silfurfati. Fámenn yfirstétt ræður nú ríkjum í Rússlandi og stjórnar með harðri hendi. Hér ætla nú Íslendingar að leita aðstoðar eftir sitt eigið efnahagslega stórslys. Rússar sjá sér leik á borði, þeir þekkja hvað hægt er að gera við slíkar aðstæður. Möguleikarnir eru ótakmarkaðir fyrir einbeitta og sniðuga menn.

Annað mjög gott dæmi er „aðstoð“ Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við lönd í Austur-Asíu eftir fjármálakreppu þar um slóðir árið 1997. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nýtt sér aðstæður þar sem stjórnvöld og almenningur voru í sjokki eftir fjármálahrun á verðbréfamörkuðum og heimtuðu „umbætur“ í anda nýfrjálshyggjunnar. „Umbætur“ þessar kostuðu Austur-Asíubúa enn meira en fjármálakreppan sjálf og Naomi Klein notar aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að vandanum í Austur-Asíu 1997 sem enn eitt dæmi um það hvernig nýfrjálshyggjumenn nýta sér áföll af ýmsu tagi til að koma stefnuskrá nýfrjálshyggjunnar í framkvæmd.

Það verður að segjast að líkurnar á því að aðstoð frá aðilum sem þeim sem Íslendingar eru núna að reyna að biðja um hjálp í vandræðum sínum er ekki líkleg til að reynast raunveruleg aðstoð. Langlíklegast að bæði Rússar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn muni reyna að fiska í gruggugu vatni hins efnahagslega stórslyss sem Íslendingar hafa orðið fyrir. „Aðstoðin“ gæti því orðið til að gera illt verra. Best væri að bíða átekta um sinn og sjá hverju fram vindur í hinni alþjóðlegu fjármálakreppu, byggja upp nýjar bankastofnanir og koma á gjaldeyrisviðskiptum í gegn um þær. Við eigum að hafa gjaldeyrisvaraforða til níu mánaða, eftir því sem Seðlabankinn segir, svo ekkert virðist liggja á.

*Höfundur er sagnfræðingur.*

# Áskorun til veitingamanna

**UMRÆÐAN**
Magnús Ingi Magnússon skrifar um veitingaþjónustu


MAGNÚS INGI MAGNÚSSON

Ég lít svo á að nú þurfum við veitingamenn að endurskoða hlutverk okkar og sýna sömu ráðdeildarsemi, auðmýkt og velvilja í garð náungans og ætlast er til af öðrum Íslendingum á þessum erfiðu tímum.

Áður fyrr voru veitingahús kölluð greiðasölur þar sem þreyttir og svangir ferðalangar gátu reitt sig á að fá góðan beina í merkingunni að njóta veitinga og gestrisni. Í orðabókinni er sögnin að beina m.a. útskýrð svona: efla, hjálpa, greiða fyrir.

Það er í þeim anda sem ég skora á veitingamenn að taka höndum saman og gera sem flestum kleift að koma saman yfir góðum en ódýrum málsverði.

Við getum stuðlað að því á ýmsan hátt; með því að fjölga tilboðum með ódýrum réttum, bjóða upp á fjölskyldumáltíðir á lægra verði, lækka verðið einn dag í viku eða fara svipaða leið og við á Sjávarbarnum ákváðum að fara, að lækka verðið á sjávarréttahlaðborðinu okkar um helming á kvöldin.

Þetta ætti að auðvelda fjölskyldum og vinahópum að eiga góða stund saman á veitingahúsi. Það hefur enda sjaldan verið mikilvægara að fólk hittist, spjalli saman og stappi stálinu hvert í annað. Um leið eru meiri líkur á því að veitingahúsin lifi af þá erfiðu mánuði sem fram undan eru þótt hagnaðurinn verði minni en enginn um skeið.

*Höfundur er veitingamaður á Sjávarbarnum.*


Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

**ALFRED NOBEL FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1833.**

*„Það er mín eindregin ósk að verðlaunin verði veitt án tillits til þjóðernis. Sá sem á verðlaunin mest skilið á að hljóta þau og gildir einu hvort viðkomandi sé frá Norðurlöndunum eða ekki.“*



***Nobel var sænskur uppfinningamaður, þekktastur fyrir að finna upp dínamítið. Nóbelsverðlaunin voru sett á fót sem hans hinsta ósk en hann var miður sín yfir því að uppfinning hans skyldi vera notuð til illra verka. Hann vildi að verðlaunin færu til þeirra sem gerðu heiminum gott.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 21. OKTÓBER 1944

## *Nýsköpunarstjórnin mynduð*

Nýsköpunarstjórnin tók við stjórnartaumunum á Íslandi þennan dag árið 1944. Ólafur Thors varð forsætis- og utanríkisráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn en auk hans mynduðu Sósíalistaflokkurinn og Alþýðuflokkurinn stjórnina.

Færa má fyrir því rök að nýsköpunarstjórnin hafi lagt grunninn að þeim framförum sem urðu á Íslandi eftir lok seinni heimsstyrjaldar. Þegar nýsköpunarstjórnin tók við áttu Íslendingar gríðarlegar erlendar innistæður. Eftir þrengingarnar á kreppuárunum kom gullöld í atvinnusögu Íslendinga. Atvinnuleysið hvarf, laun snarhækkuðu og alls staðar var eftirspurn eftir vinnuafli. Einstakt tækifæri skapaðist þar með til að nýta féð til uppbyggingar atvinnuveganna. Til að svo mætti vera urðu stéttir landsins að standa saman. Úr þessu spratt nýsköpunarstjórnin. Keyptir voru togarar til landsins, svonefndir nýsköpunartogarar.

Stjórnin sat til 4. febrúar 1947 þegar hún



sprakk vegna deilna um veru bandarísks hers á landinu. Sjálfstæðismenn sömdu þá við Framsóknarflokk og Alþýðuflokk um myndun nýrrar ríkisstjórnar.

## MERKISATBURÐIR

1916 Fyrstu alþingiskosningarnar haldnar eftir að konur fá kosningarétt.

1916 Pétur Ottesen er kjörinn á þing 28 ára gamall. Hann situr á þingi í tæp 43 ár, lengur en nokkur annar.

1933 Þjóðaratkvæðagreiðsla um bannlögin svonefndu fer fram. Í kjölfar hennar er áfengisbann afnumið.

1967 Upp kemst um eitt mesta áfengissmygl í áratugi. Það er kallað Ásmundarmálið, kennt við bátinn Ásmund. Þúsundum lítra af áfengi var smyglað til landsins og var smyglið geymt í skipsflaki í Elliðaárvogi.

2006 Hellisheiðarvirkjun er formlega gangsett.



**SÝNINGAR INNANLANDS OG UTAN** Birgitta Spur, ekkja Sigurjóns, í efri sal Listasafnsins að Laugarnestanga. Safnið hefur í tilefni aldarafmælisins staðið fyrir fjölþættu sýningar- og kynningarstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGURJÓN ÓLAFSSON MYNDHÖGGVARI: ALDARAFMÆLI

# Langar að vekja forvitni barna

Myndhöggvarinn Sigurjón Ólafsson hefði orðið hundrað ára í dag en hann lést árið 1982. Þá er Listasafn Sigurjóns Ólafssonar tuttugu ára um þessar mundir en það var opnað almenningi árið 1988. Á þessum tímamótum hefur Listasafnið beitt sér fyrir fjölþættu sýningar- og kynningarstarfi bæði innanlands og utan.

Sýningin Stund hjá Sigurjóni verður opnuð í listasafninu að Laugarnestanga 70 á laugardag. Hún er sérstaklega ætluð börnum í fylgd með fullorðnum. „Við höfum útbúið leik um safnið sem ætlað er að vekja forvitni barna, auðvelda þeim að upplifa verkin, setja fram spurningar og örva samræður þeirra við hina fullorðnu,“ segir Birgitta Spur, safnstjóri listasafnsins og ekkja Sigurjóns.

Á sýningunni fá börnin í hendurnar spjöld með mismunandi flokkum og geta valið að skoða andlitsmyndir, dýr eða verk sem örva ímyndunaraflið. Hinir fullorðnu fá annars konar spjöld með upplýsingum og lausnum sem hjálpa til við að stýra samræðunum og þannig rekur fjölskyldan sig um safnið. „Hugmyndin er að fjölskyldur geti komið hingað og átt góða stund saman. Börnin fá tækifæri til að uppgötva listina og foreldrarnir að sjá hana frá sjónarhóli barnsins,“ segir Birgitta og nefnir fleiri viðburði í tengslum við afmælið.

„Í sumar var efnt til sýningar í stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar þar sem vinna listamannsins við gerð lágmyndanna á Búrfellsstöð var kynnt, en á stöðinni er 90 metra langt útilistaverk eftir Sigurjón. Við létum gera bækling, sýndum myndband með honum að störfum og handverkfærin sem hann notaði.“

Sýning á andlitsmyndum Sigurjóns var svo opnuð í Friðriksborgarsafninu í Danmörku 26. september og stendur hún til 31. desember. „Ég hef aldrei séð þessar myndir í jafn fallegri umgjörð en andlitin lifna við á litríkum grunni,“ lýsir Birgitta. Í tilefni sýningarinnar var gefin út bók á dönsku og ensku sem upp á dönsku kallast Billedhuggeren Sigurjón Ólafsson og hans portrætter.

Fyrir skemmstu var síðan opnuð sýning í Hafnarborg með úrvali módernískra verka Sigurjóns og Þorvalds Skúlasonar og ætti því að vera af nógu að taka.

vera@frettabladid.is



†

**Heiðrún Soffía Steingrímsdóttir,**
fyrrum formaður Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri, til heimilis að Grundargerði 3a,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 18. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Edda H. Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Jónatansson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birthe Helena Leoson,**
Austurvegi 5, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, mánudaginn 13. október. Útförin fer fram frá Njarðvíkurkirkju, Innri-Njarðvík, föstudaginn 24. október kl. 13.00.

**Jensia Michala Leo**
**Nikulás Leo Johannesson**
**Johann Maríus Leo**
**Johannes Leo Johannesson**
**Þórir Magnússon**
**Gunnhild Absalonsen**
**Anna Björghild Jensa Leo**
**Janne Katrine Nordle**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður,ömmu og langömmu,*

**Guðlaugar Marteinsdóttur,**
Hrafnistu í Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á 4A og 4B Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

**Guðjón Ólason**
**María Guðbjörg Óladóttir**
**Sigurlaug Maren Óladóttir**
**Flóvent Johansen**
**Smári Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Ívar Reynir Steindórsson**
(Frá Teigi), Furugrund 66, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 16. október. Útförin fer fram frá Hjallakirkju föstudaginn 24. október kl. 13.00.

**Sólveig Jóhannesdóttir**
**Þórarinn Ívarsson**
**Steindór Ívarsson**
**Sigurjón Ívarsson**
**Guðrún Ívarsdóttir**
**Rúnar Ívarsson**
**Kolbrún Ívarsdóttir**
**Ólafur Björn Heimisson**
**Maitza Esther Pacifico Ospino**
**Jón Sigurðsson**
**Ásta Guðríður Björnsdóttir**
**Þorvaldur Siggason**
**Sigrún Sölvey Gísladóttir**
**Jóhann Anton Ragnarsson**
**Júlíana Ósk Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Einar Magnússon**
Réttarheiði 6, Hveragerði,

lést fimmtudaginn 16 október. Jarðarförin fer fram frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 24. október kl. 14.

**Borghildur Traustadóttir**
**Elísabet Einarsdóttir**
**Brynhildur Sigurðardóttir**
**Ingveldur Sigurðardóttir**
**Sigríður Björk Sigurðardóttir**
**Njörður Sigurðsson**
**Kári Þór Michelsen**
**Sigurður Sveinsson**
**Þorvaldur Hannesson**
**Guðmundur Sigurðsson**
**Kolbrún Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, dóttur, barnabarns og systur,*

**Erlu Jónínu Jónsdóttur**

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks sem önnuðust hana í veikindum hennar.

**Jón Marel Magnússon**
**Ída Bjarklind Magnúsdóttir**
**Ída S. Sveinbjörnsdóttir**
**Jón S. Hreinsson**
**Snjólaug Valdimarsdóttir**
**Jónína Hallgrímsdóttir**
**Erla Stefánsdóttir**
**Jón Guðmundsson**
**og systkini hinnar látnu.**




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000






NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Lúxus-kreppa

Í áraraðir hefur Nigella Lawson sýnt Íslendingum hvernig á að elda góðærismáltíðir. Nigella verður eflaust tákn útrásarmatargerðarinnar. Nema einhver taki sig til og sendi henni leiðbeiningar hvernig eigi að sjóða slátur „in a delicious way“.

Nigella gerði linnulausar tilraunir á eiginmanni sínum, Charlie Saatchie. Og þótt margir hafi örugglega öfundað Charlie neyddist Nigella til að setja hann á sérstakan „níu-eggja-kúr“ til að forða honum frá því að fitna ótæpilega.

En Charlie hefur örugglega gerst sekur um að stelast aðeins í ísskápinn og vitað hvar lykillinn var geymdur að hinu margfræga matarbúri sem Nigella hefur svo oft sýnt. Og þótt kreppan bjóði upp á að sultarólin þrengist þá hefur hún sína kosti, því margir hafa brugðið á það ráð að hamstra matvæli. Í stað óskilgetins pláss í þvottahúsinu er komið myndarlegt matarbúr, sneisafullt af hvers kyns gúmmelaði. Það er vaktað með öllum tiltækum ráðum og dirfist einhver að lauma sér þar inn er þeim hinum sama mætt af mikilli hörku. Frystikistan er full af dæmigerðum íslenskum kræsingum á borð við ýsu og frosnu og ósoðnu slátri. Slíkt hefði aldrei sést á tímum balsamedikparmesan-fisksins.



Helsti lúxusinn er þó að á hverjum einasta morgni vaknar maður, eins og Charlie, við nýbakað brauð og fær heimabakaða skúffuköku í nesti.

Kreppu-Íslendingurinn getur því bara lygnt aftur augunum og beðið eftir því að húsið fyllist af hveiti, sykri og eggjum. Og húsið taki að ilma eins og hjá ömmu. Eða Nigellu og Charlie.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Ég skulda ekki Guði, ég skulda fólkinu

Nú er gaman að fara í leikhús, varð fullorðinni konu að orði að sýningu lokinni.

Gunnar Eyjólfsson lék á alla sína strengi í túlkuninni á hinum brjóstumkennanlega aldraða Jónatan sem blindur lítur til baka á sín eigin stóru mistök í lífinu.

Okkur er það líklega mjög hollt að líta aðeins í baksýnisspegilinn, kynnast aftur því fólki sem einhvern veginn hvarf í skugga kauphallanna.

Og mikið væri það nú gott núna ef einhver einn og aðeins einn risi upp og tæki á sig ábyrgðina á því að hafa siglt þjóðarskútunni í strand, blindur eða siðblindur.

Í hinu ágæta leikriti Jökuls Jakobssonar, Hart í bak, sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu á föstudaginn, segir frá skipstjóranum Jónatan sem orðinn er nær elliær og blindur, en á fjörutíu árum fyrr að hafa siglt flaggskipi íslenska flotans í strand, sjálfri þjóðarskútunni. Jónatan var á skipstjórnartíma sínum í góðum efnum og bjó í fínu tvílyftu húsi en þegar við kynnumst honum hokrar hann hjá dóttur sinni sem framfleytir sér með spádómum og vændi. Á heimilinu býr einnig nítján ára sonur spákonunnar Áróru, Láki, sem flosnað hefur úr námi og helst ekki í vinnu. Hann kennir mistökum afans og líferni mömmunnar um uppgjöfina. Þau búa í kofa niður við slipp en höfðu áður búið á Stýrimannastíg eða einhvers staðar þar um slóðir. Spákonan Áróra hegðar sér þrátt fyrir fátæktina eins og hún sé enn ríkimannsprinsessan sem allir piltar bæjarins þráðu á sínum tíma. Hún er í slagtogi við Finnbjörn ruslasala sem hefur efnast á þrotlausu basli svona til þess að sýna hinum, og var bara fátækur þræll meðan hún var skipstjóradóttirin fína en nú hafa hlutverkin snúist við þannig að hann er ekki aðeins bjargvættur hennar heldur einnig kúgari.

Stígur er skósmiður og mikill guðsmaður. Líklega kynntur til leiksins til að sýna okkur að Jónatan vill engum skulda þar sem hann getur ekki borgað fyrir skóviðgerð og heimtar að Stígur fari aftur með skóna, en einnig er Stígur notaður sem eins konar trúður eða upplyfting í hinu annars nokkuð tilbreytingarlausa og vonlausa lífi hinna persónanna. Austan af landi birtist allt í einu ung stúlka hvers móðir hafði þekkt Áróru og þar sem hún þekkir engan í bænum æxlast hlutirnir þannig að hún flytur inn til þeirra.

Hjalti Rögnvaldsson fer með hlutverk kennarans Péturs, miðaldra piparsveins sem trúir á Láka og gerir allt til þess að hjálpa honum. Hjalti nær hér fantagóðum tökum á þessum gegnheila korrekt manni og faðmlag þeirra Láka, þegar hann lofar að kosta hann til liðsforingjanámsins er eitt af eftirminnilegustu atriðum þessarar uppfærslu. Elva Ósk Ólafsdóttir túlkar hlutverk Áróru af innsæi og festu og lögn á þessari sterku persónu hjá leikstjóra er að hún stendur allan tímann með ákvörðunum sínum, hverjar sem þær eru. Elva sýnir hér að vanda að í henni er glóð sem þarf ekki nema að blása í til þess að allt hitni.

Kjartan Guðjónsson hefur mikla kómíska hæfileika og enginn vandi að láta hann sprella. Hér er leikstjórinn greinilega með dempara á honum sem gerir það að verkum að túlkun hans á Stíg skósmið og furðufugli verður hreinlega eitt það besta sem hann hefur tekist á við. Engar öfgar, bara ótrúlega ámátlegur og fyndinn.

Jökull Jakobsson hefði orðið sjötíu og fimm ára í ár og sjálfsagt að heiðra hann og minnast sem leikritaskálds og það er enginn vafi á því að endursýning Hart í bak einkar vel við þótt leikritið sem slíkt sé meira eintal margra persóna heldur en eiginlegt framvinduverk.

Það er greinilegt að mikil vinna hefur verið lögð í persónusköpun og textavinnu enda verður það nokkuð á kostnað búninga og lýsingar. Ungu stúlkurnar þrjár, vinkonur Láka, sem þær Þórunn Lárusdóttir og Esther Talía Casey leika, og Árdís eru í nútímadressum, sem er svo sem ekkert nýtt innan leiklistarsögunnar, meðan aðrir eru búningum frá fimmta eða sjötta áratugnum. Þetta val að láta þær skoppa um í þessum litskrúðugu spútnik-klæðum er kannski til að fá einhvers konar tímaleysi og sýna að unglingar eru alltaf nákvæmlega eins.

Árdísi leikur Þóra Karítas Árnadóttir af mannlegri hlýju og þó svo að hún hafi einnig verið leitandi, kom til þess að finna föður sinn, er hlutverk hennar þó eins konar andstæða hinna, því henni er ekki nuddað upp úr því að hafa siglt þjóðarskútunni í strand.

Jónatan verður eins og þjónninn í Kirsuberjagarðinum, aleinn eftir þegar allir eru farnir. Skverar sig upp í úníformið og hyggst hitta þá menn sem nú ráða á kontórnum eins og hann er búinn að vera að skipuleggja með sjálfum sér síðustu hálfa öld. Þegar leiknum lýkur, Áróra farin til Friðbjarnar, Láki á leið í liðsforingjanám og Jónatan leiddur út úr sinni veröld af byggingaverkamönnum, en hans bíður elliheimilið sem hann er ekki par hrifinn af, er eins og nýr tími taki við.

Gamli tíminn víkur fyrir hinum nýja og er ekki að vita nema hægt væri síðar að snúa einmitt þessu lokaatriði við, það er: vistmenn elliheimila bera út byggingaverktaka.

Það eru ýmis gullkorn í texta Jökuls Jakobssonar sem fellur einstaklega vel að ástandi líðandi stundar, enda sýndu viðbrögð áhorfenda það. Þetta er vel unnin og vönduð sýning af hendi leikstjórans Þórhalls Sigurðssonar, þó hún hafi verið full hæg í fyrri hlutanum, en stjarna kvöldsins var tvímælalaust einn elsti starfandi leikari landsins, Gunnar Eyjólfsson. Gunnar svíkur engan í túlkun sinni, með varfærnislegri nálgun af virðingu og elsku á manni sem haldinn er þráhyggju iðrunar. Engar öfgar í hreyfingum hins sjónskerta og þrátt fyrir angistina skilaði sér hvert orð og atkvæði út í öll horn Þjóðleikhússins.

**Elísabet Brekkan**



**LEIKLIST** Stjarna kvöldsins er Gunnar Eyjólfsson. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

**LEIKLIST**

**Hart í bak**

eftir Jökul Jakobsson

Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson
Leikmynd: Sigurjón Jóhannsson
Búningar: Margrét Sigurðar og Sigurjón Jóhannsson
Tónlist: Jóhann G. Jóhannsson
Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason
Leikarar: Gunnar Eyjólfsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Þórir Sæmundsson, Hjalti Rögnvaldsson, Þóra Karítas Árnadóttir, Pálmi Gestsson, Esther Talía Casey, Þórunn Lárusdóttir og Baldur Trausti Hreinsson.

★★★★

Vel unnin og vönduð sýning

**Burstar og kústar**

uppþvottaburstar, skóburstar, gólfburstar, kústar, skrúbbar og fl.



TAKK hreinlæti ehf.

Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is

**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Skagafjörður 10 ára

**Sameiningar sveitarfélaga - hvað hefur áunnist, hvert stefnir?**

Ráðstefna haldin á Sauðárkróki 23. okt. nk.

Í tilefni af því að í ár eru liðin 10 ár frá því að 11 sveitarfélög í Skagafirði sameinuðust í eitt, Sveitarfélagið Skagafjörð, mun sveitarfélagið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga gangast fyrir ráðstefnu þann 23. október n.k.
Ráðstefnan verður haldin í sal Frímúrara, að Borgarmýri 1 á Sauðárkróki og hefst kl. 13:00. Að ráðstefnunni lokinni verða léttar veitingar í boði sveitarfélagsins.
Ráðstefnan er öllum opin, án endurgjalds. Skráning í síma 455 6000 eða í tölvupósti skagafjordur@skagafjordur.is.
Ráðstefnustjóri: Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar
Dagskrá:

| | |
|---|---|
| **Kl. 13:00** | **Tónlistaratriði í boði Tónlistarskóla Skagafjarðar** |
| **Kl. 13:15** | **Setning og ávarp**<br>Kristján L. Möller, ráðherra sveitarstjórnarmála |
| **Kl. 13:20** | **Sveitarfélagið Skagafjörður – saman í 10 ár**<br>Áskell Heiðar Ásgeirsson, sviðsstjóri Markaðs- og þróunarsviðs |
| **Kl. 13:40** | **Er sameining nauðvörn eða sóknarleikur?**<br>Gunnar Bragi Sveinsson, formaður stjórnar SSNV |
| **Kl. 14:00** | **Sameining á þenslutímum**<br>Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð |
| **Kl. 14:20** | **Sameining sveitarfélaga. Fortíð, nútíð og framtíð**<br>Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri |
| **Kl. 14:40** | **Kaffi** |
| **Kl. 15:00** | **Stefna stjórnvalda í sameiningarmálum og aðkoma Jöfnunarsjóðs svf.**<br>Kristján L. Möller, ráðherra sveitarstjórnarmála |
| **Kl. 15:20** | **Sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga í sameiningarmálum**<br>Halldór Halldórsson, formaður stjórnar sambandsins |
| **Kl. 15:40** | **Pallborðsumræður: Stjórnandi Þorvaldur Jóhannesson framkv.stj. SSA**<br>**Þátttakendur:**<br>Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga<br>Gunnar Svavarsson, alþingismaður og sveitarstjórnarm. í Hafnarfirði<br>Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, forseti sveitarstjórnar Skagafjarðar<br>Páll Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar |
| **Kl. 16:40** | **Samantekt og ráðstefnuslit**<br>Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar |
| **Kl. 16:50** | **Léttar veitingar** |

PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir:

**PRIVATE DANCER**

30. október kl. 20 - *UPPSELT*
1. nóvember kl. 15
2. nóvember kl. 20
**Aðeins þessar 3 sýningar!**

Sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða núna!
568 8000 / midi.is

**www.panicproductions.is**




Borgarleikhúsið MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Reykjavíkurborg

## > VILL DANSA VIÐ KONUR

Kate Moss, sem er þekkt fyrir að stunda næturlífið á skemmtistöðum stórborganna, segist ekki þola að dansa við karlmenn sem kunna ekki að hreyfa sig. Ofurfyrirsætan segist þá miklu frekar kjósa að dansa við vinkonur sínar og klæðist þá gjarnan mjög háum hælum og stuttum kjól.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ráðstefnan komin til að vera

„Ráðstefnan gekk alveg vonum framar. Við erum syngjandi glöð sem stóðum að henni," segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Útóns, sem skipulagði alþjóðlegu ráðstefnuna You Are in Control sem var haldin á Hótel Sögu.

Þar ræddu háttsettir aðilar úr tónlistarbransanum um ný viðskiptamódel á sviði afþreyingar og listmiðlunar. Einnig fylgdust þeir flestir með Iceland Airwaves-hátíðinni og skemmtu sér vel.

Anna segir að ráðstefnan sé komin til að vera, enda hafi erlendu gestirnir gefið henni mjög góða einkunn. „Okkar metnaður liggur í því að skapa svona ráðstefnu til að gera okkur samkeppnishæf. Það er engin ástæða til annars þegar vefurinn er farinn að spila svona stóra rullu í þeim viðskiptamódelum sem við vinnum í. Við eigum að geta byggt upp miklu meira stórveldi í kringum okkar tónlistargeira. Ímynd á íslenskri tónlist er sterk og hefur verið í langan tíma og það eru virkileg tækifæri sem liggja í þessu," segir hún. „Það er mikilvægt að svona ráðstefna fari fram hér því við getum skapað miklu áhrifameiri tengsl. Hérna er ekkert sem dreifir athygli enda er fólk bara að koma hingað til að hlusta á íslenska tónlist."

- fb



**ANNA HILDUR HILDIBRANDSDÓTTIR** Anna Hildur segir að ráðstefnan You Are In Control sé komin til að vera.

# Íkveikja frestar mynd

**Framleiðslu hefur verið frestað á nýrri hasarmynd Johns Travolta, From Paris With Love, eftir að kveikt var í tíu bílum sem átti að nota í myndinni.**

**Íkveikjan átti sér stað í úthverfi Parísar þar sem fjöldi innflytjenda býr. Mikil uppþot urðu í sama hverfi fyrir þremur árum. Tökur á myndinni áttu að hefjast á mánudag og áttu þær að standa yfir í tólf vikur í París. Í myndinni leikur Travolta njósnara og Jonatahan Rhys Meyers leikur starfsmann sendiráðs sem lendir í mikilli hættu.**



**OASIS** Rokkararnir í Oasis ætla að halda stórtónleika í Slane Castle á Írlandi næsta sumar.

# Stórtónleikar í Slane Castle

Bresku rokkararnir í Oasis ætla að halda stórtónleika í Slane Castle á Írlandi 20. júní á næsta ári. Pláss er fyrir allt að hundrað þúsund manns á tónleikunum, sem yrðu á meðal þeirra stærstu í sögu sveitarinnar.

Oasis hefur reyndar áður spilað í Slane Castle, árið 1995, þegar sveitin hitaði upp fyrir R.E.M. Nýjasta plata Oasis, Dig Out Your Soul, fór beint í efsta sæti breska vinsældalistans. Þar með hafa allar sjö plötur sveitarinnar komist á toppinn í Bretlandi, sem er einstakur árangur.



**HAFNAÐI TILBOÐUM FJÁRFESTA** Birna skoðar möguleika á framleiðslu í Peking og Shanghai en hún vill ekki fara út í fjöldaframleiðslu á fatnaði sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fimm verslanir á fimm árum

**Birna Karen Einarsdóttir fagnaði tveggja ára afmæli Birna Concept Shop fyrir helgi. Föt hennar eru seld í níu löndum.**

„Við erum búnar að opna þrjár búðir á þremur árum og stefnum á tvær í viðbót innan fimm ára," segir Birna Karen Einarsdóttir, eigandi og hönnuður Birna concept shop, sem fagnaði tveggja ára afmæli verslunarinnar síðastliðinn föstudag. Birna hannar og framleiðir föt fyrir konur á öllum aldri sem eru seld til níu landa út um allan heim og segist fyrst og fremst leggja áherslu á falleg snið. „Við búum til föt fyrir mismunandi týpur af konum á öllum aldri, af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum líka áherslu á að sniðin dragi fram kvenlegar línur og gerum ekki bara tískufatnað heldur föt sem hægt er að nota ár eftir ár. Merkið er orðið sex ára gamalt og var upprunalega heildsala. Við opnuðum fyrstu búðina í Kaupmannahöfn fyrir þremur árum, svo á Íslandi fyrir tveimur árum og síðast í mars opnuðum við 200 fermetra búð í miðbæ Kaupmannahafnar," útskýrir Birna sem mun opna vefverslun á síðunni birna.net í næsta mánuði og hefur í hyggju að opna verslanir í Árósum, Ósló eða Stokkhólmi.

„Við vorum að koma frá Peking og Shanghai þar sem við skoðuðum saumastofu fyrir framleiðslu. Stofan er í eigu Dana og þar er vel passað upp á öll réttindi starfsfólksins, sem okkur finnst mjög mikilvægt, en meirihluti framleiðslu okkar mun áfram fara fram í Evrópu. Við erum ekki að hugsa um að fara út í neina fjöldaframleiðslu og ég vil gera þetta á minn hátt. Ég hef fengið tilboð frá fjárfestum, en ég hef engan áhuga á því og vil frekar vera á fáum en góðum stöðum," segir Birna að lokum.

alma@frettabladid.is

# Gifti sig í laumi í sumar

Söngkonan Nelly Furtado giftist kærasta sínum til tveggja ára, Demacio Castellon, í laumi í sumar. Þetta viðurkenndi hún í viðtali í sjónvarpsþættinum Entertainment Tonight Canada. „Ég elska hann og ég er mjög hamingjusöm. Ég lít björtum augum á framtíðina," sagði hún. „Mér líður eins og ég sé frjálsari og afslappaðri en áður."



**NELLY FURTADO** Furtado giftist Demacio Castellon í laumi í sumar.

Hjónin nýbökuðu kynntust þegar Castellon starfaði við upptökur á síðustu plötu hennar, Loose, sem kom út fyrir tveimur árum. Vinsælasta lagið af henni var Promiscuous.



**MAX PAYNE** Mark Wahlberg hlutverki Max Payne.

# Max Payne á toppnum

**Hasarmyndin Max Payne, sem er byggð á samnefndum tölvuleik, fór beint á toppinn á aðsóknarlistanum vestanhafs um síðustu helgi. Sló hún þar með fjölskyldumyndina Beverly Hills Chihuahua af toppnum eftir að hún hafði setið þar í tvær vikur.**

**Max Payne fjallar um lögreglumann sem missir fjölskyldu sína og ákveður í framhaldinu að leggja í mikla hefndarför. Í þriðja sæti á aðsóknarlistanum lenti ævintýramyndin The Secret Life of Bees en í því fjórða varð W, mynd Olivers Stone um George W. Bush, Bandaríkjaforseta. Mynd hins efnilega Shia LaBeouf, Eagle Eye, endaði síðan í fimmta sæti.**




# Mr. Blackwell látinn

Tískugúrúinn Mr. Blackwell, sem setti á hverju ári saman lista yfir verst klæddu stjörnurnar, er látinn, 86 ára gamall. Á meðal þeirra sem komust á listann var Björk Guðmundsdóttir fyrir svanakjólinn sem hún klæddist á Óskarshátíðinni um árið. „Hún dansar í myrkrinu og klæðir sig þar líka," sagði Blackwell og var ekki hrifinn af klæðaburðinum. Á meðal fleiri stjarna sem komust á listann voru Madonna, Meryl Streep, Christina Aguilera og Camilla Parker-Bowles. „Listinn gerir og gerði grín að tískumistökum ársins," sagði Blackwell í viðtali fyrir nokkru. „Ég sagði bara upphátt það sem aðrir voru að hvíslast á um. Það er ekki ætlunin að særa tilfinningar þessa fólks, heldur að gagnrýna fötin sem það klæðist."



**RICHARD BLACKWELL** Björk Guðmundsdóttir var ein þeirra stjarna sem komust á lista Mr. Blackwell. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

GREY'S ANATOMY

# VINSÆLASTI ÞÁTTUR Í HEIMI

**HEFST Á MIÐVIKUDAG KL. 21:15 – SÖGUÞRÁÐUR SEM KEMUR Á ÓVART**




Gott Fólk

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 5.45D - 8D - 10.15D | 16 |
| MAX PAYNE LÚXUS | kl. 5.45D - 8D - 10.15D | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 | 12 |
| | | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HAMLET 2 | kl. 10.15 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 6 - 10 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE WOMEN | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 6 (650)- ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MAX PAYNE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOLOGY | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| TROPIC THUNDER | kl. 10:20 | 16 |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8:10 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 12 |
| QUEEN RAQUELA | kl. 10:20D | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |
| WILD CHILD | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 8 | 16 |
| BABYLON A.D. | kl. 10:10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 8 | 16 |
| PATHOLOGY | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| SMART PEOPLE | kl. 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10 | 16 |

NÝTT! 500 kr Í SAMBÍÓIN Á ÞRIÐJUDÖGUM




**VALUR GUNNARSSON** Vodka Songs er loksins tilbúin en svo virðist sem tveggja ára lög plötunnar eigi miklu betur við nú en þá í ljósi vendinga í efnahagsmálum og samskiptum Íslands og Rússlands.

# Íslenskir vodka-söngvar gefnir út í Rússlandi

**Til stendur að gefa út nýja plötu Vals Gunnarssonar og Gímaldsins Megasarsonar út í Pétursborg. Platan heitir Vodka Songs og má heita sérstætt að Íslendingar telji sig hafa eitthvað til vodkamenningar Rússlands að leggja.**

„Þetta eru erfiðir tímar fyrir þjóðina en góðir fyrir Rússlandsáhugamenn. En þó að ég hafi dálæti á menningu Rússlands er ekki þar með sagt að ég dái rússneska stjórnarhætti,“ segir Valur Gunnarsson, tónlistarmaður með meiru.

Plata hans og Gímaldins Megasarsonar er loksins að koma út, formlegur útgáfudagur var í gær, eftir að hafa verið í dái um tveggja ára skeið. Platan heitir Vodka Songs og er vart hægt að ímynda sér betri tímasetningu fyrir útgáfu hennar en núna. Íslenskir tónlistarmenn horfa nú mjög til austurs í kjölfar þess að Davíð Oddsson lét þess getið að vænta mætti láns frá Rússlandi sem lagað gæti gjaldeyrisstöðu Íslands. Reyndar bólar ekki enn á láninu en hugmyndin ein og sér hefur orðið til að efla mjög Rússlandsáhugamenn í andanum. Skemmst er að minnast frétta af því að Geir Ólafsson hyggst gefa út nýja plötu sína í Moskvu í sérstakri rússneskri útgáfu.

„Sum lögin eru orðin svolítið „deituð“ en önnur eiga einhvern veginn miklu betur við nú en þá. Lögin Russian Century og American Century fjalla annars vegar um hrun bandaríska heimsveldisins, sem virðist nær núna en áður, og hitt um hvernig nýir keisarar taka við Rússlandi eftir að byltingu lauk,“ segir Valur. En svo virðist að þegar þeir Gímaldin voru að leggja drög að plötunni hafi þeir séð eitt og annað fyrir. „Þetta er verkaskipting okkar á milli. Ég sem textana og syng – Gímaldin semur tónlist og leikur á hljóðfæri ásamt fleirum.“

Til stendur að gefa plötuna út í Rússlandi en Gímaldin er einmitt staddur nú um stundir í Pétursborg. „Já, Gímaldin sér um þá hlið mála. Við ætlum að gefa Vodka Songs jafnframt út í Rússlandi. Í það minnsta í einhverjum búðum. Þarna er rússneskt forlag sem heitir, merkilegt nokk, Manchester, sem hefur verið að gefa út tónlist Fimmtu herdeildarinnar – hljómsveit Gímaldins.“

Valur segist fagna öllum menningarsamskiptum við Rússland en þó með þeim fyrirvara að taka skýrt fram að hann sé enginn aðdáandi rússneskra stjórnmála. „En það eru kannski engir kostir í stöðunni þegar maður er blankur.“

jakob@frettabladid.is

# Kreppukántrí og kertaljós

Ég hafði efasemdir um hvort Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, væri jafn frábær og af var látið þegar hún kom fram á sjónarsviðið 2006 með plötuna Please Don't Hate Me. Þetta er alveg þokkaleg plata svo sem, en ég keypti ekki ofhlaðinn fagurgalann sem þá heyrðist. Plata með leikhústónlistinni í fyrra gerði ekkert til að auka áhuga minn. Nú sé ég hins vegar loksins ljósið: Lay Low er einfaldlega frábær tónlistarmaður. Það sýnir hún og sannar með nýju plötunni sinni, langbesta verki sínu til þessa.



Tvennt gæti komið til: Að hún hafi þroskast svona gríðarlega sem listamaður eða að það hafi opnað á henni allar sköpunargáfuglufur að fara úr táfýlubílskúrnum með vinum sínum á Selfossi og vinna með eldri atvinnumönnum í London. Lovísa er eini Íslendingurinn sem kemur að tónlistargerð á plötunni. Hún semur öll lögin nema eitt (sem er ævagamall kántríslagari eftir Lefty Frizzell) og textana. Fyrir tilviljun atvikaðist það svo að Lovísu var komið í samband við Bretann Liam Watson sem rekur hljóðverið Toe Rag í London. Þar er tækjakostur forn, eins og um safn sé að ræða. Verið er frægast fyrir að vera fæðingarstaður Elephant-plötu The White Stripes. Liam kallaði til nokkrar sigggrónar hljóðversrottur sem lögðu á ráðin með Lay Low og dembdu sér í að spila lögin inn með henni.

Það er akkúrat ekkert skrýtið við það að hálf-íslensk, hálf-srílönksk söngkona skuli taka sér amerískar kántrístjörnur gærdagsins til fyrirmyndar, hvílíkt er vald Lovísu á forminu. Hún býður upp á ellefu lög, öll afslöppuð, en sum eru einlæg og mjúk á meðan önnur eru harðari af sér og meira töff. Stálgítarinn syngur, kontrabassaleikarinn bograr yfir flykkinu og stundum brestur á með bakröddum eins og þær kæmu beint upp úr kántrílagi með Elvis síðan 1958 eða eitthvað. Meira töff lögin minna oft á eitthvað sem Lee Hazlewood hefði getað kokkað upp fyrir Nancy vinkonu sína.

Allt við þessa plötu er mjög ekta og flott, Lovísa stendur sig æðislega vel með gullfallegum söng, og allt er eins og vera ber. Þess ber þó að geta að sum lög hljóma sem hálfgert uppfyllingarefni og fölna í samanburði við betri lög. Svo má líka spyrja um frumleikann og tilraunamennskuna – hefði ekki verið hægt að mála út fyrir punktalínuna?

Ef við gefum okkur að Lovísa takist á við þessar spurningar á næstu plötu stendur eftir skotheld plata fyrir kertaljósalýst kreppukvöld í komandi skammdegi, þægileg, gefandi, hlý og skemmtileg.

**Dr. Gunni**



**TÓNLIST**

**Farewell Goodnight's Sleep**

Lay Low

★★★★

Lay Low er einfaldlega frábær tónlistarmaður. Það sýnir hún og sannar með nýju plötunni sinni, langbesta verki sínu til þessa.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 21. október 2008**

### ➜ Sýningar

Tvær sýningar standa nú yfir í Listasafni Íslands.

**Ást við fyrstu sýn**, sýning á nýjum aðföngum úr einkasafni Reinholds Würth.

**Shirin Neshat** sýning á myndbandsverkum írönsku listakonunnar stendur yfir í sal 2.

Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7, er opið daglega nema mánudaga frá 11.00-17.00.

### ➜ Uppákoma

**Fríða og dýrið** Sýning á endurnýtanlegu rusli sem einnig hefur fegurðargildi í sér. Sýningin er hluti af alþjóðlega verkefninu SEEDS sem 300 sjálfboðaliðar frá 31 landi tóku þátt í. Sýningin stendur til 24. október og er opin virka daga frá kl. 12.00-17.00. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5.

### ➜ Ljósmyndasýningar

**Stafræn skissubók** Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu stendur yfir sýning á verkum Sissúar. Opið virka daga frá 12.00-19.00 og 13.00-17.00 um helgar.

### ➜ Myndlist

**Vinnustofumyndir** Elfar Guðni Þórðarson sýnir í sýningarsalnum Svarti-klettur í Menningarverstöðinni, Hafnargötu 9, á Stokkseyri. Sýningin er opin daglega frá kl. 14.00-18.00 og stendur til 7. des.

**Réttardagur** Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sýnir verk á Glerártogi. Sýningin er opin á opnunartíma verslana. Glerártorg, Gleráreyrum 1, Akureyri.

**Guðný Svava Strandberg** sýnir pennateikningar og vatnslitamyndir í Boganum í Gerðubergi, Gerðubergi 3-5. Opið virka daga kl. 11.00-17.00 og um helgar frá kl. 13.00-16.00.

**Libia Castro** og **Ólafur Ólafsson** sýna í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Opið alla daga 10.00-17.00, fimmtudaga er opið til kl. 22.00.

### ➜ Tungumálavika

Ítalska sendiráðið í Ósló og ítölskukennarar við Háskóla Íslands standa fyrir Ítalskri tungumálaviku 20-26. okt.

**18.00 Poesia in piazza – ljóðlist á torgi.** Claudio Pozzani, skáld og tónlistarmaður, flytur frumsamin ljóð í Norræna húsinu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Alþjóðleg dreifing



**MANNAVEIÐAR TIL ÚTLANDA** Sjónvarpsþættirnir Mannaveiðar fara í alþjóðlega dreifingu innan skamms.

Samningar hafa náðst milli Reykjavík Films, sem framleiddi sjónvarpsþættina Mannaveiðar, og þýska fyrirtækisins Bavaria Film International um alþjóðlega dreifingu þáttanna.

Bavaria Film er eitt stærsta fyrirtæki Evrópu í sölu kvikmynda og sjónvarpsefnis og dreifir kvikmyndaefni um allan heim. Þættirnir, sem nefnast I Hunt Men á ensku, verða fyrst kynntir á alþjóðlegri kaupstefnu fyrir sjónvarpsefni sem nú stendur yfir í Cannes í Frakklandi.

Handrit Mannaveiða, sem voru sýndir í Ríkissjónvarpinu í vor, skrifaði Sveinbjörn I. Baldvinsson og byggir það á sögu Viktors Arnar Ingólfssonar, Aftureldingu. Sagan nefnist Daybrake á ensku og hefur verið gefin út víða í Evrópu.



**EMINEM** Rapparinn snýr aftur með plötuna Relapse.

# Relapse er væntanleg

Rapparinn Eminem ætlar að snúa aftur úr langri útlegð með plötuna Relapse, sem verður fyrsta plata hans með nýju efni síðan Encore kom út fyrir fjórum árum.

Þetta tilkynnti Eminem á útvarpsstöð sinni, Shade 45, á sama tíma og hann kynnti nýja bók sína, The Way I Am. „Það er fullt af röngum nöfnum á plötunni á sveimi,“ sagði hann. „Hið raunverulega nafn plötunnar er Relapse.“ Spilaði hann í framhaldinu lag af plötunni, I´m Having a Relapse, þar sem Slim Shady tilkynnir endurkomu sína. Ekki hefur verið greint frá því hvenær platan kemur út.



**HÆTT** The Long Blondes þótti hin frambærilegasta rokksveit. NORDICPHOTOS/GETTY

# Long Blondes hættir

**Breska rokksveitin The Long Blondes hefur lagt upp laupana. Gítarleikarinn Dorian Cox tilkynnti þetta á MySpace-síðu sveitarinnar í gærmorgun. Cox fékk hjartaáfall í júní og segir hann að ástæða þess að sveitin hætti sé sú að hann viti ekki hvenær hann verði búinn að ná sér að fullu. „Ég veit ekki hvenær eða hvort ég verð nógu góður til að spila á gítar að nýju,“ skrifar Cox.**

**The Long Blondes sendu frá sér tvær breiðskífur, Someone to Drive You Home árið 2006 og Couples sem kom út fyrr á þessu ári.**



## > Veigar Páll lék á als oddi

Sigurmark Húsvíkingsins Pálma Rafns Pálmasonar gegn Brann í fyrrakvöld nánast gulltryggði Stabæk norska titilinn í fyrsta skiptið í sögu félagsins. Hægt er að nálgast myndbrot af fagnaðarlátum Stabæk-manna á heimasíðu norska dagblaðsins Aftenposten en þar má meðal annars sjá Veigar Pál Gunnarsson hella fullri fötu af vatni yfir þjálfarann sinn, Jan Jönsson. „Mig hefur alltaf langað til þess að prófa þetta eftir að ég sá leikmenn í NFL-deildinni í Bandaríkjunum fagna titlum á þennan hátt. Við höfum reyndar ekki unnið titilinn enn sem komið er en mér líður eins og og þetta sé í höfn. Það þarf ansi mikið að gerast til þess að við missum titilinn í hendurnar á Fredrikstad,“ segir Veigar Páll í viðtali við Aftenposten.



**sport**
sport@frettabladid.is

**BRYNDÍS SIGURÐARDÓTTIR:** VERÐUR FIFA-AÐSTOÐARDÓMARI UM ÁRAMÓTIN FYRST ÍSLENSKRA KVENNA

# *Búið að vera krefjandi og skemmtilegt sumar*

Bryndís Sigurðardóttir verður um áramótin fyrsta íslenska konan sem gerist alþjóðlegur FIFA-dómari en dómaranefnd Knattspyrnusambands Íslands hefur tilnefnt hana til FIFA.

„Nýr FIFA-listi verður birtur um áramótin og hún verður á honum. Við erum búnir að senda listann út og það er ekki búið að staðfesta hann en það er alltaf gert,“ segir Magnús Már Jónsson sem er starfsmaður dómaranefndar. Hann segir að verið sé að vinna í því að fjölga konum í stéttinni. „Við erum með tvær aðrar í sigtinu en þær eru bara of ungar ennþá,“ segir Magnús.

Bryndís sjálf var ánægð með að heyra þessar fréttir.

„Þetta er mjög spennandi og ég bíð spennt ef af verður. Markmiðið er að komast sem lengst,“ sagði Bryndís og hún er sátt við tímabilið. „Það hefur gengið mjög vel í sumar. Þetta er búið að vera krefjandi og skemmtilegt sumar. Þetta hefur bara legið upp á við,“ segir Bryndís sem var meðal annars á línunni í bikarúrslitaleik kvenna á dögunum.



Bryndís stökk til í vetur þegar hún sá auglýst dómaranámskeið fyrir konur en Gylfi Þór Orrason sá um það.

„Ég sá auglýst námskeið í vor. Ég er búin að vera að spila lengi en ætlaði ekki að halda því áfram. Mér fannst þetta vera sniðug hugmynd til að halda áfram að vera innan fótboltans,“ segir Bryndís sem hefur einbeitt sér að vera aðstoðardómari en það gæti verið að breytast því hún hefur áhuga á að dæma meira.

„Ég hef verið lítið í að dæma leiki en maður fer kannski að huga að því með vorinu að fara að prófa að flauta eitthvað,“ segir Bryndís. Hún er reyndar svolítið einmana í þessari miklu karlastétt en vonast til að það breytist fljótt.

„Við vorum þrjár konur sem byrjuðum í þessu í sumar. Svo meiddist ein og önnur er komin til útlanda. Ég er því bara ein eftir en það þarf bara að auglýsa þetta betur upp. Þegar ég hitti einhverjar gamlar sem hafa spilað fótbolta þá ýja ég þessu að þeim,“ segir Bryndís sem mælir með því að konur taki upp flautuna.

„Ég hvet fleiri stelpur að koma að dæma. Þetta er mjög skemmtilegt.“

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

| | |
|---|---|
| Njarðvík-Grindavík | 84-98 (50-53) |

**Stig Njarðvíkur:** Friðrik Stefánsson 20 stig (12 fráköst, 6 varin), Logi Gunnarsson 20 (7 frák. 5 stoðs.), Hjörtur Hrafn Einarsson 15, Magnús Þór Gunnarsson 14 (7 stoðs.), Sigurður Gunnarsson 8, Sævar Sævarsson 4, Slobodan Subasic 3.
**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 41 (14 frák., 5 stoðs.), Brenton Birmingham 16, Þorleifur Ólafsson 14, Helgi Jónas Guðfinnsson 10 (6 stoðs.), Páll Kristinsson 8, Arnar Freyr Jónsson 5 (5 stoðs.), Guðlaugur Eyjólfsson 2, Nökkvi Már Jónsson 2.

| | |
|---|---|
| ÍR-Stjarnan | 81-82 |
| Skallagrímur-Snæfell | 62-94 |

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Newcastle-Man. City | 2-2 |

0-1 Robinho (14.), 1-1 Shola Ameobi (44.), 2-1 sjálfsmark (63.), 2-2 Stephen Ireland (86.).

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | 8 | 6 | 2 | 0 | 19-3 | 20 |
| Liverpool | 8 | 6 | 2 | 0 | 13-6 | 20 |
| **Hull City** | 8 | 5 | 2 | 1 | 11-11 | 17 |
| Arsenal | 8 | 5 | 1 | 2 | 16-6 | 16 |
| **Man. Utd** | 7 | 4 | 2 | 1 | 12-4 | 14 |
| Aston Villa | 8 | 4 | 2 | 2 | 12-10 | 14 |
| **Portsmouth** | 8 | 4 | 1 | 3 | 9-13 | 13 |
| West Ham | 8 | 4 | 0 | 4 | 14-14 | 12 |
| **Blackburn** | 8 | 3 | 2 | 3 | 8-14 | 11 |
| Man. City | 8 | 3 | 1 | 4 | 20-14 | 10 |
| **WBA** | 8 | 3 | 1 | 4 | 7-11 | 10 |
| Sunderland | 8 | 2 | 3 | 3 | 7-9 | 9 |
| **M'brough** | 8 | 3 | 0 | 5 | 7-14 | 9 |
| Wigan | 8 | 2 | 2 | 4 | 11-9 | 8 |
| **Bolton** | 8 | 2 | 2 | 4 | 8-10 | 8 |
| Everton | 8 | 2 | 2 | 4 | 12-18 | 8 |
| **Fulham** | 7 | 2 | 1 | 4 | 5-7 | 7 |
| Stoke City | 8 | 2 | 1 | 5 | 10-15 | 7 |
| **Newcastle** | 8 | 1 | 3 | 4 | 9-15 | 6 |
| Tottenham | 8 | 0 | 2 | 6 | 5-12 | 2 |

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| GIF Sundsvall-Gefle | 2-3 |

Hannes Þór Sigurðsson lék seinni hálfleikinn með Sundsvall og skoraði fyrra mark liðsins en Ari Freyr Skúlason lék allan leikinn með liðinu.

Gylfi Þór Sigurðsson, Reading:

## Vill vera áfram hjá Shrewsbury

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson, miðjumaðurinn ungi hjá Reading, vill framlengja lánssamning sinn hjá Shrewsbury Town en þetta staðfesti hann í viðtali við BBC Sport í gær. Gylfi skoraði í sínum fyrsta leik með Shrewsbury Town, sem leikur í fjórðu efstu deild á Englandi, en upphaflega átti hann að dvelja hjá félaginu í einn mánuð.

„Þegar þú færð tækifæri til þess að spila viku eftir viku í byrjunarliðinu og ert að skora þá viltu halda því áfram. Ég er ekki búinn að fá jafn mörg tækifæri og ég var að vonast eftir hjá Reading og ég held að ef ég verð áfram hjá Shrewsbury Town og stend mig vel þá gæti ég átt betri möguleika að brjótast inn í liðið hjá Reading þegar ég sný aftur þangað,“ segir Gylfi Þór. - óþ



# Páll Axel er bara í bullinu

**Páll Axel Vilbergsson setti á svið sýningu í Ljónagryfjunni í gærkvöldi og skoraði 41 stig í 98-84 sigri Grindavíkur á Njarðvík. Njarðvíkingar sýndu allt annan og betri leik en á móti FSU en það dugði skammt.**

**KÖRFUBOLTI** Páll Axel Vilbergsson, fyrirliði Grindavíkur, er gjörsamlega óstöðvandi þessa dagana. Kappinn er kominn með 80 stig, 29 fráköst og 10 stoðsendingar í fyrstu tveimur leikjum Grindvíkinga og hefur hitt úr 13 af 18 þriggja stiga skotum sínum í þessum tveimur sigurleikjum liðsins. Páll Axel hitti úr 15 af 22 skotum sínum í 98-84 útisigri á Njarðvík í gær og var með 41 stig, 14 fráköst og 5 stoðsendingar.

Njarðvík byrjaði betur í gær og komst mest átta stigum yfir í öðrum leikhluta en Páll Axel hélt sínum mönnum inni í leiknum og Grindavík var síðan komin þremur stigum yfir í hálfleik, 50-53. Njarðvíkingar reyndu allt til að stoppa Pál Axel en um leið losnaði um aðra Grindvíkinga og þá sérstaklega Brenton Birmingham og Helga Jónas Guðfinnsson sem skoruðu 19 af 16 stigum sínum í seinni hálfleik. Grindavík seig síðan fram úr og sigur liðsins var nokkuð öruggur í seinni hálfleik.

„Þetta var betra en síðast hjá okkur. Það vantar enn svolítið upp á varnarleikinn. Hann kom aðeins í seinni hálfleik en hann var skelfilegur í fyrri hálfleik. Við erum með fullt af vopnum sem geta sett boltann í körfuna en við þurfum bara að hysja aðeins upp um okkur í vörninni,“ sagði Páll Axel Vilbergsson, fyrirliði Grindavíkur, eftir leik. „Þetta er alls ekki spurning um mig heldur er þetta spurning um hvernig liðið er að spila. Við erum sæmilega sáttir og það er bara aukatriði hvort ég sé eitthvað góður,“ sagði Páll Axel hógvær í leikslok en það er ljóst að Njarðvíkingum fannst það ekkert aukaatriði að Páll Axel raðaði niður skotunum í gær en flest þeirra tók hann úr mjög erfiðri aðstöðu en það skipti litlu. Páll Axel setti að meðaltali niður 8 af 10 þriggja stiga skotum sínum.



**FRÁBÆR** Grindvíkingurinn Páll Axel Vilbergsson fór á kostum í gærkvöld og skaut Njarðvíkinga algjörlega í kaf með 41 stigi í 84-98 sigri Grindvíkinga í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Eins og sagt er á góðri íslensku þá er hann í bullinu. Hann er bara funheitur þessa dagana og það léttir okkur rosalega lífið í sókninni þegar hann er svona heitur. Það liggur við að aðrir geti verið í þriðja gír á meðan hann er í fimmta gírnum,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, um Pál Axel eftir sigurinn í Njarðvík í gær. „Svo er þetta bara spurning um að ná upp liðsvörninni eins og við náðum í seinni hálfleik. Vörnin í fyrri hálfleik var léleg, þar sem við förum og skoruðum og biðum síðan eftir að fara í sókn. Í seinni hálfleik hertum við vörnina og þá var þetta í fínu lagi,“ sagði Friðrik en Njarðvík hékk lengi í Grindvíkingum og úr varð baráttuleikur þó svo að gestirnir úr Grindavík hafi lengstum haft frumkvæðið.

„Mér fannst margt í þessum leik þrælgott hjá báðum liðum. Njarðvík var líka að spila flottan bolta og þeir eru mun sterkari en fólk gerir sér grein fyrir. Við erum með fína breidd og ég held að við höfum tekið þetta á breiddinni,“ segir Friðrik en fram undan er leikur á móti Tindastól sem hefur einnig unnið tvo fyrstu leiki sína á tímabilinu. „Það verður hörkuleikur og við þurfum að eiga toppleik til þess að taka þá,“ sagði Friðrik að lokum.

Friðrik Stefánsson (20 stig, 12 fráköst, 6 varin) var besti maður Njarðvíkinga í gær og þeir Hjörtur Hrafn Einarsson (15 stig), Logi Gunnarsson (20 stig, 7 fráköst, 5 stoðsendingar) og Magnús Þór Gunnarsson (14 stig, 7 stoðsendingar) áttu líka ágæta spretti en liðið þarf betri framlög hjá fleirum.

Hjá Grindavíki var Páll Axel stórskostlegur, Brenton var mjög góður í seinni hálfleik og Helgi Jónas Guðfinnsson er líka að komast í sitt besta form sem eru góðar fréttir fyrir Grindvíkinga.

ooj@frettabladid.is

Newcastle var nálægt því að landa sigri gegn Man. City þrátt fyrir að vera einum færri frá tólftu mínútu:

# Tíu leikmenn Newcastle héldu velli

**FÓTBOLTI** Einn leikur fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöld þar sem Newcastle og Manchester City skildu jöfn, 2-2.

Leikurinn fór fjörlega af stað á St. James' Park leikvanginum og það dró til tíðinda strax á 12. mínútu þegar Habib Beye, varnarmaður Newcastle, fékk að líta rautt spjald fyrir tæklingu á Citymanninum Robinho innan vítateigs heimamanna. Leikmenn Newcastle mótmæltu harðlega enda virtist Beye fara í boltann áður en hann fór í Robinho en dómarinn Rob Styles var viss sinni sök rak Beye út af og dæmdi vítaspyrnu. Hinn brasilíski Robinho fór sjálfur á vítapunktinn og skoraði af öryggi, 0-1.

Leikmenn Newcastle misstu þó ekki móðinn þrátt fyrir mótlætið og á 44. mínútu náðu þeir að jafna metin þegar boltinn barst til framherjans Shola Ameobi eftir klaufagang í vörn City og hann skoraði af stuttu færi, 1-1 en skömmu síðar var flautað til hálfleiks.

Lukkudísirnar gengu svo til liðs við Newcastle á 63. mínútu þegar Richard Dunne, varnarmaður City, skoraði sjálfsmark sem flestir framherjar hefðu verið stoltir af að skora í mark andstæðings. Föst innanfótarafgreiðsla efst í markhornið en eins og fyrr segir í vitlaust mark og Newcastle komið með forystu, 2-1.

Flest benti til þess að Newcastle myndi halda þetta út þegar Stephen Ireland jafnaði leikinn fyrir City á 86. mínútu, 2-2, eftir laglegt samspil og þar við sat.

Jafnteflið þýðir að City færist upp í tíunda sæti deildarinnar en Newcastle, sem hefur nú aðeins náð í tvö stig af síðustu átján stigum mögulegum, situr áfram í næst neðsta sætinu.

- óþ



**UMDEILT ATVIK** Leikmenn Newcastle mótmæltu harðlega þegar Habib Beye fékk að líta rautt spjald fyrir þessa tæklingu á Robinho. Sjónvarpsupptökur sýndu að Beye kom við boltann. NORDIC PHOTOS/GETTY



**RAUTT SPJALD** Drogba fékk rautt spjald eftir samskipti sín við Vidic í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Didier Drogba, Chelsea:

## Hefði átt að lemja Vidic

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið ætlar að rannsaka ummæli sem Didier Drogba, framherji Chelsea, lætur falla í nýrri ævisögu sinni. Drogba fékk rautt spjald fyrir að klappa á kinnina á Vidic í úrslitaleik Meistaradeildarinnar en segir í ævisögunni að hann sjái eftir því að hafa bara ekki lamið Serbann almennilega.

„Ef ég hefði lamið hann almennilega þá hefði ég alltént átt rauða spjaldið skilið og ég sé eftir að hafa ekki gert það þá,“ segir Drogba. - óþ

Man. Utd og Arsenal geta komist með annan fótinn í næstu umferð Meistaradeildarinnar með sigri í kvöld:

# United hefur ærna ástæðu til bjartsýni

**FÓTBOLTI** Ensku félögin Manchester United og Arsenal verða í eldlínunni í kvöld þegar þriðja umferð í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst. United fær Celtic í heimsókn á Old Trafford en Arsenal mætir Fenerbahçe í Ístanbul.

Meistaradeildarmeistarar United hafa ærna ástæðu til að mæta fullir sjálfstrausts í leikinn gegn Celtic á Old Trafford, enda hafa Sir Alex Ferguson og lærisveinar hans ekki tapað þar í Meistaradeildinni í síðustu sextán leikjum.

„Það er gríðarlega mikilvægt að vinna heimaleikina ef þú ætlar að ná góðum árangri í Meistaradeildinni. Ég er bjartsýnn fyrir leikinn gegn Celtic þar sem ég hef úr góðum leikmannahópi að velja og ég tel að við séum á réttri leið til þess að komast áfram upp úr riðlinum,“ segir Ferguson.

Ferguson er þó minnugur þess þegar Celtic gerði United talsvert erfitt fyrir í Meistaradeildinni árið 2006 þegar United vann naumlega 3-2 á Old Trafford.

„Leikurinn árið 2006 var mjög opinn vegna þess að Celtic komst yfir og við verðum því að passa að það endurtaki sig ekki,“ segir Ferguson.

Celtic situr reyndar uppi með óhemju vonda tölfræði á útivöllum í Meistaradeildinni. Staðreyndin er sú að félagið hefur ekki unnið í síðustu átján leikjum sínum.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hlakkar til að mæta Fenerbahçe og hefur trú á því að leikmenn sínir muni ekki bugast þrátt fyrir mótlætið á erfiðum útivelli, en Fenerbahçe vann alla fimm heimaleiki sína í keppninni í fyrra.

„Það er sérstök upplifun að spila í Ístanbul hvort sem það er gegn Fenerbahçe, Besiktas eða Galatasaray því tyrkneskir áhorfendur eru sér á báti í Evrópu og ná alltaf að skapa mjög erfiðar aðstæður fyrir gestina. Ég á vissulega von á erfiðum leik en ég tel leikmenn mína tilbúna og þeir munu ekki láta mótlætið á sig fá,“ segir Wenger. - óþ



**BJARTSÝNN** Ferguson hefur fulla trú á því að United geti haldið áfram góðu gengi á heimavelli þegar Celtic kemur í heimsókn. NORDIC PHOTOS/GETTY



**ÓSMEYKUR** Wenger telur að leikmenn sínir muni ekki láta óvingjarnlegt andrúmsloft í Ístanbul hafa áhrif á sig. NORDIC PHOTOS/GETTY

### LEIKIR KVÖLDSINS

| | |
|---|---|
| **E-riðill:** | |
| Man. Utd-Celtic | Stöð 2 Sport |
| Villarreal-AaB | |
| **F-riðill:** | |
| Bayern München-Fiorentina | |
| Steaua Búkarest-Lyon | |
| **G-riðill:** | |
| Fenerbahçe-Arsenal | Stöð 2 Sport 3 |
| Porto-Dynamo Kiev | |
| **H-riðill:** | |
| Juventus-Real Madrid | Stöð 2 Sport 4 |
| Zenit-Bate Borisov | |

Hamarskonur hafa aldrei byrjað betur og þjálfarinn Ari Gunnarsson er himinlifandi:

# Þurfa að læra það að vinna leiki

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Hamars hefur vakið mikla athygli í upphafi Iceland Express-deildar kvenna. Liðið er á toppnum eftir tvo góða sigra, fyrst 83-59 á móti Snæfelli á heimavelli og svo 76-65 á móti KR í DHL-höllinni á laugardaginn.

Þetta er besta byrjun Hamarsliðsins í sögu félagsins í efstu deild en á fyrstu tveimur tímabilum liðsins í efstu deild kom fyrsti sigur vetrarins ekki fyrr en í fimmta leik liðsins.

„Ég er alveg himinlifandi yfir þessu,“ segir Ari Gunnarsson, þjálfari liðsins, en hann segir að góður undirbúningur eigi mikinn þátt í velgengni liðsins nú. „Stelpurnar eru orðnar reyndari og svo komu líka lykilleikmenn betur undirbúnir eftir landsliðsverkefnin,“ segir Ari. Þær Fanney Lind Guðmundsdóttir og Jóhanna Björk Sveinsdóttir léku sína fyrstu A-landsleiki í haust og Hafrún Hálfdánardóttir æfði líka með A-landsliðinu í sumar.

„Við stefnum í hóp fjögurra efstu liða og þar liggur okkar markmið,“ segir Ari en hann segir mestan muninn á liðinu frá því í fyrra liggja í betri varnarleik.

Ari er líka sáttur við að liðið hafi náð að sýna stöðugleika með því að vinna tvo góða sigra í röð. Hann vill samt sjá smá hugarfarsbreytingu hjá sínum stelpum.

„Það sem við þurfum að fara að gera er að fara að læra að vinna leiki,“ segir Ari sem vildi sjá sínar stelpur fagna meira sigrinum á móti KR. „Ég sagði við þær eftir KR-sigurinn að það væri allt í lagi að sleppa sér aðeins. Mér finnst þetta vera mikið takmark að ná að vinna KR á útivelli og ég var mjög ánægður,“ sagði Ari en Hamri var spáð 5. sæti fyrir tímabilið á sama tíma og KR var spáð 2. sætinu.

Hamarsliðið er enn þá með tvo erlenda leikmenn þrátt fyrir efnahagsástandið og þær Lakiste Barkus og Julia Demirer verða áfram hjá liðinu, að minnsta kosti í viku í viðbót.

„Við tökum bara viku fyrir viku og endurskoðum þetta í hverri viku,“ sagði Ari um framtíð þeirra í Hamri en hann fékk flott framlag frá erlendu stúlkunum í sigrinum á KR þar sem Barkus var með 22 stig, 10 fráköst og 5 stoðsendingar en Demirer bætti við 20 stigum, 6 fráköstum og 5 vörðum skotum.

Næsti leikur Hamars er á móti Fjölni á miðvikudaginn og Ari vonast til að Hvergerðingar mæti á leikinn og sýni stelpunum sínum stuðning því þær sjálfar séu búnar að leggja mikið á sig til að reyna að koma Hamri í efri hluta deildarinnar í fyrsta sinn. - óój



**ÁKVEÐIN** Hamarskonan Fanney Lind Guðmundsdóttir spilaði sína fyrstu þrjá landsleiki í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Elísabet Gunnarsdóttir þjálfar Kristianstad í sænsku deildinni á næsta tímabili:

# Ætlar sér ekki að stofna lítið Valsútibú í sænsku deildinni

**FÓTBOLTI** Elísabet Gunnarsdóttir, annar þjálfara Íslandsmeistara Vals, verður næsti þjálfari sænska liðsins Kristianstad en liðið endaði í níunda sæti sænsku deildarinnar í ár. Elísabet verður tveggja manna maki hjá félaginu því þeir Thomas Mårtensson og Ulf Palmquist hafa þjálfað liðið í sameiningu undanfarin sex ár. Þeir náðu að halda liðinu uppi á sínu fyrsta ári í deildinni.

„Ég er mjög ánægð með þetta en ég veit að þetta verður erfitt,“ segir Elísabet en sænska deildin er af mörgum talin vera sú sterkasta í heimi.

Elísabet segist samt ekki sætta sig við það markmið að ætla að bara að halda sér í deildinni. „Það er mikill metnaður í klúbbnum og það hafði líka mikið að segja að það er mikill áhugi á kvennaknattspyrnu í bænum. Forráðamenn félagsins tala um að taka lítil skref í átt að því að koma liðinu í hóp þeirra bestu og mér líst vel á það,“ segir Elísabet en hún er á því að það henti sér vel að byrja að þjálfa hjá ungu og reynslulitlu félagi eins og Kristianstad.

Valur hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn þrjú ár í röð og alls fjórum sinnum undir stjórn Elísabetar en í sumar vann hún með Frey Alexanderssyni sem er núna tekinn við Valsliðinu.

Hún segir árangur Vals í Evrópukeppninni og það að hún hafi verið dugleg að kynna sig á ferðum sínum erlendis eiga mestan þátt í því að hún fékk þetta tækifæri.

Með sænska liðinu spilar landsliðskonan Erla Steina Arnardóttir og það kom fram í sænskum fjölmiðlum að bæði hún og Sigurður Jónsson, þjálfari Djurgården, hafi mælt með Elísabetu við forráðamenn félagsins.

Það er öruggt að Margrét Lára Viðarsdóttir mun ekki koma með Elísabetu til Kristianstad en það má samt búast við því að Elísabet leiti til annarra íslenskra leikmanna til að styrkja liðið fyrir næsta tímabil.

„Ég hef áhuga á að fá til mín nokkra leikmenn frá Íslandi en þetta verður samt ekkert lítið útibú frá Val. Það hafði samt mikil áhrif að liðið spilar í rauðum búningum,“ segir Elísabet í léttum tón. Hún ætlar að fara að vinna í leikmannamálum á næstunni en fyrst á dagskrá er að fara út og skrifa undir samninginn. - óój



**KÁT** Elísabet Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





## Íbúafundir á Austurlandi

Alcoa Fjarðaál býður íbúum á Austurlandi til kynningarfunda 21., 22. og 23. október næstkomandi.

Á fundunum kynna starfsmenn álversins starfsemi þess, umhverfisstefnu Alcoa, niðurstöður rannsókna á umhverfisáhrifum álversins meðan á gangsetningu stóð, mannaráðningar, samfélagsleg áhrif álversins og fleira.

Fundirnir hefjast með stuttu erindi og síðan geta fundargestir kynnt sér upplýsingar um álverið á veggspjöldum og rætt við starfsfólk og sérfræðinga álversins.

**Allir fundirnir hefjast klukkan 20.00 og verða haldnir sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| Nesskóla í Neskaupstað | þriðjudaginn 21. október |
| Grunnskóla Eskifjarðar | þriðjudaginn 21. október |
| Grunnskóla Reyðarfjarðar | miðvikudaginn 22. október |
| Menntaskólanum á Egilsstöðum | miðvikudaginn 22. október |
| Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar | fimmtudaginn 23. október |
| Grunnskólanum á Stöðvarfirði | fimmtudaginn 23. október |

**Á fundunum verður boðið upp á kaffi og meðlæti. Allir velkomnir!**

Alcoa Fjarðaál ALCOA

KOM ALMANNATENGSL/SVARTHVÍTT



> **Mary McCormack**

„Það er engu líkara en að ég sjálf hafi búið mér til mitt draumahlutverk. Það passa mér fullkomlega og mér finnst Mary frábær. Ég gæti vel hugsað mér að vera vinkona hennar“.
McCormack er í hlutverki Mary Shannon starfsmanns bandarísku vitnaverndarinnar, í þættinum In Plain Sight sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPÁIR Í UNDARLEG KYNTÁKN Á SKJÁNUM

## *Ómótstæðilegur sjarmi Vince Noir*

Ég veit ekki hvort það er einhver séreiginleiki kvenna að geta fundið sjarma við ólíklegustu stjörnur sem hafa ekki endilega þennan Hollywood-kynþokka að bera. En ég veit fyrir víst að þegar það fréttist að breska hljómsveitin Robots in Disguise væri væntanleg á Airwaves voru mörg kvenhjörtu sem börðust hraðar, í þeirri veiku von að kærasti söngkonunnar í hljómsveitinni yrði með í för. Kærasti þessi er nefnilega breski húmoristinn Noel Fielding, betur þekktur sem Vince Noir í bresku snilldarseríunni The Mighty Boosh. Þættirnir hafa því miður aldrei verið sýndir í íslenska sjónvarpinu en einhvern veginn hefur Vince-æðið náð að smitast til landsins. Fyrir þá sem þekkja ekki til þá er Noel Fielding afskaplega horaður dökkhærður Breti sem er sérlega undarlegur í útliti, næstum kynlaus, með einhvers konar „eighties“ klippingu og í brjálæðislegum fatasamsetningum sem stundum minna á new rave, stundum á pönk og stundum á seventies glam-rokk. Ef maður gúgglar Noel Fielding er mjög líklegt að maður rekist á ótal Myspace-síður eða komment þar sem stúlkur eru gersamlega að missa sig yfir honum. Hvers vegna? Nú, í fyrsta lagi er hann svo sjúklega fyndinn, og býr ef til vill yfir þessum undarlega kynlausa sjarma sem einkenndi ákveðnar rokkstjörnur eins og David Bowie, Mick Jagger, Iggy Pop – og tja, jafnvel Rod Stewart ef það er manns tebolli. En því miður kom enginn Noel til Reykjavíkur síðustu helgi og nú er bara að vona að kærastan hans hafi heillast svo af þjóðinni að hann verði orðinn Íslandsvinur eftir nokkra mánuði. Það veitir ekki af.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** The Honeymooners STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Survivor SKJÁREINN



▶ **21.10** Chuck STÖÐ 2



▶ **21.15** Smallville STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.25** Viðtalið, Paprika Steen SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Púkka** (26:26)
**17.50 Latibær** (e)
**18.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Everwood** (18:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
**20.55 Með blæju á háum hælum** (Med slør og høje hæle) (1:6) Danskir ferðaþættir frá Austurlöndum nær. Anja Al-Erhayem fer með áhorfendur á staði sem fæstir vissu að væru til á þessum slóðum, meðal annars skíðabrekkur í Íran og diskótek og hommabari í Damaskus og Beirút.
▶**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við dönsku leikkonuna og leikstjórann Papriku Steen.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Rannsókn málsins - Paradísarmissir** (Trial & Retribution XII: Paradise Lost) (1:2) Breskir spennumyndþáttur í tveimur hlutum frá 2007. Lögreglan leitar að stórtækum nauðgara sem níðist aðeins á konum sem eiga þeldökka kærasta. 23.35 Njósnadeildin (Spooks) (5:10)(e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Pelle Politibil**
**12.05 The Honeymooners**
**14.00 Lake House**
**16.00 Pelle Politibil**
**18.00 Ghost**
▶**20.05 The Honeymooners** Gamanmynd byggð á vinsælum gamanþáttum um Ralph Kramden sem dreymir um betra líf og, með besta vin sinn sér við hlið, er iðinn við að koma sér í vandræði.
**22.00 Deja Vu**
**00.05 American Pie Presents Band Camp**
**02.00 North Country**
**04.05 Deja Vu**
**06.10 In Good Company**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Louie, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (174:300)
**10.15 Grey's Anatomy** (19:36)
**11.15 The Moment of Truth** (5:25)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.35 Neighbours**
**13.00 The Commitments**
**14.55 The Complete Guide To Parenting** (3:6)
**15.20 Sjáðu**
**16.00 Saddle Club**
**16.23 Tutenstein**
**16.43 Ginger segir frá**
**17.08 Hvolpurinn Scooby-Doo**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Friends** (21:24)
**20.20 Two and a Half Men** (12:19)
**20.45 The Big Bang Theory** (10:17)
▶**21.10 Chuck** (8:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**21.55 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (6:9) Spennuþættir sem byggðir eru á kvikmyndunum vinsælu um baráttu manna og vélmenna.
**22.40 The Daily Show. Global Edition** Jon Stewart fer á kostum í einstaklega spaugsamri umfjöllun um það sem hæst ber hverju sinni.
**23.05 Kompás**
**23.35 Prison Break** (3:22)
**00.20 Anonymous Rex**
**01.40 Twitches**
**03.05 The Commitments**
**05.00 Chuck** (8:13)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.
**17.30 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**18.00 Meistaradeild Evrópu** Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Man. Utd og Celtic í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Fenerbache - Arsenal Sport 4. Juventus - Real Madrid
**20.40 Meistaradeild Evrópu** Skoðaðir eru allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin úr Meistaradeild Evrópu.
**21.20 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Fenerbache og Arsenal í Meistaradeild Evrópu.
**23.10 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Juventus og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu.
**01.00 Meistaradeild Evrópu** Skoðaðir eru allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin úr Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Man. City.
**14.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Blackburn.
**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn er sýndur beint á Sport 4 kl. 13.55.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.30 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og West Ham.
**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Tottenham.
**22.20 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Everton.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.10 Vörutorg**
**18.10 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.55 America's Funniest Home Videos** (17:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
**19.20 Singing Bee** (5:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Að þessu sinni etja Vífilfell og VÍS kappi. (e)
▶**20.10 Survivor** (4:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.
**21.00 Innlit / Útlit** (5:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við.
**21.50 In Plain Sight** (5:12) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Mikilvægt vitni tekur ekki bara eiginkonuna með sér í vitnaverndina því hann fær að lauma hjákonunni sinni með líka. Þegar kvennabósinn er skotinn koma öll ljótu leyndarmálin upp á yfirborðið.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 CSI. New York** (9:21) (e)
**00.20 Law & Order** (4:24) (e)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri** Endursýnt frá fyrri viku.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





**Leitum að hæfileikaríkum krökkum til að leika, dansa og syngja**

Miðvikudaginn **22. október** kl. 16.30–18.00 verður skráning í áheyrnarprufur fyrir Söngvaseið (Sound of Music) í anddyri Borgarleikhússins. Við leitum að hæfileikaríkum krökkum á aldrinum **8–18 ára** í hlutverk barna Von Trapp. **Verður þú með okkur í Söngvaseiði?** Við frumsýnum 13. mars.

Áheyrnarprufur fara fram síðar. Nánari upplýsingar á www.borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.00
### Meistaradeild Evrópu

Þriðja umferð Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld og verður Stöð 2 Sport með beinar útsendingar frá þremur leikjum. Veislan hefst með upphitun kl. 18 en klukkan 18.30 hefst bein útsending frá leik Manchester United og Celtic á Old Trafford. Á sama tíma verður sýnt beint á Stöð 2 Sport 3 frá leik Fenerbahce og Arsenal sem fram fer í Tyrklandi og á Stöð 2 Sport 4 verður viðureign stórliðanna Juventus og Real Madrid sýnd beint. Strax að loknum leikjunum verða svo öll mörkin og öll helstu atvikin úr leikjunum sýnd í þættinum Meistaramörk.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Innlit/útlit**
**Skjár einn kl. 21.00**

Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Meðal efnis í þættinum í kvöld er viðtal Arnars Gauta við Hjalta Geir Kristjánsson sem er einn af frumherjum Íslands í húsgagnahönnun. Nadia breytir herbergi og kemur eigandanum í opna skjöldu. Þá verður rætt við Guðbjörgu Kristínu sem vann til verðlauna fyrir skartgripalínu sína nú á dögunum. Innlit/útlit er fullt af nýjum hugmyndum fyrir framtakssama og einnig þá sem vilja bara fylgjast með.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Lostafulli listræninginn
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (41:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (42:260)
**17.00 Seinfeld** (16:22)
**17.30 Ally McBeal** (18:23)
**18.15 Smallville** (8:20)
**19.00 Hollyoaks** (41:260)
**19.30 Hollyoaks** (42:260)
**20.00 Seinfeld** (16:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
**20.30 Ally McBeal** (18:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶**21.15 Smallville** (8:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.00 Men in Trees** (3:19) Önnur þáttaröð um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem nú hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.45 Journeyman** (2:13)
**23.30 Help Me Help You** (2:13)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Af lífi og sál** Guðni Ágústson ræðir við Íslendinga um það sem honum liggur á hjarta.
**21.30 Guðjón Bergmann** Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### DR 1

**11.00** Aftenshowet med Vejret **11.30** Skibet skal sejle **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** SPAM **14.30** En løve i huset **14.35** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **15.00** Agent Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Mig og min familie **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander **21.30** Sommer **22.25** Seinfeld

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ‚Allo, ‚Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Avd. Barn **13.30** Ace Lightning **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Hund i huset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Ansikt til ansikt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heroes **21.55** Løvebakken **22.20** 4·4·2. Bakrommet. Fotballmagasin **22.50** Viten om **23.20** Kulturnytt

### SVT 1

**11.25** Hem från Babylon **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Lilla sportspegeln **15.00** Tess och Ubbe **15.10** Yoko! Jakamoko! Toto! **15.15** Slut för idag... tack för idag **15.30** Piggley Winks äventyr **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Packat & klart **18.30** Andra Avenyn **19.00** Videokväll hos Luuk **19.30** Morgonsoffan **20.00** Livvakterna **21.50** Kulturnyheterna **22.05** Höök **23.05** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Maður lifandi. Fari ég eitthvert þá fer ég þangað. Það er eitthvað svo hollur og góður matur þar og manni líður svo vel. Annars er það bara heimilisbitinn.“*

Magga Stína, tónlistarkona.

# Davíð og Jón Ásgeir með andstæðar tölur

„Fyrir okkur talnaspekinga koma þessi átök milli Jóns Ásgeirs og Davíðs Oddssonar ekkert mikið á óvart því tölurnar þeirra eru algjörar andstæður,“ segir útgefandinn, spekingurinn og sundgarpurinn Benedikt S. Lafleur. Um næstu mánaðamót kemur út ansi merkileg bók þar sem farið verður yfir tölur fræga fólksins og almenningi gefst jafnframt tækifæri á að fá skyndikúrs í númeralógíu. Þar kemur meðal annars fram að Jón Ásgeir hefur líftöluna 77 sem er umlukin framkvæmdagleði og útrás en Davíð er 44; tala íhaldssemi og sparnaðar.

Benedikt vill þó ekki meina að bókin sé tímaskekkja þótt blíðum höndum sé farið yfir marga af mestu áhrifavöldum síðustu vikna. Þannig er meðal annars sagt um Björgólf Guðmundsson að hann vinni fyrir heildina og skapi auð sem hjálpi öllu samfélaginu. Útreikningar Benedikts á tölum fræga fólksins benda jafnframt til þess að bæði Jón Ásgeir og Björgólfur Thor Björgólfsson hafi sömu líftölu sem er 77. Þeir séu því tölubræður. Í bókinni má einnig finna talnaspeki leikhúshjónanna Egils Ólafssonar og Tinnu Gunnlaugsdóttur, Bjarkar Guðmundsdóttur og Ágústu Evu Erlendsdóttur. En fyrsti maðurinn er hins vegar hinn umdeildi seðlabankastjóri; Davíð Oddsson. Samkvæmt númeralógíu Benedikts er Davíð með fæðingartöluna 22 og um hana er sagt: „Þessari tölu er ætlað að byggja upp kærleiksríkt samfélag í félagslegum anda […] hún er mikil hjálparhella og finnur auðveldlega lausn á vandamálum.“

Benedikt þurfti reyndar aðeins að breyta bókinni í ljósi nýlegra atburða og hefur bætt við spádómi um árið 2009. „Það ár verður uppgjörsár. Og það verður mikil spenna í ríkisstjórnarsamstarfinu. Enginn skyldi láta koma sér á óvart þótt það yrðu jafnvel ríkisstjórnarslit,“ segir Benedikt. **-fgg**



**TALNAGLÖGGUR** Benedikt S. Lafleur hefur helst verið í fréttum fyrir misheppnaðar tilraunir til að synda yfir Ermasund. Nú gefur hann út bók um númeralógíu fræga fólksins.



**LÁRÉTT 2.** kerra, **6.** persónufornafn, **8.** hamfletta, **9.** gogg, **11.** hreyfing, **12.** dramb, **14.** gort, **16.** slá, **17.** húsfreyja, **18.** pota, **20.** borðaði, **21.** maður.
**LÓÐRÉTT 1.** stjórnarumdæmis, **3.** frá, **4.** garðplöntutegund, **5.** hvíld, **7.** tilgáta, **10.** aur, **13.** hrós, **15.** höggva, **16.** stormur, **19.** rykkorn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vagn, **6.** ég, **8.** flá, **9.** nef, **11.** ið, **12.** stolt, **14.** grobb, **16.** rá, **17.** frú, **18.** ota, **20.** át, **21.** karl. **LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** náð, **7.** getgáta, **10.** for, **13.** lof, **15.** búta, **16.** rok, **19.** ar.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Colin Powell
2. Lay Low
3. Dóra María Lárusdóttir


10% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron – bankinn þinn






**SKAMMASTU ÞÍN, LJÓTI STRÁKUR** Þetta sagði Árni við sjálfan sig þegar hann las yfir pistil sinn um Dorrit. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

ÁRNI SNÆVARR: PISTILL UM DORRIT GERÐI ÚTSLAGIÐ

# Bloggari flýr leiðindi, illsku og hótanir á Netinu

„Það telst nú varla til tíðinda að maður taki sér blogghlé. Þegar ég sá tölvupóstinn minn í morgun blöskraði mér hins vegar svo leiðindin, illskan og hótanirnar að ég spurði sjálfan mig: Til hvers er ég að þessu?“ segir Árni Snævarr, bloggari og fyrrverandi fréttamaður, en hann starfar nú fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Brussel – upplýsingamiðstöð fyrir Norðurlönd.

Árni hefur nú um skeið bloggað undir regnhlíf Eyjunnar og vakið athygli fyrir snarpa pistla. Síðast skrifaði hann um viðtal Dorritar í nýjum Sunnudagsmogga og gagnrýndi harðlega það sem fram kom í máli Dorritar, meðal annars að fólk yrði að sýna nægjusemi sem honum þótti í hróplegri mótsögn við þær aðstæður sem Dorrit býr við. Pistillinn heitir „Vertu heima að telja demantana – Eyju-bréf til Dorrit Moussaieff“. Skömmu síðar tilkynnti Árni að hann væri hættur að blogga í bili. Mikil viðbrögð hafa orðið á athugasemdakerfi hans og fjöldi manna, þeirra á meðal Illugi Jökulsson, Árni Matthíasson og Páll Ásgeir Ásgeirsson, hafa hvatt Árna til að halda sínu striki.

„Fólk má alveg rífast og skammast eins og því sýnist en ég má líka alveg kjósa að halda kjafti og hætta að blogga. Það rifjuðust upp fyrir mér orð Össurar Skarphéðinssonar: „Hvar ætlar þessi maður að fá vinnu?“ sem sögð voru í gríni í kvöldverðarboði sem við báðir sátum. Össur hefur svo sannarlega ekki haft í hótunum við mig, enda gott á milli okkar og það hefur enginn annar pólitíkus verið að gera heldur. Ég renndi yfir pistlana mína í kjölfarið og fannst ég helst til mikill nöldurseggur. Ég meina, að skamma Dorrit? Hvað næst, Mjallhvíti og dvergana sjö? Hún hefur engin áhrif þessi sómakona og ekkert gert af sér nema einna helst að hafa vondan smekk á karlmönnum. Þannig að ég sagði bara skammastu þín, ljóti strákur. Ég ætla bara að taka mér frí frá kvarti, kveini og nöldri og taka þátt í samstöðu þjóðarinnar og læra mannasiði og kurteisi í leiðinni. Enda hvernig getur maður kvartað þegar maður hefur slíka snillinga eins og Davíð Oddsson og Ólaf Ragnar til að stjórna sér?“

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ergelsið í þjóðfélaginu og pirringur út í útrásarvíkinga sem eiga sér jeppa sem stöðutákn á sér ýmsar hliðar og bitnar meðal annars á starfsfólki **Tinnu Gunnlaugsdóttur** þjóðleikhússtjóra. Þannig hefur **Gylfi Ingólfsson** húsvörður þar orðið var við pirring í sinn garð í umferðinni en hann festi kaup á glæsilegum Dodge Durango fyrir um ári og greiddi fyrir bifreiðina af sparnaði sínum. Áður ók hann um á Ford Mondeo og þá örlaði ekki fyrir því að menn væru að flauta á hann í umferðinni eins og nú er raunin.



Fyrir um tveimur árum var athyglisverð hljómsveit við bílskúrsæfingar. Æft var í bílskúr trymbilsins frábæra **Birgis Baldurssonar** en annan hljóðfæraleik önnuðust meðal annarra auðmennirnir **Tryggvi Jónsson** og **Sindri Sindrason** auk þess sem **Bjarni Ármannsson** greip oftar en ekki um míkrófóninn. Var hljómsveitin enda kölluð *Biggi og auðkýfingarnir* en hún hefur nú lagt upp laupana og mun Biggi hafa látið þess getið í góðu gríni að kæmi hún saman aftur yrði hún líkast til kölluð *Biggi and the Hobos*.



Tónleikar **Bubba Morthens** í Kaupmannahöfn um helgina þóttu heppnast með miklum ágætum. Fullur salur Íslendinga skemmti sér vel og sjálfur var Bubbi hæstánægður með útkomuna. Ástand efnahagsmála á Íslandi hafði vitanlega áhrif á þá tónleikagesti sem gerðu sér ferð til Kaupmannahafnar. Og reyndar sömuleiðis á Bubba og hans fylgdarlið. Þannig var **Páll Eyjólfsson**, umboðsmaður hans, ekki par hrifinn þegar hann þurfti að borga sextán þúsund íslenskar krónur fyrir kassa af sódavatnsflöskum sem tónlistarmennirnir dreyptu á baksviðs. **- jbg, hdm**




FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

VIÐ LÆKKUM ÝSUFLÖKIN

verð með roði aðeins 990 kr kg

Mikið úrval fiskrétta

Veljum íslenskt



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Fær eina milljón sænskar

„Mér finnst þetta rosalega stór viðurkenning því þetta er í fyrsta skipti sem þeir veita þessi verðlaun fyrir fatahönnun,“ segir Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður sem hlýtur hin sænsku Söderbergs-verðlaun í ár. Steinunn hefur að sögn dómnefndar meðal annars fært Norðurlöndunum virtan fulltrúa á hinu alþjóðlega tískusviði með innblæstri frá íslenskri náttúru, en Söderbergs-verðlaunin eru ein stærstu hönnunarverðlaun heims, með 1.000.000 sænskar krónur í verðlaunafé.

„Það er ótrúlega skemmtilegt að verðlaunin skuli fara til Íslendings. Eftir atburði síðustu mánaða hefur það breyst hvernig maður lítur á þau. Mér finnst verðlaunin færa mikla von og minna á að við eigum ekki að leggja árar í bát. Mér finnst rosalega mikilvægt að það sé lögð meiri áhersla á nýsköpun á Íslandi og mér finnst þessi verðlaun vera gott dæmi um það,“ segir Steinunn. Hún mun taka við verðlaununum við hátíðlega athöfn 4. nóvember í Röhsskasafninu í Gautaborg, þar sem haldin verður sýning á hönnun Steinunnar í kjölfarið.

Steinunn er nú í óðaönn að undirbúa næstu línu sem verður tilbúin í febrúar. Hún segist ætla að koma verðlaunafénu inn í fyrirtækið og segist óhjákvæmilega finna fyrir afleiðingum kreppunnar. „Það eru færri sem leggja út í að kaupa af nýjum hönnuðum, fólk hefur minni kaupmátt og pantanirnar eru ekki eins stórar, en maður verður að halda sínu striki og vona það besta.“ **- ag**



**MIKILL HEIÐUR** Steinunn segir verðlaunin færa mikla von og vera gott dæmi um hve nýsköpun á Íslandi skiptir miklu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR JÓNASSON



ithg
Consulting

**ITHG Consulting** er ráðgjafafyrirtæki í eigu íslendinga í Oslo, Noregi. Meðal viðskiptavina eru nokkur ráðningafyrirtæki í Noregi sem við aðstoðum við að leita eftir umsóknum frá Íslandi.



# Okkur vantar strax umsóknir fyrir eftirfarandi störf:

Norskt fyrirtæki óskar eftir umsækjendum til að taka þátt í vinnuhóp sem hefja á störf eigi síðar en 15. nóvember. Vinnuhópurinn verður staðsettur í Osló. Lengd verkefnis er reiknað til 1. mars 2009, með mögulegri framlengingu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 15. nóvember, en helst frá 1. nóvember. Umsóknir þurfa að berast fyrir miðvikudag 22. október.

**Kröfur til umsækjenda:**

Mikil þekking og reynsla af Java eða C forritunarmáli. Kostur með þekkingu af hvorutveggja.
Kostur með þekkingu á sql
Reynsla af notkun SCRUM
Reynsla af notkun á "fitness" og sjálfvirkri prófun.
Góð enskukunnátta og norðurlandamál kostur

**Einnig vantar okkur á skrá aðila með eftirfarandi þekkingu og reynslu:**

**Rekstur tölvukerfa:**
Cirix , MCSE og MCSA, WMV, Cisco þekking og Cisco CCIE, reynslu í verkstjórnun, netþekking og þekkingu á öryggismálum.

**Forritun:**
Þekkingu og reynslu í dot.net, C-sharp, J2EE, C og C++, reverse engineering, arkitekt lausnum og gagnavöruhús lausnum.

**Verkfræðinga**
**Verkefnastjóra**
**Bókara**

Allar ferilskrár eru velkomnar þó reynsla viðkomandi sé önnur en kemur fram hér að ofan.

*Vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir til ithg@online.no og verður haft samband við viðkomandi í framhaldinu. Umsóknir þurfa að vera á ensku eða norðurlandamáli.*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
TOYOTA-þjónusta



Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510 - www.bilasprautun.is




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## Stjarnvísinda-menn

Ólafur Ragnar sem Íslendingar kynntust fyrst í þáttunum Næturvaktinni er drengur góður. Manni finnst óskiljanlegt að hægt sé að níðast á jafn hrekklausri sál eins og Georg Bjarnfreðarson, Nígeríu-svindlarinn og pervertinn hún Gugga gera. Einhverra hluta vegna skellihlæja áhorfendur að óhamingju hans. Ástæðan fyrir því að fólk hlær illgirnislega er heimska Ólafs. Þörfin fyrir að verða ríkur og einhvers metinn í samfélaginu rekur hann út í hverja óhamingjuna eftir aðra, hann forðast þó sífellt að horfast í augu við niðurlægingu sína og er nægilega einfaldur til að brotna ekki niður. Í einfeldni sinni telur hann sér trú um að hann skipti einhverju máli.

**SÍÐUSTU** vikur hef ég ekki getað horft á hryllinginn sem fram fer í skemmtiþáttunum Dagvaktinni. Örlög Ólafs Ragnars eru nefnilega farin að líkjast of mikið niðurlægingu Íslendinga allra gagnvart heiminum. Hafi einhver trúað því að Ólafur væri umboðsmaður hljómsveitar sem væri alveg að fara meika það hefur sá hinn sami fyrir löngu komist að hinu sanna. Draumar Ólafs og tálsýnir hafa verið tættar í sundur frammi fyrir ótal hlæjandi áhorfendum sem hálf skammast sín fyrir hönd litla aumingjans á upphækkuðu skónum.

**KASTLJÓSI** fjölmiðla heimsins hefur verið beint að Íslandi og þolinmæði áhorfenda fyrir örlögum sögupersónanna helgast af því hve ógeðslega hlægilegar þær eru. Myndavélum veraldar er beint að fjölda klunnalegra en ægilega dýrra jeppa sem silast um götur landsins. Í þeim á eigandinn yfirleitt jafn mikið og Ólafur Ragnar átti í þeim hvíta sem hann mætti eitt sinn á sjálfum sér til háðungar. Draumur hans um að eignast hann með bílaláni var jafn óraunverulegur og nígerísku auðæfin sem hann beið eftir og pappírsauðurinn sem íslenskir ráðamenn trúðu á.

**ÉG GET** ómögulega hlegið að óförum þeirra Ólafs Ragnars, starfsmanns á plani, og Geirs Haarde, fyrrverandi fjármála- og núverandi forsætisráðherra Íslands. Það er svo sárt að fylgjast með þeim reyna að halda reisn. Robert Z. Aliber, prófessor emeritus við háskólann í Chicago, sagði í gær um Geir og kollega hans í ríkisstjórninni að þeir myndu nýtast jafn vel sem stjarnvísindamenn og þeir gera sem stjórnendur nútíma hagkerfis. En Geir á eftir að taka þeirri gagnrýni á svipaðan átt og Ólafur Ragnar gerir þegar hann veit ekki hvað hann er að tala um, brosa og segja: „Þetta eru nú engin geimvísindi."

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 21. október, 295. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.37 | 13.12 | 17.46 |
| Akureyri | 8.29 | 12.57 | 17.24 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




# Ekki láta peningana gufa upp !!
# Notaðu þá í eitthvað áþreifanlegt...




VERÐ 4.675.000,-
VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ

## Chevrolet Captiva
## 7 manna sjálfskiptur sportjeppi

Hluti af staðalbúnað:

- **DCS -** Eykur öryggi niður brekkur
- **Tölvustýrð miðstöð og loftkæling**
- **ESP -** Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- **Hraðastillir** (Cruise control) Stjórnað í stýri
- **Tenging fyrir MP3 spilara**
- **Bakkskynjari**
- **ARP -** Veltivörn
- **Tölvustýrð spólvörn**
- **Aksturstölva**
- **Fjöldiskaspilari**
- **18" Álfelgur**
- **LRS -** Heldur hæð við hleðslu
- **TOD -** Sjálfvirk drifstýring
- **Áttaviti**
- **Og margt fleira....**

Bílabúð Benna
www.benni.is
Tangarhöfða 8-12 • Sími 590 2000

| Egilsstaðir | Akureyri | Reykjanesbær |
|---|---|---|
| Bílasala Austurlands | Bílasalan ÓS | Bílahornið hjá Sissa |
| Fagradalsbraut 21-23 | Njarðarnesi 1 | Brekkustíg 38 |
| Sími 471 3005 | Sími 462 1430 | Sími 420 3300 |

**CAPTIVA** er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbo dísilvél, 5 þrepa sjálfskipting og þú getur valið 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

Chevrolet gæði
frábært verð.
CHEVROLET



Kjalarness prófastsdæmi
www.kjalarpr.is

# OPIN KIRKJA

*Menningardagur í kirkjum í Kjalarnessprófastsdæmi*

*Sunnudaginn 19. október 2008*

*Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós*



**LÁGAFELLSKIRKJA** KL. 11.00
*Vígð 1889*
Kirkja og kórmenning „Litið til baka og fram á veginn".Guðmundur Jónsson á Reykjum, heldur erindi. Kynslóðirnar mætast og syngja saman: Kór eldriborgara, Vorboðarnir, syngja undir stjórn Páls Helgasonar.
Barnakór Varmárskóla syngur undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar. Kirkjukór Lágafellskirkju syngur undir stjórn Jónasar Þóris.



**BRAUTARHOLTSKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1857*
Kynning á séra Helga Hálfdánarsyni í höndum sóknarprestsins dr. Gunnars Kristjánssonar og félaga úr Karlakór Kjalnesinga undir stjórn Páls Helgasonar.
Séra Helgi Hálfdánarson var prestur kirkjunnar þegar hún var reist.



**SAURBÆJARKIRKJA** KL. 14.15
*Vígð 1904*
Kynning á séra Helga Hálfdánarsyni í höndum sóknarprestsins dr. Gunnars Kristjánssonar og félaga úr Karlakór Kjalnesinga undir stjórn Páls Helgasonar.
Séra Helgi Hálfdánarson var prestur í Saurbæjarkirkju.



**REYNIVALLAKIRKJA** KL. 15.30
*Vígð 1859*
Dr. Gunnar Kristjánsson: Hugleiðing um kirkjustaði í sögu og samtíð.
Félagar úr Karlakór Kjalarness syngja undir stjórn Páls Helgasonar.



**MOSFELLSKIRKJA**
*Vígð 1965*
Viðgerð stendur yfir á kirkjunni og verður því engin dagskrá þar að þessu sinni.

*Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes*



**ÁSTJARNARKIRKJA** KL. 11.00
KIRKJUVÖLLUM 1
Sýning á teikningum eftir börn í hverfinu af óskakirkjunni þeirra og merki fyrir Ástjarnarkirkju. Sigurþór Aðalsteinsson, arkitekt og Guðrún Indriðadóttir myndlistamaður segja frá kirkjumunum sínum sem prýða kirkjuna.
Barnastarf á sama tíma.



**VÍDALÍNSKIRKJA** KL. 11.00 OG 12.00
*Vígð 1995*
Kl. 11.00: Nemendur í tónlistarnámi taka þátt í messu.
Kl. 12.00: Glærusýning á munum Garða- og Vídalínskirkju í messukaffinu.



**HAFNARFJARÐARKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1914*
Kl 10.15 Helgistund við kirkjuminnismerkið við Háagranda.
Kl 11.00 Íslensk-þýsk messa. Bókakynning og sýning á kirkjugripum í Strandbergi.
Kl 13.00 Söngdagskrá. Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur íslensk og þýsk sönglög við undirleik Gerrit Schuil. Kynning á nýútkominni bók *Kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi.*



**VÍÐISTAÐAKIRKJA** KL. 15.00
*Vígð 1988*
Hjónin Hlöðver Sigurðsson tenór og Þórunn Marinósdóttir sópran syngja íslensk lög, sálma og fleira.



**GARÐAKIRKJA** KL. 17.00
*Vígð 1880*
Jóhann Sigurðsson bæjarlistamaður Garðabæjar flytur ræðu um reiðina eftir Jón Vídalín biskup.
Kvennakór Garðabæjar flytur trúarlega tónlist undir stjórn Ingibjargar Guðjónsdóttur.



**BESSASTAÐAKIRKJA** KL. 20.00
*Vígð 1795*
Menningarkvöldvaka.
Halldóra Pálsdóttir kirkjuvörður segir frá gripum kirkjunnar og settar verða upp kynningar á hinum fögru gluggum kirkjunnar.
Sr. Friðrik J. Hjartar og sr. Hans Guðberg Alfreðsson leiða stundina.

*Suðurnes*



**KIRKJUVOGSKIRKJA** KL. 10.00
*Vígð 1861*
Lilja Dögg Bjarnadóttir flytur erindi um Kirkjuvogskirkju og muni kirkjunnar.
Tónlistarflutningur.



**YTRI-NJARÐVÍKURKIRKJA** KL. 11.00
*Vígð 1979*
Sýning á skrúða kirkjunnar í safnaðarheimili. Erindi um Ytri-Njarðvíkurkirkju og muni í eigu hennar verður í höndum sóknarnefndarfólks og sr. Baldurs Rafns Sigurðssonar.
Kirkjukór Ytri-Njarðvíkurkirkju syngur undir stjórn Gunnhildar Höllu Baldursdóttur. Kaffiveitingar í safnaðarheimili.
Barnastarf á sama tíma.



**KÁLFATJARNARKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1893*
Kór Kálfatjarnarkirkju syngur undir stjórn Franks Herlufsen. Sagt verður ágrip af sögu kirkjunnar og útskýring á hlutverki messuskrúðans.
Magnús Þór Sigmundsson syngur og leikur á gítar.



**NJARÐVÍKURKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1886*
Sýning á skrúða kirkjunnar í safnaðarheimili. Erindi um Njarðvíkurkirkju og muni í eigu hennar verður í höndum sóknarnefndarfólks og sr. Baldurs Rafns Sigurðssonar.
Kirkjukór Njarðvíkurkirkju syngur undir stjórn Dagmar Kunakova.
Kaffiveitingar í safnaðarheimili.
Barnastarf kl.11:00.



**KEFLAVÍKURKIRKJA** KL. 15.15
*Vígð 1915*
Kristján Jónsson flytur erindi um kirkjumuni í Keflavíkurkirkju.
Kór Keflavíkurkirkju verður á léttum nótum og flytur þrjá messukafla úr smiðju Jerry Estees.
Arnór B. Vilbergsson organisti sér um tónlistarflutning. Kaffi að stund lokinni.



**ÚTSKÁLAKIRKJA** KL. 16.30
*Vígð 1861*
Ávörp: Jón Hjálmarsson sóknarnefndarformaður og sr. Björn Sveinn Björnsson sóknarprestur.
Eivör Pálsdóttir flytur lög og sálma.
Kór Útskálakirkju syngur.



**HVALSNESKIRKJA** KL. 18.00
*Vígð 1887*
Ávörp: Reynir Sveinsson sóknarnefndarformaður og sr. Björn Sveinn Björnsson sóknarprestur.
Egill Ólafsson og Jónas Þórir flytja þjóðþekkta sálma. Kór Hvalsneskirkju syngur.



**GRINDAVÍKURKIRKJA** KL. 20.00
*Vígð 1982*
Safnaðarfólk flytur erindi um kirkjumuni kirkjunnar.
Kór kirkjunnar syngur. Tómas Guðni Eggertsson organisti leikur á nýtt orgel kirkjunnar.
Kaffi að stund lokinni.

*Vestmannaeyjar*



**LANDAKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1780*
Sýning í Safnaðarheimilinu á skrúða kirkjunnar og nýr hökull afhentur til minningar um sr. Jóhann Hlíðar. Listmunir úr Stafkirkjunni verða til sýnis. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Guðmundar H. Guðjónssonar, m.a. sálma sr. Jóns Þorsteinssonar frá Kirkjubæ.